

BIRGIR SIGURJÓNSSON

Fann fornþíl á Ebay

• bílar • ferðir
allt í MIÐJU BLAÐSINS



EMILIANA TORRINI

Ratar ekki lengur í Reykjavík

Saknar sundlauganna á Íslandi

VIÐTAL 24



Á FERÐ OG FLUGI með ferðatösku frá FAXE

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** TRAUSTUR FERDAFÉLAGI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. júlí 2006 – 202. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Stofnun Vigdísar

Starf Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er fjölbreytt og metnaðarfullt. Auður Hauksdóttir veitir stofnuninni forstöðu. **VIÐTAL 30-31**

Sendir frá sér ljóðabók í tilefni dagsins

Sigrún Oddsdóttir er fimmtug í dag og ætlar af því tilefni að halda dómubóð fyrir frænkur, vinkonur og mömmur. **TÍMAMÓT 20**

Hver er eftirminnilegasti sjónvarpsmaður Íslands?


Fimmtán valinkunnir einstaklingar hafa tilnefnt sex sjónvarpsmenn til titilsins eftirminnilegasti sjónvarpsmaður Íslands. Þjóðinni gefst kostur á að gefa sitt álit í kosningu á vísir.is. **SJÓNVARP 56**

Landsliðið stendur í ströngu

Körfuboltalandsliðið undirbýr sig nú af kappi fyrir Evrópumótið sem hefst í september. Sigurður Ingimundarson, þjálfari liðsins, segir að krafan sé að komast upp úr B-deildinni en hann telur sig sjaldan hafa verið með sterkari hóp í höndunum en núna. **ÍDRÓTTIR 46**

VEÐRIÐ Í DAG

BJART MEÐ KÖFLUM - Í dag verður hæg austlæg átt. Bjart með köflum víða um land, einkum þó til landsins. Hætt við þokulofni við ströndina norðan og austan til. Hiti 12-21 stig, hlýjast til landsins.



Á þriðja þúsund fá ekki háskólavist

Háskólar landsins anna ekki eftirspurn og bekkjardeildir í nokkrum háskólum eru fullsetnar. Listaháskóli Íslands, Kennaraháskólinn og Háskólinn í Reykjavík vísa langflestum nemendum frá, jafnvel þótt fólk uppfylli öll inntökuskilyrði.

MENNTAMÁL Tæplega 2.500 umsóknum um háskólanám hérlandis í haust er hafnað, samkvæmt tölum sem Fréttablaðið hefur tekið saman. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi nýnema í haust verði tæplega 5.700. Þessar tölur eru áætlaðar, þar sem einn og sami einstaklingur kann að sækja um í fleiri en einum háskóla.

Háskóli Íslands heldur ekki skrá yfir þá sem ekki komast að en þar eru reglurnar einfaldar. Allir sem hafa stúdentspróf fá inngöngu eða mega taka tilskilin inntökuþróf í deildum á borð við læknadeild.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að umsóknum er hafnað. Hluti

umsækjenda stenst ekki ýmsar sérkröfur hvers og eins skóla. Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, segir eðlilegt að fjórir til fimm sitji um hvert sæti í skólanum.

Þyngst mun þó vega að háskólar landsins eru of litlir, enda hefur eftirspurnin aukist ár frá ári. Hlutfallslega vísar Listaháskólinn flestum frá en bæði Háskólinn í Reykjavík og Kennaraháskólinn synja því sem næst annarri hverri umsókn. Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, og Kristín Hulda Sverrisdóttir, staðgengill rektors Háskólans í Reykjavík, segja marga af þeim sem frá verða að hverfa gera gott betur en upp-

UMSÓKNIR UM HÁSKÓLAVIST

| | Alls | Hafnað |
|----------------------------|-------|--------|
| Landbúnaðarhásk. Hvanneyri | 203 | 23 |
| Víðskiptahásk. á Bifröst | 900 | 300 |
| Kennaraháskóli Íslands | 1.535 | 717 |
| Listaháskóli Íslands | 500 | 375 |
| Háskólinn í Reykjavík | 1.800 | 800 |
| Háskólinn á Hólum | 203 | 43 |
| Háskóli Íslands | 2.400 | óvíst |
| Háskólinn á Akureyri | 600 | 100 |

fylla inntökuskilyrði og bekkjardeildir séu einfaldlega fullsetnar. Hyggst Háskólinn í Reykjavík taka Morgunblaðshúsið til notkunar innan tíðar undir kennslu en það dugar skammt og eru langir biðlistar eftir sæti í vinsælustu deildum skólans. - aõe



TAMÍLTÍGRAR Þessar konur berjast í uppreisnarher Tamíltígra og krefjast þess að aðildarríki ESB hafi sig á brott.

Finnar og Danir fara heim

SRI LANKA, AP Norrænu friðargæslustarfi á Sri Lanka virðist vera að ljúka í núverandi mynd. Ellefu manna herlið Finna heldur heim 1. september og haft er eftir talsmanni friðargæslunnar að Danir ætli að gera slíkt hið sama. Standa þá eftir Íslendingar, Svíar og Norðmenn, en búist er við að Svíar tilkynni einnig um brotthvarf sitt áður en langt um líður.

Tamíltígrar á Sri Lanka vilja ekki að Evrópusambandsþjóðir sinni friðargæslu á svæðinu eftir að ESB skilgreindi uppreisnarher þeirra sem „hryðjuverkahóp“.

Sænskir stjórnarereindrekar fóru þess á leit við Tamíltígrana í síðustu viku að þeir endurskoðuðu ákvörðun sína en því var hafnað. - kóp



SLÍMUG KAUPMANNAHÖFN Þeir Finn og Mikkel vinna við það þessa dagana að hreinsa þörungagróður úr tjörnum og vötnum innan bæjarmarka Kaupmannahafnarborgar en mikill ofvöxtur hleypur í gróðurinn í miklum hitum. Gróður þessi þykir ekkert augnauki og veðursældin í Evrópu er því ekki í neinu upphaldi hjá þeim sem þurfa að halda honum í skefjum. MYND/APP

Sprungur á virkjanasvæðinu

KÁRAHNJÚKAR Sprungubeltið við Kárahnjúka liggur nær framkvæmdasvæðinu en áður var talið, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar á framkvæmdasvæðinu. Fyrir framkvæmdirnar var það talið liggja tólf kílómetrum vestan við Kárahnjúkastíflu. Stíflan þolir jarðskjálfta upp á 6,2 á Richter-kvarða samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun, en ekki var talin ástæða til þess að bregðast sérstaklega við niðurstöðum rannsóknanna.

Sigurður Arnalds, talsmaður Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, segir niðurstöðurnar ekki hafa breytt framgangi framkvæmdanna á svæðinu. „Kjarni málsins er sá að þessar nýju upplýsingar skiptu ekki sköpum um heildarmynd verkefnisins við



KÁRAHNJÚKASVÆÐIÐ Sprungusvæðið er nær svæðinu en áður var talið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kárahnjúka. Ef þessar upplýsingar, sem fram hafa komið, hefðu komið fram fyrir, hefði það engu

breytt um framgang verkefnisins.“ Grímur Björnsson, jarðeðlisfræðingur og sérfræðingur í forðafræði jarðhita, segir niðurstöðu rannsóknarinnar sýna að sprungusvæðið á Kárahnjúka-svæðinu sé virkt. „Hugmyndalíkaníð af Íslandi, í jarðvísindalegu tilliti, hefur alltaf verið það að ef jarðhiti fyrirfinnst séu sprungur á því svæði virkar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að jarðhiti er á svæðinu þar sem framkvæmdirnar eru. Og það er grafalvarlegt mál.“

Niðurstöður rannsóknarinnar, sem jarðfræðingarnir Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannesson unnu, áttu í fyrstu að vera lokaðar til ársins 2015 en voru fyrir skömmu gerðar opinberar. - mh / sjá síðu 26

Enginn vinnur að rannsókn

SAMRÁÐ Ekki er unnið að rannsókn á samráði olíufélaganna hjá ríkissaksóknara þessa dagana þar sem eini starfsmaðurinn sem vinnur að málinu, Helgi Magnús Gunnarsson lögfræðingur, er í sumarfrí til 21. ágúst.

Beiðni embættisins um heimild til þess að vinna frekari yfirvinnu vegna rannsóknar á málinu var hafnað af kjaranefnd.

„Það eru allir starfsmenn embættisins hlaðnir verkum þannig að það gefst einfaldlega ekki tækifæri á því að sinna rannsókninni af meiri krafti. Eg býst við því að niðurstaða, af hálfu okkar, verði ljós á haustmánuðum,“ segir Helgi Magnús. - mh / sjá síðu 6

TÍVOLI við Smáralind

ÚTSALA Síðustu dagar útsölnnar



SPURNING DAGSINS

Björn, ert þú einkabarn?

„Nei, ég kem úr fimm systkina hópi og öll erum við einstök.“

Þæmi eru um að foreldrar sendi börn sín í einkabjálfun. Björn Leifsson er einkabjálfi og eigandi líkamræktarstöðvarinnar World Class.

Héraðsdómur Vesturlands:

Líkamsárás og flugeldaskot

DÓMSMÁL Rúmlega þrítugur maður hefur verið ákærður fyrir líkamsárás og var málið var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær.

Manninum er gefið að sök að hafa veist að öðrum manni í apríl og slegið hann hnefahögg í andlit, með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi hlaut skurð á hægri augabrún og glóðarauga.

Þá var í gær þingfest í dómnum mál á hendur rúmlega tvítugum manni fyrir að hafa í mars skotið upp nokkrum flugeldum við sumarhús í Svignaskarði í Borgarfirði, án þess að hafa tilskilið leyfi lögreglustjóra. - jss

Sofandi Seltirningum brugðið:

Vöknuðu við óboðinn gest

LÖGREGLUMÁL Hjón á Seltjarnarnesi vöknuðu við það í fyrrinótt að maður þeim alls ótengdur var að sniglast um í svefnherbergi þeirra.

Þegar skóthjúin hrukku upp með andfælum tók maðurinn á rás út úr húsinu, en fólkíð hafði þegar samband við lögreglu og gat gefið greinargóða lýsingu á mannum. Lögregla handtók hann í nágrenninu skömmu síðar.

Lögregla kannast vel við kauða, sem er á fimmtugsaldri, því hann hefur ítrekað komið við sögu hennar fyrir margvísleg afbrot. Hann var látinn gista fangageymslu um nóttina. - sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hassali tekinn Lögreglan í Reykjavík handtók hassakaupmann í fyrrakvöld sem hafði í fórum sínum 140 grömm af hassi auk sölupakkninga. Upp komst um sölu þegar höfð voru afskipti af manni í bifreið. Salinn hefur áður komið við sögu lögreglu.

Dagný Jónsdóttir segir fyrstu búsetuúrræði fyrir geðfatlaða tilbúin á þessu ári:

Unnið eins hratt og kostur er

HEILBRIGÐISMÁL Fátækt og úrræðaleysi einkenna aðstæður margra geðfatlaðra, að sögn Auðar Styrkarsdóttur, talsmanns aðstandendahóps geðfatlaðra. „Nú er búið að gera stóráttak í búsetumálum fatlaðra en geðfatlaðir sitja eftir.“

Sonur Auðar, sem á við geðsjúkdóm að stríða, getur farið í sjálfstæða búsetu eftir ár en þau úrræði eru ekki fyrir hendi nú.

Auður segir að skýrsla sem gefin var út um félagslegar aðstæður geðfatlaðra sýni að aðstæður þeirra séu í sumum tilfellum ekki boðlegar.

„Geðdeildir LSH hafa hlaupið



DAGNÝ JÓNSDÓTTIR



AUÐUR STYRKÁRSDÓTTIR

undir bagga og á Kleppspítala búa geðfatlaðir sem ættu í raun heima á samþýli.“

Dagný Jónsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, sem fer fyrir verkefnisstjórn um upp-

byggingu í þágu geðfatlaðra, segir að í stjórninni sé búið að vinna mikið starf. Hún segir að nú liggi fyrir grófur rammi um þau búsetuúrræði sem komið verði á fót á tímabilinu 2006 til 2010.

Í tengslum við verkefnisstjórnina skipaði félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarhóp sem unnið hefur að málefnum geðfatlaðra.

Dagný segir að fyrstu búsetuúrræðin fyrir geðfatlaða verði tilbúin á þessu ári. „Ég er sátt við gang mála í nefndinni,“ segir Dagný og bætir við að þar sé unnið eins hratt og kostur sé. - hs

Svartir sauðir sem ekki láta sér segjast

Premur vélhjólum var ekið á ofsahraða um götur borgarinnar í fyrrakvöld. Sama kvöld hélt vélhjólafólk minningarathöfn um einn þriggja látinna vélhjólamaða á árinu. Prestur og vélhjólamaður kallar athæfið hryðjuverk.

VÉLHJÓL Lögreglan í Kópavogi mældi vélhjól á 168 kílómetra hraða við Smáralind klukkan hálf níu í fyrrakvöld þar sem hámarkshraði er 70 kílómetrar á klukkustund. Þegar lögreglumenn hugðust veita því eftirför gaf öku- maðurinn í og tókst að stinga þá af. Lögreglan náði númeri hjólsins og leitir nú mannsins.

Lögreglan í Reykjavík stöðvaði tvo menn með stuttu millibili á Sæbraut skömmu eftir miðnætti, annan á fimmtugsaldri á 148 kílómetra hraða og hinn á fertugsaldri á 142 kílómetra hraða. Hámarks- hraði á götunni er 60 kílómetrar á klukkustund og voru mennirnir færðir á lögreglustöð til skýrslutöku og sviptir ökuréttindum.

Þá veitti lögreglan í Borgarnesi tveimur vélhjólamönnum eftirför á Vesturlandsvegi í fyrrinótt, en að sögn varðstjóra embættisins voru báðir á vel yfir 200 kílómetra hraða. Annar manna náðist en hinn slapp úr greipum lögreglunnar.

Sama kvöld fór fram gríðarlega fjölmennur fundur vélhjólamaða í Laugardalshöll þar sem rætt var um ímynd þeirra og hættur glannalegs aksturs. Að loknum fundi fór stór hópur í Heiðmörk þar sem haldin var minningarathöfn um einn þeirra þriggja manna sem látist hafa í vélhjólalýsum það sem af er ári.



GUNNAR SIGURJÓNSSON



VIÐ LAUGARDALSHÖLLINA Mikill fjöldi vélhjólamaða kom saman í Laugardalshöllinni á fimmtudagskvöld til að ræða ímynd sína og hættur sem fylgja glæfraakstri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Sá sem ók í Kópavogi var eltur á sama tíma og fundurinn átti sér stað. Ekki liggur fyrir hvort mennirnir sem teknir voru í Reykjavík höfðu verið viðstaddir minningarathöfnina, en Dagrún Jónsdóttir, einn skipuleggjenda hennar, segist ekki í vafa um það. „Þeir voru örugglega þar.“ Dagrún segir að vélhjólafólk líti á athæfi manna sem óvirdingu við málstaðinn. „Við erum ægilega svekkt. Við höldum að við værum að ná til fólks en það eru greinilega svartir sauðir sem ekki láta sér segjast.“

Gunnar Sigurjónsson, sóknarprestur í Digraneskirkju og vélhjólamaður, sem flutti ræðu á fundinum, er hissa og harðorður í garð manna. „Ég lít bara á þetta sem hreina og klára hryðjuverkastarfsemi gagnvart okkur mótörhjólamönnum. Þetta er algjörlega í andstreymi við það sem við vorum að gera í Laugardalshöllinni og setur svartan blett á alla mótörhjólamaða, þrátt fyrir að staðreyndin sé að flestir haga sér eins og menn. Við erum orðin verulega þreytt á þessu.“

stigur@frettabladid.is

Bandarísk leynifangelsi:

SP kalla eftir lokunum

GENF, AP Bandaríkjunum ber að loka öllum leynifangelsum sínum þegar í stað og heimila starfsfólki Rauða krossins aðgang að hverjum þeim fanga sem haldið er í tengslum við vopnuð átök. Þetta kemur fram í skýrslu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Bandaríkin hafa verið gagnrýnd mikið undanfarið, eftir að upp komst um leynifangelsi þeirra sem herinn er sagður reka víða um heim. Talsmaður utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna sagði nefndina ekki hafa tekið til greina mikið af upplýsingum sem það hefði útvegað henni og að niðurstöðurnar væru utan verksviðs nefndarinnar. - smk



DANIR HATAÐIR Birting skopmynda af Múhameð spámanni í dönsku blaði olli gifurlegum mótmælum meðal múslima um heim allan.

Múhameðsteikningar:

SP athuga viðbrögð stjórnar

DANMÖRK, AP Danskir múslimar hafa beðið nefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um kynþáttahatur að kanna hvort viðbrögð dönsku ríkisstjórnarinnar við birtingu Jyllandsposten á tólf skopmyndum af Múhameð spámanni í fyrra hafi brotið í bága við milliríkjasamning sem ætlað er að vinna gegn kynþáttahatri.

Íslamstrú leyfir ekki myndir af spámanninum og mótmæltu múslimar um heim allan birtingu skopmyndanna harðlega. Danska ríkisstjórnin neitaði að biðjast afsökunar og þar því við að hún hefði ekki umráð yfir tjáningarfrelsi fjölmiðla. Nefndin fundar um fylgni Danmerkur við samninginn í næstu viku, en Danir skrifuðu undir hann árið 1969. - smk

SVÍPJÓÐ

Listaverkum stolið Verðmætum listaverkum eftir Pablo Picasso, Marc Chagall og Georges Braque var stolið í vikunni. Alls höfðu listaverkafórnir tíu listaverk á brott með sér af heimili 89 ára gamallar konu í Malmö í Svíþjóð. Talið er að verðmæti verkanna samsvari um níttján milljónum íslenskra króna.

ÍPRÓTTIR

Æfingasvæði í Grafarholti Borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær að veita fimm milljónum í uppbyggingu grasæfingasvæðis í Grafarholti.

Utanríkisráðherra Íslands skrifar harðort bréf um átökin í Líbanon:

Lýsir yfir miklum áhyggjum

LÍBANON Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hefur skrifað Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, bréf þar sem hún lýsir yfir áhyggjum af ástandinu í Líbanon. Hvetur hún Ísraelsstjórn til að leita leiða til að binda enda á átökin strax.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Í bréfi sínu segir Valgerður Ísland hafa stutt Ísrael allt frá stofnun þess og tekið virkan þátt í að koma Ísrael inn í Sameinuðu þjóðirnar.

„Ég vil gera það ljóst að sem þátttakandi í alþjóðasamfélaginu er Ísland sterklega á þeirri skoðun að vopnahlé skuli komið á án tafar og að eyðilegging Líbanon sé stöðvuð,“ skrifar hún. „Einnig vil

ég taka undir með öðrum aðildaríkjum Sameinuðu þjóðanna, sem segja áráð Ísraelsmanna á starfsmenn SP í Líbanon mikið áfall.“

Hún segir Ísland gera sér grein fyrir að aðstæðurnar séu margslungnar og að Ísrael hafi brýna þörf fyrir að verja sig, en í ljósi þeirrar miklu eyðileggingar og þjóninga sem áráðir Ísraels hafa valdið í Líbanon þurfi að leita leiða til að enda átökin án tafar.

Ísland hefur jafnframt lýst yfir stuðningi við yfirlýsingu Evrópusambandsins á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem þungum áhyggjum var lýst yfir versnandi stöðu mála í Líbanon. - sfs

Í RÚSTUNUM Starfsmaður Sameinuðu þjóðanna stendur í rústum skrifstofu samtakanna sem Ísraelar sprengdu á miðvikudag. Valgerður hvetur Ísraela til að binda endi á átökin strax.



**Rýmíngar-
sala**

**Smára-
torgi**

*Verzlunin lokar
allt á að seljast*

50%
afsláttur

**af ALLRI
vöru***

**fyrstir
koma
fyrstir fá**



* Gegn staðreiðslu og gildir ekki með öðrum tilboðum.

HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 28.7.2006

KAUP SALA

| | | |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 72,85 | 73,19 |
| Sterlingspund | 135,38 | 136,04 |
| Evra | 92,33 | 92,85 |
| Dönsk króna | 12,375 | 12,447 |
| Norsk króna | 11,735 | 11,805 |
| Sænsk króna | 9,996 | 10,054 |
| Japanskt jen | 0,6301 | 0,6337 |

SDR 107,67 108,31

Gengisvísitala krónunnar

127,9599

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sendiherra Rússlands á Íslandi segir rússneska herinn ekki væntanlegan:

Engar æfingar við Ísland

HERÆFINGAR Rússneski herinn mun ekki halda neinar flotaæfingar nærri Íslandi nú eða síðar á þessu ári, að sögn Victors I. Tatarintsev, sendiherra Rússlands á Íslandi.

„Við komumst að því í gegnum fjölmiðla nýverið að íslensk félagsamtök, þar með talin Samtök herstöðvaandstæðinga, hefðu áhyggjur af því að herflotaæfingar yrðu haldnar við Ísland, svo við sendum inn fyrirspurn og fengum opinbert neikvætt svar í morgun frá yfirmanni rússneska sjóhersins,“ sagði Tatarintsev í samtali við Fréttablaðið.

Hann sagði að þó engin bein fyrirspurn hefði borist rússneska sendiráðinu varðandi málið hefði hann tekið spurninguna til sín.

„Þetta voru óbeinar spurningar, en spurningar samt sem áður og því ákváðum við að leita upplýsinga um málið, enda er það réttur hvers einstaklings að spyrja spurninga sem þessara og starf okkar að svara þeim, sérstaklega þegar kemur að málefnum hersins,“ sagði Tatarintsev.

Samtök herstöðvaandstæðinga gagnrýndu í júní meistar



RÚSSNESKT HERSKIP Flotaæfingar eru ekki ráðgerðar hér við land á þessu ári.

fyrirhugaðar æfingar rússneskra herskipa í grennd við Ísland og óttuðust félagar samtakanna að með í för yrðu kjarnorkuknúin farartæki og skip sem gætu verið búin kjarnavopnum.

- smk

Úrskurður um lækkuð gjalda:

Ekki ákveðið með áfrýjun

FJARSKIPTI Stjórn Og Vodafone hefur ekki enn ákveðið hvort úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar um skyldulækkuð á lúkningagjöldum verði áfrýjað.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur skyldað farsímafélögin til þess að lækka lúkningagjöld niður í 7,49 krónur á mínútu fyrir 1. júní 2008. Lækkunin verður í fjórum þrepum og er fyrsta lækkunin 1. september næstkandi.

Forstjóri Og Vodafone greindi frá því í gær að fyrirtækið ihugaði að áfrýja úrskurðinum. Síminn fagnar lækkuninni, þar sem hún sé til hagsbóta fyrir neytendur.

- mh

Varað við erlendum manni:

Reynir að nota falsaðar evrur

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík varar við erlendum karlmanni sem reynt hefur að koma fölsuðum evrum í umferð. Maðurinn talar þjagaða ensku, er lágvaxinn, dökkur yfirlitum og líklega með gleraugu. Til hans hefur bæði sést við BSÍ í Reykjavík og í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði.

Lögreglan veit um eitt tilfelli þar sem maðurinn bauð tóðar evrur í skiptum fyrir bifreið en af þeim viðskiptum varð ekki. Fólk sem tekur við evrum í viðskiptum sínum er beðið að grandskoða útlit seðlanna vel og láta lögreglu vita ef það verður vart við eitthvað óeðlilegt.



ÁFRAMHALDANDI ÁRÁSIR Ísraelskur hermaður ber sprengju að skriðdreka áður en sveit hans hélt inn í Líbanon í gær. Á sjöunda hundrað Líbanar hafa farist í átökunum undanfarnar rúmar tvær vikurnar og yfir fimmtíu Ísraelar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísrael var ekki gefið „grænt ljós“ á árásir

Sameinuðu þjóðirnar fjarlægja óvopnaða eftirlitsmenn sína úr Suður-Líbanon, því árásir Ísraels á Líbanon halda áfram og svara liðsmenn Hizbollah enn í sömu mynt. Talið er að á sjöunda hundrað Líbanar hafi farist í árásunum.

LÍBANON, AP Ísraelar fengu ekki „grænt ljós“ á áframhaldandi árásir á Líbanon, þótt engin niðurstaða hafi fengist á alþjóðaráðstefnunni um Líbanon í Róm á miðvikudag. Þetta kom fram í máli Adam Erelí, talsmanns utanríkisráðherra Bandaríkjanna í gær. Tók hann þar undir með Erkki Tuomioja, talsmanni Evrópusambandsins, sem lét sömu orð falla í fyrradag.

Haim Ramon, dómsmálaráðherra Ísraels, hélt þessu hins vegar fram á fimmtudag, enda hefur árásur Ísraels á Líbanon ekki linn þó dragi nú úr mannfalli þar sem flestir hafa flúið átakasvæðin. Liðsmenn Hizbollah-samtakanna svara áfram í sömu mynt og skutu nýrri tegund öflugra sprengja á Ísrael í gær.

Sameinuðu þjóðirnar ákváðu í gær að færa óvopnaða alþjóðlega

eftirlitsmenn sína frá bælistöðum sínum í Suður-Líbanon. Ákvörðunin var tekin eftir að Ísraelar skutu ítrekað á bælistöðvar eftirlitsmanna síðastliðinn þriðjudag, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli frá SP um að hætta þeim. Fjórir eftirlitsmenn fórust í árásunum.

Talsmenn SP hafa farið fram á að taka þátt í rannsókn hersins á þeim árásunum, en Dan Gillerman, sendiherra Ísraels hjá SP, sagði í gær það ekki koma til greina.

George W. Bush tilkynnti á blaðamannafundi í Washington í gær að Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, færi aftur til Mið-Austurlanda nú um helgina. Haft var eftir Rice að hún ætlaði sér að koma á „varanlegu“ vopnahléi.

Átökin valda sífellt meiri usla í alþjóðapólitík og hafa nær öll þau ríki sem teljast til bandamanna

Bandaríkjanna, auk Evrópusambandsins og SP, kallað eftir tafarlausu vopnahléi og lofað Líbanon aðstoð.

Bandaríkjamenn hafa hins vegar sagt að áður en til vopnahlés komi verði að semja um varanlegan frið milli Hizbollah og Ísraels.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, fundaði með George W. Bush Bandaríkjaforseta í gær og sagðist ætla að leita samþykktar öryggisráðs SP snemma í næstu viku á ályktun sem gæti orðið grundvöllur vopnahlés. Blair sætir nú auknum þrýstingi heima fyrir um að sýna samstöðu með ESB og SP, frekar en Bandaríkjunum.

Sameinuðu þjóðirnar munu halda fund á mánudag með þeim löndum sem gætu boðist til að senda liðsmenn í alþjóðlegt friðargæslu sem sent yrði til Líbanons.

smk@frettabladid.is



Á HLIÐINNI Billinn var mannlaustr þegar hann valt.

MYND/DANIEL GEIR

Vörubíll á Norðfirði:

Féll á hliðina

LÖGREGLUMÁL Vörubíll valt á hliðina í Bakkabakka á Norðfirði um hádegisbil í gær. Var verið að hífa byggingarefni af palli bílsins og varð þunginn til þess að hann valt.

Enginn var í bílnum þegar óhappið átti sér stað en bílstjórinn var að vinna við stjórnúnað kranans. Bíllinn slapp mjög vel og var honum ekið af vettvangi þegar hann var kominn á réttan kjöl.

- sh

ATHUGASEMD

Varðandi myndbirtingu með fréttinni um eldri borgara á síðu 2 í blaðinu á fimmtudaginn s.l. skal það tekið fram að konan á myndinni tengist ekki fréttinni á nokkurn hátt. Hún er mjög ánægð með sitt hjúkrunarheimili sem er nálægt fyrra heimili hennar.


MIÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

MS drykkjaryörur í útileguna

MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

| | | | | | |
|---------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 27°C léttskýjað | London | 25°C léttskýjað | Alicante | 32°C léttskýjað |
| Billund | 27°C léttskýjað | Paris | 26°C léttskýjað | Mallorca | 30°C léttskýjað |
| Oslo | 27°C þrumur | Frankfurt | 28°C skúrir | Algarve | 31°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 25°C skúrir | Friedrichshafen | 24°C skúrir | Krit | 28°C léttskýjað |
| Gautaborg | 23°C skýjað | Berlin | 36°C skýjað | Las Palmas | 25°C heiðskirt |

* Vindhraði er í místrum á sekúndu.

Fjármálaráðherra:

Frumvarp um endurgreiðslur

STJÓRN MÁL Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra ætlar að leggja fram frumvarp þegar Alþingi kemur saman í haust til að leiðrétta þær skerðingar sem orðið hafa á vaxtabótum.

Um 10.000 færri einstaklingar fá vaxtabætur nú en í fyrra og helsta ástæðan er hækkun fasteignaeignamats sem nemur allt að 35 prósentum árið 2005. Greiðslur vaxtabóta eru um 700 milljónum lægri nú en í fyrra samkvæmt álagningarseðlum yfirvalda en framteljendum fjölga þó um 2,9 prósent á milli ára. Ráðherra ætlar að kanna hvort eðlilegt sé að greiða dráttarvexti af þeim vaxtabótum sem greiddar verða.



ÁRNI M. MATHIESEN

Um 10.000 færri einstaklingar fá vaxtabætur nú en í fyrra og helsta ástæðan er hækkun fasteignaeignamats sem nemur allt að 35 prósentum árið 2005. Greiðslur vaxtabóta eru um 700 milljónum lægri nú en í fyrra samkvæmt álagningarseðlum yfirvalda en framteljendum fjölga þó um 2,9 prósent á milli ára. Ráðherra ætlar að kanna hvort eðlilegt sé að greiða dráttarvexti af þeim vaxtabótum sem greiddar verða.

- sh

Úrskurður í Tromsø:

Togarar greiða lausnargjald

OSLÓ, AP Norskir dómstólar hafa dæmt spænska útgerð til að greiða rúmar 342 milljónir króna í lausnargjald fyrir þrjá togara sem gripnir voru við ólöglegar þorskeiðar nálægt Svalbarða fyrr í mánuðinum. Greiðslan er innborgun á endanlega sekt útgerðarinnar, sem verður ákveðin fyrir dómstólum seinna á árinu.

Saksóknarinn í Tromsø fór fram á 890 milljónir króna í refsingu fyrir að veida um 600 tonn af þorski ólöglega. Lögreglingur útgerðarinnar var ánægður með útkomu mála og sagði að til stæði að kæra norsku landhelgisgæsluna fyrir frelsissviptingu, eignanám og ólöglega leit, á þeim grundvelli að fiskislóðir kringum Svalbarða tilheyri ekki Norðmönnum einum.

- kóp



KB BANKA MÓTARÖÐIN 2006

HÁPUNKTUR GOLFSUMARSINS

Fylgstu með bestu kylfingum landsins á Íslandsmóttinu í höggleið
29. og 30. júlí á Urriðavelli við Heiðmörkina.

Allir velkomnir!



KB banki er aðalsamsarfsaðili Golfsambands Íslands





KJÖRKASSINN

Ert þú fylgjandi eyðingu máva?

| | |
|-----|-----|
| Já | 47% |
| Nei | 53% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú fylgjandi birtingu álagningaskráa?

Segðu skoðun þína á Vísi.is



Osta- og smjörسالan krefst þess að Mjólka hætti sölu á fetaosti sínum:

Sakaðir um blekkingarleik

FETAOSTUR Osta- og smjörسالan hefur sakað Mjólku um að herma eftir umbúðum fetaosts fyrirtækisins og krefst þess að Mjólka hætti sölu síns fetaosts án tafar.

Í fréttatilkyningu frá fyrirtækinu segir að nýverið hafi Mjólka byrjað að nota sexhyrnda krukku með hvítu loki undir sinn fetaost, sem heitir Feti, en fetaostur Osta- og smjörسالunnar hafi verið seldur í þannig krukku í mörg ár. Einnig séu umbúðir fetaosts Mjólku sláandi líkar umbúðunum sem notaðar eru undir fetaost Osta- og smjörسالunnar. Magnús Ólafsson, forstjóri Osta- og smjörسالunnar, segir að til-

gangur Mjólku sé að rugla neytendur í ríminu.

Ólafur Magnússon, forstjóri Mjólku, þvertur fyrir því að eftirlíkingu sé að ræða. „Við erum stoltir af okkar vörumerki og merkjum krukunnar vel með merki Mjólku. Það að fetaostur sé seldur í sexhyrnda krukku er ekkert nýmæli enda er það komið frá Grikkjum, sem eiga nafnið feta. Okkar vörumerki, Feti, er lögverndað, sem er annað en Osta- og smjörسالan getur sagt.“

Hann segir þessa kröfu enn eina tilraun Osta- og smjörسالunnar til að drepa samkeppni með öllum tiltækum ráðum. - sfs



FETAOSTAR FYRIRTÆKIJANNA Fetaostur Osta- og smjörسالunnar er í miðjunni en fetaostur Mjólku er á endunum. Osta- og smjörسالan segir Mjólku herma eftir umbúðum sínum.

Dreifing Fréttablaðsins:

Blaðið borið út að nóttu til

FRÉTTABLAÐIÐ Miklar breytingar verða gerðar á dreifikerfi Fréttablaðsins á næstunni. Á höfuðborgarsvæðinu verður blaðið nú borið út á nóttunni en ekki milli sex og sjö og morgni eins og nú. Talsverð uppstokkun verður í blaðberahópnum á þeim svæðum sem þessar breytingar ná til þar sem bannað er að ráða unglinga til starfa um nætur.

Á næstu dögum verður auglýst eftir fullorðnu fólki í fullt starf við að bera út frá klukkan eitt að nóttu til sjö. Stjórnendur Pósthússins, sem annast dreifingu Fréttablaðsins, telja breytingarnar óhjákvæmilegar vegna aukinna krafna um áreiðanleika. - sfs

Ung stúlka í umferðarslysi:

Slasaðist þegar bíll lenti á tré

SLYS Stúlka um tvítugt var flutt slösuð á Landspítalann í Fossvogi á öðrum tímanum í fyrrinótt eftir að bíll var ekið upp á hringtorg á gatnamótum Hringbrautar og Suðurgötu með þeim afleiðingum að hann hafnaði á tré. Að sögn lögreglu ók ökumaðurinn, sem var um tvítugt líklega heldur geyst og missti stjórn á bílnum. Ekkert farþegasæti var frami í bílnum og kastaðist stúlkan, sem sat í aftursætinu, á mælaborðið.

Hún hlaut talsverða höfuð-, andlits- og brjóstáverka, en að sögn lækni á Landspítalanum var hún aldrei í lífshættu. - sh



MÓTMÆLASTAÐA Mönnun var heitt í hamsi í mótmælastöðu herstöðvaandstæðinga í gær.

Herstöðvaandstæðingar:

Kröfðust friðar í Líbanon

MÓTMÆLI Samtök herstöðvaandstæðinga efndu til mótmælastöðu fyrir framan bandaríska sendiráðið við Laufásveg í Reykjavík vegna stríðsins í Líbanon í gær.

Á fundinum létu um 200 íslenskir friðarsinnar í ljósi andstöðu sína við stuðning Bandaríkjanna við árástarstefnu Ísraelsríkis á hendur nágrönnum sínum. Kröfðust þeir þess að íslensk stjórnvöld skipuðu sér í raðir þeirra ríkja sem krefjast friðar í Líbanon og að alþjóðalög yrðu virt. Mótmælastaðan fór friðsamlega fram í alla staði þótt mönnum hefði verið heitt í hamsi. - shá

Enginn að vinna að rannsókn á samráði

Eini starfsmaður ríkissaksóknara sem vinnur að rannsókn á samráði olúfélaganna er í sumarfrí og liggur vinna við rannsóknina því niðri til 21. ágúst. Kröfu um heimildir til fleiri vinnustunda við málið var hafnað af kjaranefnd.

SAMRÁÐ Enginn starfsmaður ríkissaksóknara vinnur að rannsókn á samráði olúfélaganna, eins og mál standa nú, en Ríkislögreglustjóri sendi málið frá sér til embættisins 17. nóvember á síðasta ári.

Eini starfsmaðurinn sem unnið hefur að málinu, Helgi Magnús Gunnarsson lögfræðingur, er í sumarfrí til 21. ágúst og á meðan verður ekki unnið að framgangi málsins, samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara.

Helgi Magnús segir ríkissaksóknara hafa óskað eftir því að fá leyfi til þess að leggja meiri kraft í rannsókn málsins, með því að vinna meiri yfirvinnu, en þeirri beiðni var hafnað. „Það var óskað eftir rýmri heimild til að vinna lengri vinnudaga til þess að geta flýtt rannsókn málsins en því var hafnað af kjaranefnd. Það eru allir starfsmenn embættisins hlaðnir verkum þannig að það gefst einfaldlega ekki tækifæri á því að sinna rannsókninni af meiri krafti. Ég býst við því að niðurstaða, af hálfu okkar, verði ljós á haustmánuðum.“

Helgi Magnús vildi ekki láta uppi hversu margir einstaklingar væru til rannsóknar vegna málsins, en í Fréttablaðinu 1. febrúar á þessu ári var haft eftir Helga Magnúsi að 34 einstaklingar hefðu réttarstöðu sakbornings í málinu. Það kann að hafa breyst eftir því sem á rannsókn málsins hefur liðið.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri samkeppniseftirlitsins, telur brýnt að samráðsmál af þeirri stærðargráðu sem nú er til rann-



SAMSTARF OLÚFÉLAGANNA Einn starfsmaður ríkissaksóknara hefur unnið að rannsókninni á samráði olúfélaganna, frá því embættið fékk málið frá Ríkislögreglustjóra 17. nóvember á síðasta ári.



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

sóknar hjá ríkissaksóknara fái eins skjóta meðferð og kostur er. „Það er almennt viðurkennt að samráðsmál af þessu tagi geta verið alvarleg fyrir samfélagið og varða almannahagsmunum. Það er því mjög brýnt að unnið sé að framgangi rannsókna á slíkum málum, af eins miklum hraða og kostur er.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vildi ekki svara því

hvort hann teldi að unnið væri að rannsókn á samráði olúfélaganna að nægilegum krafti, og beindi spurningum til „ríkissaksóknara til að svara þessu erindi“.

Rannsókn samkeppnisyrvalda á samráði olúfélaganna hófst með húsleit í aðalskrifstofum félaganna 18. desember 2001. Hinn 28. október 2004, eftir að rannsókn á vegum eftirlitsins lauk, sektaði samkeppnisráð olúfélögin um 2,6 milljarða fyrir brot gegn samkeppnislögum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála gaf út úrskurð sinn 29. janúar 2005 og lækkar sektir félaganna um rúman milljarð, í 1,5 milljarða.

magnush@frettabladid.is



KLAMBRATÚN Unnið var hörðum höndum að undirbúningi tónleikanna í gær.

Rafmagnskaplar í Klambartúni:

Túnið rafvætt fyrir Sigur Rós

TÓNLEIKAR Rafmagnskaplar hafa verið grafnir niður í göngustíga á Klambartúni til að sjá tónleikum Sigur Rósar á morgun fyrir rafmagn. Að sögn Svanhildar Konráðsdóttur, forstöðumanns Höfuðborgarstofu, munu rafmagnskaplarinn verða í túninu um ókomna tíð. Þannig sé þeim möguleika haldið opnum að fleiri hljóm-sveitir geti haldið tónleika á svæðinu á komandi árum.

Búist er við mörgum gestum á tónleikana, sem eru hluti af ferðalagi Sigur Rósar um Ísland, og segist Svanhildur hafa heyrt af því fregnir að fólk hafi jafnvel frestað utanlandsferðum til að missa ekki af tónleikumunum. - sh

Formaður samgöngunefndar:

Tengivagnar verði bannaðir

SAMGÖNGUMÁL Tengivagnar ættu að vera bannaðir við olíu- og vöruflyttinga, að mati Guðmundar Hallvarðssonar, formanns samgöngunefndar Alþingis. „Þetta verðum við að gera þar til vegakerfið er komið í staðlað form, og vegirnir verða sjö og háls metra breiðir;“ segir Guðmundur. „Ef sjóflutningar lognast af verður að stoppa þessi ósköp þar til vegakerfið er komið í lag. Sveitarfélög og ríki þurfa að taka á þessum hafnarmálum, því svona tengivagnar geta verið stórhættulegir, það þekkja allir sem hafa ekið um þjóðvegina,“ segir Guðmundur. - sgj

Háskólastúdentar sem eiga börn eru í vanda:

Biðlistar eru á öllum leikskólum

LEIKSKÓLAR Nemendur við Háskóla Íslands sem eiga börn eru í miklum vandræðum með að koma þeim fyrir á leikskólum Félagsstofnunar stúdenta. Stofnunin rekur þrjá leikskóla og tekur við rekstri eins, Leikgarðs, hinn 1. september næstkomandi. Þá verður rekstri leikskólans við Efríhlíð hætt svo leikskólar stofnunarinnar verða enn þrír.

Að sögn Guðrúnar Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Félagsstofnunar stúdenta, eru biðlistar á leikskóla stofnunarinnar algengir.

„Varðandi Leikgarð er bara ekki enn ljóst hversu mörg pláss losna þegar við tökum við leikskólunum í haust. Því þurfa margir enn að bíða eftir svari.“

Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, segir ekki nýtt að stúdentar eigi erfitt með að koma börnum



LEIKGARÐUR Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta segir ekki enn ljóst hversu mörg pláss losni þegar stofnunin tekur við rekstri Leikgarðs í haust.

sínum inn á leikskóla en Félagsstofnun stúdenta hafi gert sitt besta til að mæta þeirri þörf. Hann segist ánægður með að stofnunin hafi tekið við rekstri Leikgarðs, þar sé verið að mæta þörfum for-

eldra með yngstu börnin. Töluverðar óánægju varð vart meðal starfsfólks Leikgarðs þegar ljóst varð að Félagsstofnun stúdenta tæki við rekstrinum en Guðrún segir búið að leysa vandann. - sfs

Bavaria, hollenskur gæðabjór:



Kom best út í blindprófun

Bavaria bjórin kom best út í könnun sem hollenska dagblaðið De Telegraaf gerði á dögnum.

10 vinsælar tegundir af bjór voru prófaðar með blindprófi og fékk Bavaria bjórin hæstu einkunn.

| | | |
|----|--------------|-----|
| 1 | Bavaria | 7.4 |
| 2 | Grolsch | 6.7 |
| 3 | Best (Dirk) | 6.4 |
| 4 | Dommelsch | 6.1 |
| 5 | Amstel | 6.0 |
| 6 | Vaandel | 5.8 |
| 7 | Euroshopper | 5.0 |
| 8 | Finkbräu | 4.7 |
| 9 | Heineken | 4.6 |
| 10 | Albert Heijn | 4.3 |

LÉTTÖL

Pottþétt partí í poka!

Komdu í verslanir Og Vodafone og nýttu þér frábær tilboð!



Vertu þín eigen útvarpsstöð!

Partípokinn er með vasa fyrir farsíma ① og mp3 spillara ③. Öll tækin geta tengst beint í innbyggða hátalara sem eru á burðarböndum pokans ⑤ en þú getur að sjálfsgöðu líka tengt heyrnartól í græjurnar. Þú getur hækkað og lækkað á símanum eða á pokanum sjálfum ②. Ef þú ert að hlusta á tónlist þegar síminn hringir þá slökknar á tónlistinni sjálfkrafa og þú getur svarað í símann með því að ýta á takka á burðaról pokans. Pokinn hefur gott geymslupláss m.a. fyrir tölvu og geisladiska ④.

Verð fyrir
Og1 viðskiptavini
7.900 kr.

Almennt verð
12.900 kr.

Verð fyrir eigendur
Vodafone live! síma
9.900 kr.



Handfrjáls búnaður
20% afsláttur í júlí og ágúst



Nokia 6230i
Tilboðsverð: 24.900 kr.
Verð áður 28.900 kr.
(Vodafone live! sími)

Komdu í heimsókn!

Kíktu við í næstu verslun Og Vodafone eða skelltu þér á ogvodafone.is.

NOKIA
Connecting People

Skullcandy™



Heyrumst!

Ferðafélag Íslands vígði brú yfir ána Farið á fimmtudagskvöld:

Ný brú skapar aukið öryggi

HÁLENDI Ferðafélag Íslands vígði á fimmtudagskvöld nýja brú yfir ána Farið sem er til móts við Einiellið um einn og hálfan kílómetra í suðvestur frá skála félagsins.

Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður fór þessa leið í fyrirasumar og sagði brúarleysið hafa bætt fjórum til sex tímum við ferðina. „Ég skrifaði um það í gestabókina við Hagavatn að það hefði gert okkur daginn talsvert erfiðari að hafa ekki brú á þessum stað. Það er mjög erfið gönguleið þarna þegar það þarf að krækja fyrir Hagavatn og ganga upp á Hagafellsjökul en

nú er hægt að fara beina leið yfir Farið með tilkomu brúarinnar.“

Steingrímur segir spennandi að fara hina leiðina fyrir þá sem vilja leggja það á sig en þægindi og öryggi fylgi því að hafa þessa brú. „Þarna verður til mjög skemmtileg gönguleið þar sem til dæmis er hægt að fara að Bláfellshálsi, ganga með Jarlhettunum, koma við hjá Hagavatni, fara svo yfir Farið og áfram.“

Ferðafélag Íslands hefur látið byggja þrjár brýr á Farið, tvær uppi við útfall vatnsins og aðra á klöppunum neðan útfallsins. Nýja brúin er enn neðar og í beinni leið frá skálanum að Mosaskarði. - *sdg*



NÝJA BRÚIN Brúnni er ætlað að vera fær gangandi mönnum, vélsleðum og jafnvel hestum ef varlega er farið.

MYND/SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

Sendiráð BNA í London:

Nágrannarnir segjast í hættu

LONDON, AP Nágrannar bandaríska sendiráðsins í London saka bresk stjórnvöld um að veita þeim ekki vernd gegn hugsanlegum árásum hryðjuverkamanna.

Nágrannarnir hafa bundist samtökum og krefjast þess að tveimur götum, sem sendiráðið stendur við, verði lokað. Samtökin birtu á fimmtudag opnauglýsingu í breska dagblaðinu Times og bandaríska dagblaðinu Washington Post til að leggja áherslu á kröfur sínar.


Bandaríska sendiráðið tók bygginguna, sem stendur við Grosvenor Square, í notkun árið 1960. - *gb*



VEISTU SVARID?

- 1 Hver er markahæst í Landsbankadeild kvenna í fótbolta?
- 2 Hvers lenskt var dagblaðið sem birti skopmyndir af Ehuð Olmert?
- 3 Hvar fundust bækur við uppgröft nýverið?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50



REYKJAVÍK

Ármann Ármannsson
160.848.115 kr.

Aðalsteinn Karlsson
132.917.861 kr.

Hreiðar Már Sigurðsson
110.032.665 kr.

Sigurður Helgason
92.206.665 kr.

Jákup á Dul Jacobsen
92.061.383 kr.

Pórarinn Elmar Jensen
87.504.752 kr.

Ingunn Gyða Wernersdóttir
83.923.596 kr.

Jón Ásgeir Jóhannesson
75.053.462 kr.

Auður Einarsson
69.611.490 kr.

Jón Hjartarson
65.852.791 kr.

VESTURLAND

Einar S. Ólafsson, Eyja- og Miklaholtshreppi
54.186.285 kr.

Jóhannes S. Ólafsson, Akranesi
48.387.511 kr.

Ólafur Ólafsson, Eyja- og Miklaholtshreppi
21.533.963 kr.

Víðar Björnsson, Stykkishólmi
20.091.719 kr.

Hörður Sigurðsson, Stykkishólmi
20.012.148 kr.

VESTFIRÐIR

Ólafur Magnússon, Patreksfirði
18.958.161 kr.

Guðmundur R. Guðmundsson, Drangsnesi
17.305.871 kr.

Ásgeir Guðbjartsson, Ísafirði
12.384.524 kr.

Jakob Valgeir Flosason, Bolungarvík
12.492.362 kr.

Falur Þorkelsson, Bolungarvík
9.991.150 kr.

NORÐURLAND VESTRA

Ómar Ragnarsson, Blönduósi
9.821.051 kr.

Ásgrímur Gunnar Júlíusson, Siglufirði
9.419.979 kr.

Pórlófur Gíslason, Sauðárkróki
7.180.566 kr.

Hjördis Jónsdóttir, Húnavatnshreppi
7.022.334 kr.

Eliás Guðmundsson, Húnaþingi vestra
6.372.180 kr.

Skattgreiðendur sjö þúsund fleiri en 2005

Metfjöldgun skattgreiðenda á síðasta ári stafar aðallega af vaxandi fjölda erlends vinnuafls hér á landi. Sjö af tíu gjaldhæstu einstaklingum landsins búa í Reykjavík. Skattskrár eru öllum aðgengilegar til 11. ágúst næstkomandi.

ÁLAGNING Framteljendum á Íslandi fjölgaði meira á síðasta ári en dæmi eru um áður. Fjölgunin frá árinu á undan nam 6.900 manns og stafar hún fyrst og fremst af auknum fjölda útlendinga sem eru hér við störf.

Heildarfjöldi framteljenda að þessu sinni er 241.344 og greiða þeir samtals 163,5 milljarða króna í tekjuskatt og útsvar. Er það 13 prósent hækkun frá fyrra ári. Frá þessari upphæð dragast síðan tæpir átta milljarðar króna sem koma til útborgunar um mánaðamótin í formi vaxta- og barnabóta auk ofgreiddra staðgreiðslu og fyrirframgreiddra skatta af tekjum síðasta árs.

Greitt útsvar til sveitarfélaga á síðasta ári nam alls 77,7 milljörðum króna og hækkar um 12,5 af hundraði frá árinu á undan. Útsvarsgreiðendur eru samtals

10 GJALDHÆSTU EINSTAKLINGARNIR Á ÖLLU LANDINU

- 1 Arngrímur Jóhannesson
170.809.499 kr.
- 2 Ármann Ármannsson
160.848.115 kr.
- 3 Aðalsteinn Karlsson
132.917.861 kr.
- 4 Guðmundur A. Birgisson
127.494.394 kr.
- 5 Hreiðar Már Sigurðsson
110.032.665 kr.
- 6 Halldór Jón Kristjánsson
94.348.461 kr.
- 7 Sigurður Helgason
92.206.665 kr.
- 8 Jákup á Dul Jacobsen
92.061.383 kr.
- 9 Pórarinn Elmar Jensen
87.504.752 kr.
- 10 Ingunn Gyða Wernersdóttir
83.923.596 kr.



REYNDU AÐ HINDRA AÐGENGI AÐ SKATTSKRÁM Forystumenn Sambands ungra sjálfstæðismanna, þeir Ýmir Örn Finnbogason og Borgar Þór Einarsson, mættu á skrifstofu Skattstjórnars í Reykjavík í gær og reyndu að koma í veg fyrir aðgengi almennings að skattskrárum.

234.171 og álagt útsvar á hvern gjaldanda hækkar um níu prósent frá ári til árs.

Reykvíkingar og Reyknesingar greiða hæstu meðalálagninguna en lægst er hún á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum. Þannig koma sjö af tíu gjaldhæstu einstaklingunum að þessu sinni frá Reykjavík, tveir úr skattaumdæmi Reykjaness og einn af Suðurlandi.

Arngrímur Jóhannesson, sem lengst af hefur verið kenndur við flugfélagið Atlanta, er skattakóngur ársins með ríflega 170 milljónir króna í heildargjöld.

Næstur honum kemur Ármann Ármannsson, útgerðarmaður í Reykjavík, með liðlega 160 milljónir og Aðalsteinn Karlsson, sem heildverslun A. Karlsson er kennd við, er þriðji með tæpar 133 milljónir króna í heildargjöld.

Eins og venja er liggja álagningaskrár frammi hjá embættum skattstjóra um allt land í tvær vikur eða til 11. ágúst næstkomandi að þessu sinni. Misjöfn ánægja er með þessa ráðstöfun, þannig reyndu ungir sjálfstæðismenn að hindra aðgengi almennings að skattskrár í Reykjavík í gær. *ssal@frettabladid.is*

Arngrímur Jóhannesson er skattakóngur Íslands 2006:

Greiðir rúmar 170 milljónir

ÁLAGNING Arngrímur Jóhannesson flugmaður, oft kenndur við flugfélagið Atlanta, er sá einstaklingur sem greiðir hæst opinber gjöld árið 2006. Samtals greiðir hann tæpa 171 milljón króna í tekjuskatt og útsvar.

Arngrímur stofnaði flugfélagið Air Atlanta árið 1986 ásamt þáverandi eiginkonu sinni, Þóru Guðmundsdóttur, en hann seldi hluta af eign sinni í félaginu í fyrra þegar það varð hluti af Avion Group. Er þar að hluta til komin skýringin á því að Arngrímur greiðir jafnháa skatta í ár og raun ber vitni. Hann segir það þó enga sérstaka tilfinningu að vera skattakóngur. „Ég gerði bara mitt framtal eins og hver annar maður og velti því ekkert fyrir mér hvort



ARNGRÍMUR JÓHANNESSON FLUGSTJÓRI Átti von á að þurfa að greiða háa skatta en velti því ekki fyrir sér hvort hann yrði skattakóngur.

ég yrði hæstur,” segir hann og kveðst ætla að borga sína skatta eins og til er ætlast. „Endurskoðandinn minn sagði mér frá því fyrir nokkru að þetta yrði niður-

staðan og það eina sem ég vissi ekki var að ég yrði efstur,” segir Arngrímur Jóhannesson, flugstjóri og stjórnarmaður í Avion Group. - *ssal*

tveir fyrir einn
á aðeins 100 þús.



Nissan Sunny '91 ekinn aðeins 124.000 + Combi Camp 2000 (sá appelsínuguli). Hafa fengið afbragðsviðhald. Seljast saman á aðeins 100.000. Upplýsingar í síma 844 7920.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Skólavörur á ótrúlegu verði

55%
afsláttur



TILBOÐ
3.999 kr
Verð áður 8.999,-

55%
afsláttur



TILBOÐ
3.999 kr
Verð áður 8.999,-

Vandaðar skólatöskur

- 22 lítra
- Bólstrað bak og bönd
- 2 festingar að framan
- harður gúmmíbotn



Verð frá
333 kr

Mikið úrval af pennaveskjum



Skólataska

Gott verð
3.330 kr



Sundpokar



Gott verð
765 kr

Gildir til 2. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.291 +0,61% Fjöldi viðskipta: 231
Velta: 2.750 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Alfesca +2,50%
Bakkavör +2,37%
Mosaic +1,82%

MESTA LÆKKUN

↓ Atorka -0,82%
KB banki -0,42%
Actavis -0,16%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 61,70 -0,16% ... Alfesca 4,10 +2,50% ... Atlantic Petroleum 585,00 +0,86% ... Atorka 6,05 -0,82% ... Avion 32,70 +0,62% ... Bakkavör 47,60 +2,37% ... Dagsbrún 5,46 +1,68% ... FL Group 15,50 +0,00% ... Glitnir 16,80 +1,82% ... KB banki 707,00 -0,42% ... Landsbankinn 20,60 +1,48% ... Marel 73,90 +0,82% ... Mosaic Fashions 16,80 +1,82% ... Straumur-Burðarás 15,80 +1,28% ... Össur 108,50 +1,40%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Hagnast á hitanum

Salan hjá Bakkavör hefur gengið vel í sumar sökum einmuna veðurlíðu á Bretlandseyjum og í mestallri Evrópu. Félagið er einn stærsti framleiðandinn á Bretlandseyjum í ferskum tilbúnum matvælum eins og salati og tilbúnum réttum sem seljast eins og heitar lummur þegar hlýna tekur. Er frábært til þess að vita að íslenskir fjárfestar skuli annars vegar græða á hitabylgjunni í Evrópu og hins vegar losna undan áreiti af hennar völdum.

Hins vegar er ekki þar með sagt að hitinn sé ávallt góður og kemur það berlega í ljós í ofsahitanum undanfarna daga þar sem hvert hitametíð fellur. Þegar hitastigið er komið yfir 35 stig hætta Bretarnir nefnilega að borða og hella í sig vatni og öli.

Beggja vegna borðs

Á þriðja eða fjórða ársfjórðungi búast stjórnendur Bakkavarar við því að hagnast um 20-25 milljónir punda (allt að 3,3 milljörðum króna) þegar félagið fær út úr tryggingum vegna brunans á einni verksmiðju í fyrra. Þetta er engin smáupphæð og hefur mikil áhrif á afkomu félagsins á öðrum hvorum fjórðungnum. Bakkabræður voru spurðir á hvorum fjórðungnum þeir byggjast við upphæðinni. Lýður Guðmundsson sagði að því gætu þeir ekki svarað. En þar sem hann væri nú kominn í tryggingarbransann, og átti við eignarhlut bræðrana í VÍS, þá vissi hann að þeim megin frá reyndu menn að borga eins seint og þeir kæmst upp með.



PINGHÚSIÐ Í ÞÓRSHÖFN Sparikassinn skilaði 1,5 milljarða króna hagnaði á fyrri hluta ársins.

Føroya Sparikassi skilar metafrömu

Stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON hagnaðist um 1,5 milljarða króna á fyrri hluta árs.

Føroya Sparikassi Group, sem er stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON, skilaði methagnaði á fyrri hluta ársins. Nam hagnaður bankans um 122 milljónum danskra króna, eða 1,5 milljörðum króna. Þetta er nánast jafn mikill hagnaður og bankinn skilaði allt árið í fyrra.

Stjórnendur Sparikassans reikna með að hagnaður bankans á árinu verði um 2,8 milljarðar króna fyrir skatta.

Af einstökum tekjuliðum hækkuðu þóknunartekjur mest milli ára eða um 92 prósent. Hreinar rekstrartekjur bankans voru 2,7 milljarðar króna. Stór hluti af tekjum Sparikassans kemur nú frá dönsku dótturfélagunum EIK Bank og Ejendomsvækst. Bankinn fékk einnig 165 milljónir króna í arð frá SPRON.

Eigið fé Sparikassans er nú í

fyrsta skipti komið yfir einn milljarð danskra króna og eignir yfir tíu milljarða danskra króna sem gera 120 milljarða króna.

Føroya Banki, hinn stóri viðskiptabankinn í Færeyjum, hagnaðist um 460 milljónir króna á fyrri hluta ársins sem er 35 prósent minni hagnaður en á sama tíma í fyrra.

Eignarhald í færeysku bönkunum er á fárra hendi. Sparikassagrúnnurinn, sem er sjálfseignarstofnun, á fjóra fimmtu hluta bréfa í Sparikassanum en níu þúsund fjárfestar um fimmtung. Yfir 99 prósent hlutfjár í Føroya Banka eru í eigu færeysku landsstjórnarinnar.

Stjórnendur Sparikassans hafa lýst yfir áhuga sínum að skrá félagið í Kauphöll Íslands árið 2007 og nú er unnið að einkavæðingu Føroya banka.

- eþa

Júníhallinn slær öll met

66,8 milljarða vöruskiptahalli var á fyrri helmingi árs. Mikil aukning varð í innflutningi á fjárfestinga- og rekstrarvörum. Samdráttar gætir í útflutningi.

Vöruskiptahalli nam 66,8 milljörðum króna á fyrri helmingi árs, samkvæmt Hagstofu Íslands, og hefur aldrei verið meiri. Það er tæplega þrjátíu milljarða aukning frá fyrra ári. 15,7 milljarða króna vöruskiptahalli var í júní, en var til samaburðar 8,1 milljarður í fyrra, og er það mesti halli í einum mánuði frá því Hagstofan hóf að birta tölur.

Alls voru fluttar út vörur fyrir 114,3 milljarða króna fyrstu sex mánuði ársins og jókst verðmæti útflutts varnings um 4,9 prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Sjávarafurðir voru 55,9 prósent alls útflutnings en iðnaðarvörur rúmlega 39 prósent. Hagstofan metur tölur um inn- og útflutning á föstu gengi og samkvæmt þeim hefur verðmæti sjávarafurða aukist um 2,1 prósent. Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Landsbankans, bendir á að útflutningur á sjávarafurðum hafi þó dregist töluvert saman að magninu til á öllum sviðum sjávarútvegs. Á sama tíma hafi gengi krónunnar veikt og afurðaverð hækkað og því sé samdrátturinn ekki greinilegur í framsetningu Hagstofunnar. Mestur varð hann í útflutningi á loðnu- og síldarafurðum, eða um fimmtíu prósent miðað við sama tímabil í fyrra að raungildi.

Verðmæti vöruinnflutnings á fyrstu sex mánuðum ársins nam



GÁMAR FULLIR AF GÓSSI Ekkert lát er á innflutningi til landsins. Enn eykst innflutningur á neysluvörum þótt aukningin sé minni en oft áður.

181,2 milljörðum króna og jókst um 34,7 milljarða frá fyrra ári. Aukning varð á öllum sviðum innflutnings en mest í fjárfestingavörum, sem að mestu má rekja til aukinna stóriðjuframkvæmda, auk hrá- og rekstrarvöru. Mun minni aukningar gætir nú í innflutningi á neysluvörum en fyrr á árinu. Björn segir þó ólíklegt að samdráttar fari að gæta í innflutningi þeirra fyrr en á næsta ári.

Verð á útfluttum vörum eykst hraðar en verð á innfluttum vörum, sem Björn segir jákvæðar fréttir fyrir íslenska þjóðarbúið. Skýrist það meðal annars af hækkingu verði á sjávarafurðum og áli.

Vöruskiptahallinn fyrir allt árið í heild var 93 milljarðar króna í fyrra. Miðað við hvað hann er orðinn nú leikur enginn vafi á að meiri halli

verði á vöruskiptum í ár en var í fyrra. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir halla upp á 110 milljarða, sem er í takt við væntingar Greiningardeildar Landsbankans.

jsk@frettabladid.is / holmfridur@frettabladid.is

Vöruskipti á fyrstu sex mánuðum árs

| Útflutningur | |
|-----------------------|------|
| Sjávarafurðir | 63,9 |
| Iðnaðarvörur | 44,7 |
| Landbúnaður | 2,0 |
| Innflutningur | |
| Fjárfestingavörur | 48,9 |
| Hrá- og rekstrarvörur | 48,5 |
| Flutningatæki | 32,4 |

*Allar upphæðir í milljörðum króna

EasyJet orðið enn verðmætara

Fjárfestingarbankinn Morgan Stanley hefur hækkað verðmatsgengi sitt á easyJet úr 360 pensum á hlut í 450 og spár góðu ferðamannasumri eins og sést berlega á farþegatölum í júní. EasyJet kemur einnig vel út þegar kennitölur stærstu laggjaldaflugfélagaanna eru bornar saman.

Gengi easyJet stendur nú í 440 pensum á hlut en FL Group seldi tæplega sautján prósent hlut í mars á 340 pens. Bréfin hafa því hækkað um þrjátíu prósent frá söluinni.

- eþa



NÝTT VERÐMAT Á EASYJET Verðmatsgengi easyJet er komið langt yfir það gengi sem FL Group seldi á.

Vöxtur hjá skattinum

Prettán prósent aukning varð á álagningu tekjuskatts og útsvars á síðasta ári.

Álagning tekjuskatts og útsvars nam 163,5 milljörðum króna árið 2005 og hækkaði um tæp þrettán prósent frá fyrra ári, segir í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu. Þá hækkaði álagður fjármagnstekjuskattur um sextíu prósent milli ára og var 12,2 milljarðar.

Heildarfjöldi framteljenda þessa árs er 241 þúsund manns og er það tæplega þriggja prósent fjölgun frá fyrra ári. Meginástæðan er aukinn fjöldi erlendra



INDRIDI H. ÞORLÁKSSON

ríkisborgara sem greiða skatt hér á landi.

Heildareignir heimilanna voru tæplega 2.500 milljarðar króna í lok síðasta árs og jukust um tuttugu og sjö prósent milli ára. Framtaldar skuldir heimilanna voru 918 milljarðar króna.

- jsk

Við mismunandi veðurskilyrði þarf málningu sem endist vel

Útitex er mjög sterk utanhúsmálning sérhönnuð á steypu. Hún hefur sterkt yfirborð og fæst að sjálfsgöðu í hundruðum Flugger litum.

Flugger litir

Flugger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður

Keflavík
Akureyri
Selfoss

Borgarnes
Hvolsvöllur



fullt af fjöri

Á að
grilla
um helgina?



Ný og
stærri
flaska

Meiri grönn
meira grill

Hunt's®

skoðun

SKÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Bankarnir þurfa að sýna góðan rekstur og tryggja fjármögnun sína á árinu.

Ferðin er nýhafin og langt í leiðarlok

Uppgjör skráðra fyrirtækja í Kauphöll Íslands birtast nú eitt af öðru. Afkoma þeirra sem þegar hafa birt uppgjör fyrir annan ársfjórðung hefur verið betri en spár gerðu ráð fyrir. Afkoman nægir hins vegar ekki til þess að lyfta gengi þeirra á markaði.

Svona lætur markaður. Í upphafi árs var á það bent að hækkanir eins og þær sem urðu í upphafi árs væru varasamar. Þá hækkuðu bréf féлага skart, án þess að nokkrar fréttir lægju þar að baki. Slíkar hækkanir eiga alla jafna að hvetja menn til varfærni á markaði. Nú er andinn annar og góðar fréttir megna ekki að kæta markaðinn.

Á þessu eru að sjálfsögðu nokkrar skýringar. Við erum að ljúka mikilli uppsveiflu og fram undan eru varasamir tímar í hagkerfinu. Stýrivextir Seðlabankans hafa náð þeim hæðum að þeir eru gott betur en samkeppnishæfir við vænta ávöxtun á hlutabréfamarkaði. Óvissan í efnahagsmálum varpaði líka skugga sínum á fjármálafyrirtækin sem guldu hennar í oft á tíðum ósanngjörnu mati á því hvernig þau eru rekin. Hættan af fjármálakreppu er ekki mikil, en neikvæð umræða í kjölfar óvissu í efnahagsmálum hefur skapað bönkunum vanda sem enn er ekki fyllilega að baki.

Eftir á að hyggja má segja að gott sé að umræðan hófst þetta snemma, þegar afkoma og styrkur var nægur til að takast á við hana. Sá lærdómur sem af umræðunni má draga er margvíslegur og ágætt veganesti inn í framtíðina.

Tvennt virðist vera afar brýnt ef takast á að hleypa lífi í markaðinn á ný. Uppgjör fjármálafyrirtækja þetta árið verða að sýna styrkar tekjustoðir og öruggan rekstur. Í annan stað þurfa bankarnir að ná að sýna alþjóðamarkaði að þeir hafi tryggt framtíðarfjármögnun sína. Engin sérstök ástæða er til þess að draga það í efa að þessi markmið náist. Vel hefur tekist til í uppbyggingu bankanna og þótt um hægist í bili meðan siglt er gegnum brimgarðinn er ekki séð fyrir endann á glæsilegri vegferð.

Eftir á að hyggja má segja að gott sé að umræðan hófst þetta snemma, þegar afkoma og styrkur var nægur til að takast á við hana. Sá lærdómur sem af umræðunni má draga er margvíslegur og ágætt veganesti inn í framtíðina. Sú athygli sem viðskipti Íslendinga höfðu fengið erlendis hlaut á endanum að verða annað en lofsöngur. Nú hljómar margraddaðri kór, þótt einhverjir virðist syngja falskst.

Íslendingar hafa reynt slyngir í að kaupa fyrirtæki og erlendis virðist nú horft til þess af áhuga hvernig takist til við rekstur þeirra eigna sem keyptar hafa verið undanfarnin misseri. Þegar hafa íslenskir fjárfestar sýnt að rekstur keyptra eigna er með miklum ágætum. Bankarnir verða undir sérstakri smásjá um hvernig til tekst. Ef vel gengur að sýna fram á skynsamlegan rekstur og að kaupin hafi verið góð verður fátt til að stöðva framrásina. Útrás varð á tímabili tískuorð í viðskiptalífni. Umræðan hefur horfið frá hylli á hugtakinu upp á síðkastið. Það skiptir engu máli hvað vöxtur og viðgangur íslensks viðskiptalífs er kallaður. Útrásin er nýhafin og langt í að henni ljúki.



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17
Nánari upplýsingar á vefsíðunni
www.minjasafnreykjavikur.is

Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN

FRÁ DEGI TIL DAGS

Reisupassinn í rokkinu

Okkar maður, Magni Ásgeirsson, er kominn áfram í næstu umferð í bandaríska sjónvarpsþættinum Rock Star Supernova. Fimmtán söngvarar eru þá eftir en sá þeirra sem standa mun uppi sem sigurverari verður söngvari hljómsveitarinnar Supernova. Fyrirkomulagið er líkt og í Idolinu sem allir þekkja og greiða áhorfendur þeim keppanda stig sem þeir telja að eigi að halda áfram en sá sem fær fæst stig fær reisupassann. Meðlimir Supernova gagnrýna keppendur en þeim væri í lófa lagið að veita keppendum reisupassann þar sem þeir hafa sjálfir reynt af slíku. Einn þeirra, Jason Newsted, var rekinn úr hljómsveitinni Metallica og Gilby Clarke úr Guns N Roses.



Samgönguráðherra á sauðskinnsskóm

Í vikunni hélt Ægisdyr, sem er félag áhugamanna um vegtengingu milli lands og Vestmannaeyja, fund þar sem kynnt var skýrsla ráðgjafafyrirtækisins Multiconsult þar sem gerð er úttekt á möguleikum um til jarðgangagerða. Barst Sturla Böðvarsson samgönguráðherra oft í tal en Árni Johnsen tók til máls og sagði Sturlu frekar eiga heima í sauðskinnsskóm í rollugötum en í samgönguráðuneytinu. Ingi Sigurðsson, formaður Ægisdyra, bætti um betur og sagði að Sturla hefði hengt Eyjamann og þá sérstaklega sig í snöru með framgöngu sinni í þessu jarðgangamáli. Sennilegast er það best fyrir samgönguráðherra að samgöngur til Eyja verði áfram stöðugar á meðan íbúar þar bera þennan hug til hans.

Sumir eyjaskeggjar vilja hafnir

Og meira af Sturlu Böðvarssyni, sem fór um nokkrar eyjar Breiðafjarðar í vikunni og sagði heimamönnum að gera þyrfti úrbætur á hafnarmannvirkjum þar. Sérstaklega er mikilvægt að lengja höfnina í Flatey eftir að nýr og lengri Baldur hóf siglingar yfir fjörðinn í vor. Verði af því mun Sturla verða einn helsti hafnarvinur á Breiðarfirði en hann vann að því sem bærstjóri Stykkishólms að fara í róttækar breytingar á höfninni þar. Enn og aftur var það Breiðafjarðarferjan sem ýtti á þær framkvæmdir en þá var verið að kaupa nýtt skip sem hægt var að aka bílunum í en áður voru bílarnir hífðir um borð. Árni Johnsen sagði með vandlætingu að höfn í Bakkafjöru væri gæluverkefni Sturlu. Líklegt er að ráðherra hafi því. - jse



Ofbeldi í stað alþjóðalaga

Það er með fullkomnum ólíkindum að utanríkisráðherra Íslands skuli hafa tengt innrás Ísraels í Líbanon við „rétt Ísraels til sjálfsvagnar“. En þessi ummæli eru því miður í takti við þá tvöfeldni orðræðunnar og síðferðisins sem jafnan kemur upp hjá íslenskum stjórnmálamönnum þegar utanríkismál eru annars vegar. Eða öllu heldur: Þeim stjórnmálamönnum sem gert hafa George W. Bush að leiðarstjórnú lífs síns.

Það er líka fjarstæðukennt að ímynda sér að innrás Ísraels í Líbanon komi umheiminum ekkert við og sist af öllu stjórnvöldum í Washington. Bandaríkjastjórn heldur ekki aðeins hlífiskildi yfir Ísrael á alþjóðavettvangi og kemur í veg fyrir að fjölmörgum og gegndarlausum brotum Ísraels á alþjóðalögum sé svarað með viðeigandi aðgerðum frá alþjóðasamfélaginu. Það er ekki einvörðungu svo að Bandaríkin haldi ísraelsku vígvélinni á floti með ómældri fjárhagsaðstoð og sölu hergagna - sem Ísraelsmenn virðast geta pantað að vild hvenær sem lagt er í stríð. Framlag Bandaríkjastjórnar til núverandi stríðsrestrar Ísraels er mun meira en svo. Eða eigum við að trú á því að sá sem borgar fyrir sýninguna fái engu ráðið um uppfærsluna?

Innrás Ísraels í Líbanon er liður í „stríðinu gegn hryðjuverkum“ sem ráðamenn í Washington eru staðráðnir að halda áfram hvað sem tautar og raular þrátt fyrir að útkoman í því hafi verið skelfileg fram að þessu. Bardagarnir í Afganistan halda áfram á 5. ár og kosta tugi mannlífa á degi hverjum. Þar er NATO undirverktaki Bandaríkjastjórnar með svipuðum hætti og Ísrael í Líbanon. Um Írak þarf ekki að fjölýrða. Þar er að bresta á borgarastyrjöld sem bandaríska og breska hernámsliðið hefur annað hvort ekki áhuga á eða burði til að kveða niður.

Líbanon er svo þriðja víglínan í

Í DAG LÍBANON



SVERRIR
JAKOBSSON

Bandaríkjastjórn vill ekki koma á lýðræði í Miðausturlöndum heldur koma þar á hlýðnum stjórnvöldum með ofbeldi. Innrás Ísraels í Líbanon er liður í þessari viðleitni.

stríðinu, enn ein tilraun til að framkvæma útópískan draum Bandaríkjaforseta um „ný Miðausturlönd“. Ríki vestrænna landnema í Ísrael hefur jafnan haft miklu hlutverki að gegna í áformum Bandaríkjastjórnar um að viðhalda kúgun Araba og niðurlægningu á alþjóðavettvangi. Og eflaust var fyrir löngu búið að velja þetta tiltekna skotmark. Þess er skemmtast að minnst að fyrir fáeinum misserum lagði Bandaríkjastjórn allt kapp á að losna við sýrlenskt herlið frá Líbanon. Þetta var árið 2005 og tók gervallt alþjóðasamfélagið undir. Til hvers þurfti erlent hernámslið í friðsömu landi? En hverjum gat heldur dottið í hug að Bandaríkin ætluðu sér eitthvað gott með skyndilegri herstöðvaandstöðu í Líbanon? Nú er komið í ljós til hvers losna þurfti við Sýrlandinga: Það átti að rýma fyrir ísraelska hernum.

Ekki er langt síðan að talsmenn Bandaríkjastjórnar, og raunar vestrænir fjölmiðlar upp til hópa, kepptust við að telja okkur trú um að koma ætti á „lýðræði“ í Miðausturlöndum. Framkvæmdin segir hins vegar allt um innistæðuna fyrir þessum fagurgala.

Kosinn er forseti í Afganistan. Hann fer svo fram á að NATO-herinn endurskoði vinnubrögð sín en er hunsaður. NATO-herinn í Afganistan fær skipanir sínar frá Washington en ekki Kabúl. Í Írak var kosið þing og skipaður forsætisráðherra, en hann þurfti svo að segja af sér. Hann naut vissulega stuðnings meirihluta þingsins, en bandarísk stjórnvöld voru á móti honum og það eru þau sem setja og fella ríkisstjórnir í hinu nýja Írak. Eftirmaður hans myndast við að mótmæla framferði Bandaríkjahers gagnvart íröskum almenningi - hann er hunsaður jafn afdráttarlaust og hinn meinti þjóðhöfðingi Afganistans.

Í Sýrlandi fóru fram kosningar og á Hizbollah þar sæti á þingi og í ríkisstjórn. Hamas vann frjálsar kosningar í Palestínu. En rödd almennings í Palestínu og Líbanon skiptir stjórnvöld í Washington engu. Ísraelski undirverktakinn er jafnan tilbúinn til innrásar í lönd þar sem almenningur fær að tjá vilja sinn með lýðræðislegum hætti en gerir þau mistök að lúta ekki vilja stjórvalda í Washington. Einræðisríkin Egyptaland, Sádi-Arabía og Jórdanía skapa engin slík vandamál, enda hefur almenningur enga möguleika á að losna við hinar þægu ríkisstjórnir þeirra ríkja.

Fyrirætlun Bandaríkjastjórnar er ljós: Það á að skapa „ný Miðausturlönd“ með ofbeldi; koma til valda þægum ríkisstjórnnum og tryggja að lýðræðið virki aðeins ef fólk kys eins og George W. Bush vill að það kjósi. En hversu lengi ætla fjölmiðlar á Vesturlöndum að láta blekkjast? Er langlundargerð ríkisstjórnna í Evrópu gagnvart bandarískri heimsvaldastefnu endalaust? Ætlar almenningur í Evrópu endalaust að sætta sig við þennan yfirgang í bland við roluhátt eigin stjórvalda? Á veröld 21. aldarinnar að móttast af ofbeldismönnum en ekki alþjóðalögum?

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Eldsneytisflutningar á þjóðvegum

UMRÆÐAN
ELDSNEYTIS-
FLUTNINGAR



DOFRI HERMANSSON
VARABORGARFULLTRÚI
SAMFYLKINGARINNAR

Daglega eru vel á annað hundrað olíuflutningabílar í umferðinni og því í raun óumflýjanlegt að þungaflutningabíll fullur af olíu lenti fyrr eða síðar í óhappi á þjóðvegum landsins líkt og nú hefur gerst í Ljósavatnsskarði. Við getum hins vegar þakkað fyrir að ekki fór verr, að enginn slasast alvarlega eða lét lífið og að umhverfisskaðinn er ekki meiri en raun varð á. Við hljótum þó að leiða hugann að því hvað hefði gerst ef bensín hefði lekið út í vatnsból eða mengað grunnvatn á stóru svæði, hvað hefði gerst ef slysið hefði átt sér stað í meiri umferð t.d. í Hvalfjarðargöngunum og hvað hefði gerst ef eldur hefði brotist út.

Allt tal um að banna olíuflutninga um þjóðvegina er hins vegar ábyrgðarlaust – enn sem komið er. Nú þegar er stórum hluta elds-

neytis dreift um landið með skipum en til að íbúar landsins og ferðalangar geti fyllt á tankinn er nauðsynlegt að dreifa eldsneyti. Það er hins vegar vert að skoða aftur reglur um eldsneytisflutninga og kanna hvort hægt er að draga enn frekar úr slyshættu.

Mengunarlausar samgöngur

Undanfarin misseri hefur Íslensk nýorka, í samstarfi við erlenda aðila, staðið fyrir tilraun með að keyra strætó á vetni. Tilraunin hefur vakið verðskuldaða athygli á heimsvísu og áhugi erlendra aðila á áframhaldandi samstarfi er mikill. Fremstu bílaframleiðendur heims gera sér vonir um að fyrstu fjöldaframleiddu vetnisbílnir komi á götuna 2010. Það

býður upp á gífurleg tækifæri fyrir Íslendinga, sem bæði eiga gnægðir vatns og mikið af umhverfissvænni raforku (enn sem komið er). Tækifærin felast ekki eingöngu í því að landið er sjálfu sér nógt um orku til að knýja samgöngur og vöruflutninga heldur er orkugjafinn mengunarfrír, sem er ómetanlegt fyrir ímynd landsins.

Vetni og öryggi

Það sem fáir hafa hins vegar áttátt sig á er kostir vetnis þegar kemur að öryggismálum. Með tilkomu vetnis verða í raun allir meiri háttar eldsneytisflutningar úr sögunni því það er hægt að framleiða það úti um allt land. Til þess þarf aðeins aðgang að vatni og rafmagni. Ef þörf verður á að flytja

vetni á milli staða t.d. af hagkvæmniástæðum er ljóst að hætta á stórslysum og umhverfisskaða verður óveruleg. Efnioð er hvorki eldfimt né mengandi.

Þessi öryggissjónarmið og möguleikarnir sem felast í Vetnis-samfélaginu Íslandi eru atriði sem Samfylkingunni finnst brýnt að verði könnuð til hlítar.

Grípum tækifærið

Strætóverkefninu lýkur næstkomandi janúar en verkefnið hefur að langmestu leyti verið kostað af erlendum aðilum. Íslensk nýorka hefur nú sótt um styrk til íslenskra stjórnvalda til að gera tilraunir með að nota vetni á báta. Ekki er farið fram á mikla fjármuni en erlendir aðilar sem eru að verða

þreyttir á að borga allan reikninginn íhuga að leita annað með samstarf sitt. Íslensk nýorka gæti því dottið út úr hópi fremstu fyrir-tækja heims í vetnisrannsóknnum vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa bara áhuga í orði – ekki á borði.

Ríkisstjórn Íslands ætti að sýna í verki stuðning við mengunarfríar samgöngur, við umferðar- og umhverfisöryggi og síðast en ekki síst, við fólk sem sér tækifærin sem felast í framtíðinni í stað þess að einblína á fortíðina. Hún ætti að grípa tækifærið.

Því miður er ólíklegt að Stór-iðjóstjórnin sýni slíka framsýni. Sem betur fer höfum við tækifæri til að skipta um ríkisstjórn í vor. Grípum það!

Merkasta löggjöfin

UMRÆÐAN
SIGURÐUR JÓNSSON SKRIFAR UM LAND-
HELGISMÁL OG FRAMSÓKN

Nokkur blaðaskrif hafa orðið að undanförunu um landhelgismál og þorskastríðin. Þar hafa birst nöfn margra þeirra stjórnmalámanna er einkum komu við sögu.

En mér virðist að þarna hafi að mestu gleymst að geta þess að allar útfærslur landhelginna byggðust fyrst og fremst á landgrunnslögunum, sem sett voru 1948. Þar var einkum byggt á mikilli og traustri undirbúningsvinnu Hans G. Andersen þjóðréttarfræðings en ákvarðanataka-ana var að mestu í höndum þeirra Stefáns Jóhanns Stefánssonar forsætisráðherra og Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra. Þarna voru vitrir menn að verki og þessum lagagrunni tókst aldrei að hnekkja. Enda þeir tvímenningar sennilega snjöllustu lögmenn landsins. Útfærslurnar í fjórar, tólf, 50 og 200 mílur byggðust, sem fyrr segir, á traustum grunni og lagasetningin frá 1948 skyldi ekki gleymast.

Yfir í aðra sálma. Framsóknarmenn brugðu á það ráð í borgarstjórnarkönnunum síðustu að breiða yfir nafn og númer og kenna framboð sitt við ex-bé. Árangurinn varð ekki mikill. Þetta minnir á það er ráðamenn Borgaraflokksins skiptu um nafn á flokki sínum, eftir að þeir sáu fram á vonlausa kosningabaráttu. Þeir höfðu nefnilega tekið sæti í ríkisstjórn (langaði óskaplega í ráðherrasæti). Það var þvert gegn ákvörðun fyrrverandi formanns flokksins, Alberts Guðmundssonar. Árangurinn varð enginn enda engir garpar þar á ferð. Flokkurinn þurrkaðist út.

LEIÐRÉTTING

Fyrir mistök var fyrrisögnin á grein Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar í blaðinu í gær röng. Rétt fyrrisögn átti að vera: Skattvik annað en skattsvík. Beðist er velvirðingar á þessu.

ERTU MARAÞON – SKEMMTIKRAFTUR?

Auglýsum eftir skemmtikröftum til að gleðja og hvetja þátttakendur í Reykjavíkumaraþoni Glitnis 19. ágúst.

STEMNING Á HLAUPALEIÐUM

Skemmtikraftarnir verða staðsettir meðfram hlaupaleiðum og munu eiga stóran þátt í að skapa þá mögnuðu stemningu sem verður í hlaupinu.

HLJÓMSVEITAMARAÞON Í LÆKJARGÖTU

Eftir maraþonhlaupin kl. 16.00 – 18.30 verður efnt til Hljómsveitamaráðs á stóra sviðinu við hlið útibús Glitnis við Lækjargötu. Hljómsveitir og annað ungt og upprennandi tónlistarfólk er hvatt til að nýta sér þetta einstaka tækifæri til að láta ljós sitt skína.

SKRÁÐU ÞIG NÚNA

Áhugasamir geta skráð sig á www.glitnir.is/marathon eða með því að senda póst á skemmtikraftur@glitnir.is með upplýsingum um hvaða gjörning þeir ætla að vera með fyrir 10. ágúst nk.

Ekki verður greitt fyrir atriðin en þetta er einstakt tækifæri til að koma sér á framfæri og leyfa heiminum að njóta hæfileika sinna.

REYKJAVÍKUR
MARAÞON
GLITNIS
19. ÁGÚST



10 GODA PYLSUR
230 KR
MERKT VERÐ 460.00

50% afsláttur við kassann

Goðapylsur

XL
4 trölla hamborgara brauð!

4-XL brauð
98 KR

120g KA grillborgarar -10 í pakka

10 x 120g
699 KR
MERKT VERÐ 999.00

30% afsláttur

KJÖTVINNSLA AKUREYRAR

Í bátana!

ALI svína grillkótelettur og úrbeinaður grillhnakki

30% afsláttur við kassann

1189 KR
MERKT VERÐ 1699.00

ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI

3 BRINGUR
3 LÆRI
3 VÆNGIR

Fersk lúxusblanda

Lúxus Bonus Kjúkingablanda
979 KR
MERKT VERÐ 1399.00

30% afsláttur við kassann

...lytur góðan dag!
KS

299 KR
FRYSTIVARA

LAMBHÁLSAR KS

Frosnir KS hálsabitar

um allt land! **EKKERT BRUÐ!**

Úrbeinaður kofa hangiframpartur

30% afsláttur við kassann

1259 KR
MERKT VERÐ 1799.00

ÚRB. HANGIFRAMPARTUR

1299 KR
MERKT VERÐ 1855.00

VILLI LAMBALÆRI

30% afsláttur við kassann

98 KR
680g

BAUNIR/GULRÆTUR

Villijurtakryddað lúxus lambalæri

...lytur góðan dag!
KS

KS frosinn lambabógur

599 KR

FROSINN LAMBABÓGUR

Gott með grillmatnum

359 KR

GRILLBRAUÐ

Grill bagúettur

ÁVAXTASAFI

69 KR
lítri

1 lítri

Áppeljuice Apple juice
Apelsinjuice Orange juice
Tropísk nektar Tropical nectar

PEYTIJÓMI

98 KR
250g

98 KR
500g

VÖFFLU DUFT

SÚKKULAÐIBITAKÖKUR 150g

98 KR
150g

Súkkulaðibitakex

Eftirrætturinn! 20 Rjómaíss SMÁBOLLUR

259 KR
250g

ÍSBO LLUR



MAÐUR VIKUNNAR

Fæddist með gamla sál

BENEDIKT ERLINGSSON
LEIKARI

Benedikt Erlingsson hefur slegið í gegn með einleik sínum Mr. Skallagrímsson í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Hann þykir fara á kostum í hlutverki Egils Skallagrímssonar og hafa með frábærri sagnamennsku endurvakið áhuga lands sinna á ódælasta skáldi Íslands fyrr og síðar.

Benedikt er fæddur á síðasta degi maímánaðar árið 1969. Tvíburi sem sagt og þykir bera þess öll merki. Hann þekkir hvern krók og kima leikhússins enda fæddur í mikla leikhúsfjölskyldu. Móðir hans er Brynja Benediktsdóttir leikstjóri og Erlingur Gíslason leikari er faðir hans. Reyndar er sagt að Benedikt eigi ígildi aukamóður í Ásdísi Benediktsdóttur, sem var ráðskona á heimili þeirra hjóna og tók virkan þátt í uppeldi Benedikts. Hann er eina barn þeirra hjóna en á hálfbræðurna Guðjón og Friðrik samfeðra. Ættir sínar rekur Benedikt til Reykjavíkur í föðurætt en móðir hans fæddist í Skaftafellssýslu. Hann sleit barnsskónum í Þingholtunum en á sumrin fór hann í sveit á heimaslóðir móður sinnar, til bóndans á Móðrudal á Fjöllum. Þar kynntist hann meðal annars hestamennsku, sem hann hefur verið hugfanginn af allar götur síðan. Hann er kominn af miklu sagnafólki og í gegnum afa sína og ömmur fékk hann innsýn inn í 19. öldina og sagnamenningu

Íslendinga, sem hefur nýst honum vel í leikhúsinu, ekki síst í einleikum um Egil og leikritinu Ormstungu, þar sem hann lék á móti Halldóru Geirharðsdóttir.

Sem barn var Benedikt ljúfur og góður, sjálfstæður og aldrei til ama og gekk ekki í gegnum neitt mótþróaskeið svo heitið gæti á unglingsárunum. Þeim sem þekkja hann ber saman um að hann sé gömul sál og láti vel að leika forna menn. Þótt hann sé kominn af leikhúsfólki lá það ekki ljóst fyrir hvað hann tæki sér fyrir hendur að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð. Foreldrum hans fannst líklegast að hann yrði


Sem leikari hefur vegur hans legið beint upp á við og hróður hans borist út fyrir landsteinana, því hann hefur bæði leikið og leikstýrt í Svíþjóð og Danmörku, meðal annars í sjónvarpi. Fyrir tæpum áratug var hann að leikstýra í Malmö í Svíþjóð þegar hann kynntist núverandi eigin konu sinni, dönsku leikkonunni Charlotte Böving. Þau eiga saman sjö ára dóttur að nafni Anna Rós-hildur, en seinna nafnið er í höfuðið á ömmu Benedikts sem var jógagúru. Sjálfur er Benedikt sagður andlega þenkjandi.

Þeir sem hafa unnið með Benedikt bera honum vel söguna og lýsa honum sem eðalmenni í alla staði. Frumleiki er hans aðall og í honum er mikil og jákvæð orka sem smitar aðra auðveldlega.

Hann er fyndinn, jafnvel dálítill trúður í sér og heldur stuðinu jafnan uppi, án þess þó að vera yfirborðskenndur því hann á ekki síður gott með að tala um dýpstu hluti. Hann talar reyndar mjög mikið eins og tvíbura er síður.

Helsti löstur Benedikts er víst sá að hann getur verið óttalegur slóði. Það fer til dæmis aldrei á milli mála þegar hann er í heimsókn hjá foreldrum sínum, skórnir liggja hér, úlpan þar, bækur á við og dreif og þar fram eftir götunum og hefur hvorki foreldrum hans né eigin konu tekist að

venja hann af þessum plagsið. Þetta þykja þó smámunir samanborið við kostina, enda er hann umhyggjusamur og ættrækinn með eindæmum.



ÍVAR GUÐMUNDSSON

9-12 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN

20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

UMRÆÐAN

LÍBANON



ÓGMUNDUR JÓNSSON

ALÞINGISMAÐUR

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hefur skorað á íslensk stjórnvöld að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að stöðva frekari manndráp og eyðileggingu í Líbanon og hefur þingflokkurinn í því sambandi minnt á að öll ríki Sameinuðu þjóðanna geti haft áhrif í þessu efni. Samkvæmt ályktun SP númer 377 er heimilt að kalla saman Allsherjarþing SP og samþykka þar kröfu um að hernaðaraðgerðir verði stöðvaðar. Fyrir þessu eru nokkur fordæmi, til dæmis þegar Ísraelar, Bretar og Frakkar réðust inn í Egyptaland í kjölfar þess að Egyptar þjóðnýttu Súez-skipskurðinn árið 1956.

Ályktun 377 kom upphaflega til sögunnar árið 1950 að frumkvæði Bandaríkjastjórnar, sem leitaði leiða til að komast framhjá neitunarvaldi Sovétríkjanna í Öryggisráði SP. Það var reyndar Bandaríkjastjórn, sem nýtti sér þessa aðkomu í Súez-deilunni vegna neitunarvalds Breta og Frakka í ráðinu. Ályktun 377 gengur einnig undir heitinu Sameining í þágu friðar, Uniting for peace. Í ályktuninni er minnt á þá skyldu Sameinuðu þjóðanna og allra stofnana þeirra að „halda uppi friði og öryggi og í því skyni grípa til sameiginlegra ráðstafana“.

Þegar er þrýstingur víða um heiminn á að ríkisstjórnir krefjast þess að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna komi saman þegar í stað, til þess að álykta í þessa veru. Mikilvægt er að Ísland hafi frumkvæði og komi skriðinni af stað.

Nú er það Bandaríkjastjórn sem beitir neitunarvaldi sínu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og heldur þannig verndarhendi yfir hernaði Ísraela. Sem áður segir var öldin

önnur fyrir 50 árum, því þegar Frakkar og Bretar beittu neitunarvaldi sínu í Öryggisráðinu, voru það Bandaríkjamenn sem gripu til ályktunar 377. Allsherjarþingið kom saman að þeirra frumkvæði og var samþykkt krafa um að innrásarherir Breta, Frakka og Ísraela drægju sig til baka frá Egyptalandi. Þetta hafði gríðarleg áhrif heima fyrir í þessum ríkjum. Herirnir hurfu á braut og í Bretlandi varð þetta til þess að forsætisráðherrann hrökklaðist frá völdum.

Yfirgnæfandi meirihluti ríkja heims er andvígur innrás Ísraela í Líbanon. Enginn vafi leikur á því að meirihluti væri nú fyrir því að samþykka kröfu um að endi yrði þegar í stað bundinn á árásir af hálfu Ísraela.

Staðfest hefur verið að Ísraelar fremja stórfelld mannréttindabrot og stríðsglæpi í Líbanon og Palestínu. Sá sem ekki gerir allt sem í hans eða hennar valdi stendur til þess að stöðva ódæðið er samsekur. Það á líka við um ríkisstjórnir. Þar með talið ríkisstjórn Íslands.

SETTU ÞAÐ SAMAN



Kr. 165.846.-
DEKOR KASTANIE/800



Kr. 228.390.-
SOFT HVID/KF



Kr. 254.267.-
DEKOR RAMME HVID EG/2000



Kr. 282.316.-
CLASSIK HVID/KL



Kr. 111.766.-
RENNIHURÐA FATASKÁPAR

3 sýningarsalir:
Smáralind,
Akureyri og Selfoss



Kr. 79.281.-
SKÁPAR Í BAÐHERGERGI



Kr. 53.359.-
FRÍSTANDANDI FATASKÁPAR

FALLEGT,
VANDAÐ,
ÓDÝRT OG
TIL Á LAGER
– NÚNA

AEG

HEIMILISTÆKI Á
TILBOÐSVERÐI
ÞEGAR KEYPTAR ERU
„SETTU ÞAÐ SAMAN“
INNRETTINGAR



ORMSSON



Flugdólgar í flugfreyjubúningi

Í Dagbók Práins Bertelssonar er sagt frá hámarki hvíldarinnar, svala fyrir 25 evrur, skemmtilegu ferðalagi og dularfullri útleigu á ókeypis barnarúmum. Einnig er fjallað um húsnæðismál, sólskin handa öllum og landsföðurlegan eiginleika fyrsta þingmanns Reykjavíkur.

■ FÖSTUDAGUR, 21. JÚLÍ

37° HITI

Ferðalagið gekk vel. Við Sólveig sóttum ferðafélaga okkar, barnabörnin Andra og Litlu-Sól, klukkan níu í gærmorgun og lögðum af stað í hádeginu í langþráð sólarfrí til hinnar yndislegu eyjar Majorku. Sú eyja er svo vinsæl af ferðamönnum að þangað kemur að minnsta kosti tíföld íbúatala eyjarinnar á hverju ári - sem samsvarar því að þrjár milljónir erlendra ferðamanna kæmu að Gullfossi og Geysi árlega - en um slíka framtíð dreymir suma heima á Fróni.

Innritun gekk fljótt og vel og stímamjúkir Securitas-liðar leituðu okkur vopna með gúmmföhnskum.

Í Mæjorkavélinni frá Futuraflugfélaginu var hvert sæti skipað og okkur til mikillar ánægju sáum við að frændi minn dr. Össur Skarphéðinsson for-



maður Spes hafði líka látið heillast af ferðatilboði Heimsferða ásamt dr. Árnýju konu sinni og heimasætunum Ingu og Birtu. Það voru fagnaðarfundir.

Það á greinilega ekki við alla að starfa í ferðamannaíðnaði og flugþernur Futura höfðu sumar hverjar komið sér upp þeim sið að stynja og ranghvolfa í sér augunum, ef einhver farþeganna gerðist svo djarfur að biðja þær um viðvik, einkum barnafólk. Með þessu móti gátu þær sparað sér töluvert ónáði.

Flugdólgar voru engir um borð aðrir en flugfreyjurnar, og lá við að ég saknaði þeirra, þegar mér blöskraði seinangangur og yfirlæti starfsfólksins. Þó mátti hafa af því nokkra afþreyingu. Tveggja

tíma munur er á Íslandi og Mæjorku og var klukkan farin að ganga sjö þegar við lentum.

Það fór ekki milli mála að við vorum í alvöru sólarlandaferð því að við gengum út úr flugvélinni í 37° hita; það glaðnaði yfir stírdum liðamótum og svitakirtlarnir brugðu á leik.

Eftir klukkutíma rútuferð komum við svo á hótelið sem mun hýsa okkur næsta hálfu mánuð. Það heitir Park og er íbúðahótel við litla vík sem er kennd við gull og heitir Cala d'Or. Þetta hótel er nokkuð við aldur og býður ekki upp á nútímaþægindi eins og loftkælingu, þess í stað gafst okkur kostur á að leigja ofurlitla víftu fyrir 25 evrur.

Barnarúmið handa Litlu-Sól sem ferðaskrifstofan hafði lagt áherslu á að við greiddum sjö þúsund krónur fyrir með góðum fyrirvara var hvergi sjáanlegt, en lipurmennið Antonio í afgreiðslunni útvegaði okkur samanbrotið barnarúm, nokkuð sjúkað að vísu, en barnarúm samt. Þegar ég sagði honum að ég hefði greitt fyrir fram fyrir afnot af rúminu sagði Antonio að það gæti ekki staðist - af þeirri einföldu ástæðu að afnot af barnarúnum væru ókeypis á þessu hóteli, þannig að einhver á ferðaskrifstofunni Heimsferðir virðist hafa af því aukatekjur að leigja barnafjölskyldum rúm sem hótelið lætur af hendi ókeypis. Þetta mál gæti verið hæfilega flókið fyrir Ríkislögreglustjóraembættið að æfa sig á.

Allt var þetta umstang dásamlegt og hressandi eftir langt ferðalag og um síðir sofnaði fjölskyldan við notalegt suðið í víftunni sem gaf frá sér táknrænan svala.

Morguninn fór í húsnæðismál. Þótt samkomulagið sé gott í fjölskyldunni er útilokað að við getum eytt hálfum mánuði saman í einni kós í þeirri skonsu sem okkur var úthlutað í gærkvöldi.

Lipurmennið Anton í afgreiðslunni taldi samt öll tormeiki á því að hægt væri að finna handa okkur rýmri eða loftbetri húsakynni. Kveinstafir um fjölskyldustærð, hita og heilsuspillandi húsnæði breyttu engu þar um, uns þar kom í samtalinu að ég dró upp líúð sedlaviski og spurði hvort hugsanlega væri hægt að notast við fáeinar evrur sem rök í málinu. Af þykkt og ummáli pyngjunnar réð Anton samstundis að ég væri enginn alþýðumaður og það rifjaðist upp fyrir honum að handan götunnar væri björt og rúmgóð íbúð sniðin að þörfum

heldra fólks fyrir tíu evrur aukalega á dag.

Dagurinn fór að mestu leyti í flutninga. Starfslið hótelsins varð ósýnilegt um leið og ég fór að basla við að draga á eftir mér ferðatöskur enda er á engan mann leggjandi í 40° hita að erfiða meira en sem samsvarar því að blaka blævæng.

Eftir flutningana ákvað ég að gera mér glaðan dag og bauð Öss-



uri frænna mínum á kaffihús, þar sem við sátum um stund og röbbuðum saman samkvæmt þeirri verkaskiptingu sem við höfum gert með okkur, en hún felst í því að ég útskýri stjórnsmál fyrir Össuri en hann upplýsir mig um bókmennir.

Kvöldverð snæddu síðan fjölskyldurnar saman þar sem eldað var við opinn eld. Máltíð fyrir fjóra fulloröna og fjögur börn, ásamt gosdrykkjum, vatni, vínflösku og kaffi kostaði 50 evrur.

Um tíu-leytið fórum við svo heim í háttinn. Það tók nokkra stund að koma börnunum í ró, enda var líkamsklukka þeirra stillt á átta að íslenskum tíma.

■ LAUGARDAGUR, 22. JÚLÍ

LANDSFÖÐURLEGUR EIGINLEIKI

Össur hefur þann landsföðurlega eiginleika að hann þarf lítinn svefn. Þetta er ein-kennandi fyrir mikilmenni. Eins og Napóleón sem var úthvildur eftir fjóra tíma og rauk á fætur fyrir allar aldir og vildi gera eitthvað þannig að öll franska þjóðin, og raunar öll Evrópa, var orðin vansvefta þegar Englendingar gómuðu keisarann að lokum og komu honum fyrir á Eyju heilagrar Helenar þar sem



Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



hann gerði fólki ekki rúmrusk framar.

Snemma á morgnana fer Össur í langar gönguferðir og kannar staðhætti. Í morgun fann hann netkaffi með heitum reit og þegar ég var búinn að ná mínum átta tíma svefni vísaði hann mér á staðinn svo að ég gæti sent bakþanka heim fyrir mánuðagsblaðið. Þennan bakþanka hafði ég rekið saman með harmkvælum því að 40° hiti hefur kæfandi áhrif á andagift rit-höfundar af norðlægum slóðum að minnsta kosti fyrstu dagana.

Annars líður öllum vel þrátt fyrir hitann. Maður kælir sig bara í sjó eða sundlaug eða kaldri sturtu og gætir þess að þamba vatn í lítravís. Á nóttunni gefst vel að bleyta lak eða handklæði og breiða yfir sig til kælingar. Þetta ráð gaf okkur dr. Össur frændi minn og lét fylgja eðlisfræðilega skýringu sem ekki er nauðsynlegt að skilja til að ráðið komi að notum.

■ SUNNUDAGUR, 23. JÚLÍ

HÁMARK HVÍLDARINNAR

Það var þröng á þingi á baðströndinni í morgun en sem betur fer var kappnóg sólskin handa öllum.

Það eru mikil hlunnindi að geta svamlað í volgum sjó. Hámarki hvíldarinnar er náð þegar maður flýtur á bakinu og vaggar á volgum bárum. Þegar ég sveigi höfuðið aftur hverfa eyrun ofan í sjóinn sem flæðir inn í hlustirnar og skolar burt gömlu þrasi. Í heimi þagnarinnar eru óp og hlátrar baðgesta eins og umferðarniður frá annarri plánetu.

Allar áhyggjur heimsins duga ekki til að sökkva mér þar sem ég flýt í fjöruborðinu og nýt lífsins þessa sólskinsstund.

■ FIMMTUDAGUR, 27. JÚLÍ

SUMARLEYFISPARADÍS

Hér í Cala d'Or hefur ekkert merkilegt gerst svo lengi sem elstu menn muna. Hér eru engin náttúru-undur eða byggingar sem maður þarf að skoða. Þetta er hin fullkomna sumarleyfisparadís.

Við höfum sofið, borðað, legið í sólbaði, leikið okkur, spjallað saman og fengið okkur síðdegis-blund.

Gæti ekki verið betra. Z-z-z-z-z-z.

NTÚ LOTTARÐU Í FRÍINU MEÐ ÁSKRIFT

Með LOTTÓ Í ÁSKRIFT gætir þú líka unnið einn af 30 stórglæsilegum aukavinningum í áskriftarleiknum.

ÁSKRIFTAR
LEIKUR
LOTTÓ



lotto.is

SETTU ÞAÐ SAMAN



Kr. 165.846.-
DEKOR KASTANIE/800



Kr. 228.390.-
SOFT HVID/KF



Kr. 254.267.-
DEKOR RAMME HVID EG/2000



Kr. 282.316.-
CLASSIK HVID/KL



Kr. 111.766.-
RENNIHURÐA FATASKÁPAR

3 sýningarsalir:
Smáralind,
Akureyri og Selfoss



Kr. 79.281.-
SKÁPAR Í BAÐHERGERGI



Kr. 53.359.-
FRÍSTANDANDI FATASKÁPAR

FALLEGT,
VANDAÐ,
ÓDÝRT OG
TIL Á LAGER
– NÚNA

AEG

HEIMILISTÆKI Á
TILBOÐSVERÐI
ÞEGAR KEYPTAR ERU
„SETTU ÞAÐ SAMAN“
INNRETTINGAR



ORMSSON



ALEXIS DE TOCQUEVILLE (1805-1859)
FÆDDIST ÞENNAÐ DAG.



„Yfirborð Ameríku er þakið
lýðræðislegri málningu, en af og til
er hægt að sjá liti gamla aðalsveld-
isins koma í gegn.“

Alexis de Tocqueville var franskur stjórnmála-
fræðingur.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÚTFARIR

10.30 Ingibjörg Á. Johnsen, kaupmaður, Vestmannaeyjum, verður
jarðsunga frá Landakirkju í Vestmannaeyjum.



†
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Jóhanna Björg Th.
Ingimundardóttir**

frá Patreksfirði,

sem lést fimmtudaginn 27. júlí á Droplaugarstöðum,
verður jarðsunga frá Fossvogskirkju mánudaginn 31.
júlí kl. 11:00.


Þóra F. Ólafsdóttir Sigvaldi Sigurjónsson
Kristbjörg Ólafsdóttir Halldór Valdín Gíslason
Þórarinn Kr. Ólafsson Arnhildur Ásdis Kolbeins
Guðjón B. Ólafsson Finnbjörg Skaftadóttir
G. Sigurrrós Ólafsdóttir Guðmundur Bjarnason



†
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,
Helga Margrét Sigtryggisdóttir
Hlévangi, Faxbraut 13, Keflavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 22. júlí. Útförin fer fram
frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 1. ágúst kl. 14.00.

Dagný Jóhannsdóttir Jóhann Hákonarson
Erna Jóhannsdóttir Jón Sævin Pétursson
Lilja Jóhannsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



†
Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýðug vegna andláts okkar
ástkæra

Einars Sæmundssonar

fyrrverandi formanns KR, Jökulgrunni 27, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á deild 12G
Landspítalanum við Hringbraut fyrir frábæra
umönnun og vinarhug.

Ásbjörn Einarsson Auður Einarsdóttir
Sigrún Elísabet Einarsdóttir Jóna Guðbrandsdóttir
Helga Einarsdóttir Gunnar Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn. Ólafur Davíðsson



†
Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem
sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og
útför ástkærs bróður okkar og mágs
**Heiðars Þórarins
Jóhannssonar**

Lundargötu 10, Akureyri.

Sérstakar þakkir til tónlistar- og vélhjólafólks sem
heiðraði minningu Heiðars á fallegan og eftirminni-
legan hátt.

Jón Dan Jóhannsson Ruth Hansen
Rúnar H. Jóhannsson Jónheiður Kristjánsdóttir
Guðmundur Jóhannsson Eva Þ. Ingólfssdóttir
og fjölskyldur.

PETTA GERÐIST 29. JÚLÍ 1981

Karl og Dána giftast

Eitt umtalaðasta hjónaband fyrr og
síðar hófst á þessum degi fyrir 25
árum síðan þegar Karl Bretaprinns gekk
að eiga Dónu Spencer í St. Paul's
dómkirkjunni.

Dána fæddist árið 1961 með blátt
blóð í æðum en fjölskylda hennar bjó
á landareign Elísabetar II drottningar
og hún lék sér með bræðrum Karls,
þeim Játvarði og Andrésí, sem barn.
Dána varð Lafði Dána árið 1975 þegar faðir hennar
tók við jarlstign. Þegar Dána kom heim úr námi frá
Sviss hóf hún störf í leikskóla og endurnýjaði kynni
sín við konungsfjölskylduna. Þau Karl trúlofuðu sig í
febrúar árið 1981 og giftu sig síðan hálfu ári síðar og
horfðu hundruð milljónir manna á í sjónvarpsútsend-
ingu.

Tæpu ári eftir giftinguna fæddist þeim sonurinn
Vilhjálmur sem er næstur á eftir föður sínum til þess



að erfa bresku krúnuna. Um haustið
1984 fæddist þeim annar sonur,
Harry en erfiðleikar í hjónabandinu
gerðu fljótlega vart við sig.

Í september árið 1992 skildu
þau Dána og Karl að borði og sæng
en sinnu konunglegum skyldum
sínum þó áfram og ólu syni sína
upp í sameiningu. Skilnaðurinn
gekk endanlega í gegn árið 1996
en þrátt fyrir það voru hjónin enn sem fyrr mjög í
kastljósi fjölmiðlana.

Dána var dád af breskum almenningi og eftir
skilnaðinn starfaði hún að ýmsum mannúðarmálum.
Hún lést árið 1997 eftir að hafa lent í bílslysi í París
með kærasta sínum Dodi Fayed og varð þjóð sinni
mikill harmdauði.

Karl giftist í ágúst í fyrra Camillu Parker Bowles en
þau höfðu átt í ástarsamandi til fjöldamargra ára.

MERKISATBURÐIR

- 1836 Sigurboginn er vígður í París.
1890 Hollenski listmálarinn Vincent van Gogh deyr í Frakklandi eftir að hafa skotið sig tveim dögum áður.
1900 Umberto fyrsti Ítalíukonungur er ráðinn af dögum af anarkistanum Gaetano Bresci.
1934 Eysteinn Jónsson verður fjármálaráðherra 27 ára gamall þegar ríkisstjórn Hermanns Jónssonar tekur við völdum.
1957 Alþjóða kjarnorkumála-
stofnunin er stofnuð.
1958 Geimferðastofnun Bandaríkjanna er komið á fót.
1977 Þýskur bankaræningi er handtekinn í Reykjavík með 277 þúsund mörk.

SIGRÚN ODDSDÓTTIR: FIMMTUG Í DAG

Sendir frá sér ljóðabók í tilefni dagsins

Sigrún Oddsdóttir fagnar í dag fimmtugsafmæli sínu og í tilefni af því ákvað hún að setja saman ljóðabók þar sem er að finna ljóð yfir langt tímabil, allt frá því að hún var unglingur. „Ég hafði hana nú bara svona heimatilbúna,“ segir Sigrún og hlær, „ég gerði náttúrulega ekki ráð fyrir frekar en aðrir að einhver hefði áhuga á því að gefa út ljóð en það er aldrei að vita,“ segir Sigrún þegar hún er spurð um það hvort hún ætli að gefa bókina út.

Sigrún hefur starfað við ýmislegt í gegnum tíðina og sat meðal annars í sveitarstjórn á Vopnafirði þegar hún bjó fyrir austan. „Ég var nú bara beðin um að koma inn í það og fór í framboð, eiginlega bara strax eftir að ég kom austur, og eins og fólk sagði, hún er varla búin að taka upp úr ferðatöskunum,“ segir Sigrún og hlær. „Ég kenndi í mörg ár, fyrst við framhaldsskóla og síðan kenndi ég við grunnskólann á Vopnafirði og rak líka öldungadeild og kvöldskóla þar,“ segir Sigrún og bætir við að sér hafi líkað vistin vel á Austurlandi.

Árið 1997 kom út barna- og fjölskyldusagan Vinabönd eftir Sigrúnu en hún hefur skrifað og ort frá unga aldri. „Svo hef ég verið með ljóð í tveimur bókum sem ritlistarhópur Kópavogs hefur gefið út og það er mjög virkur hópur sem hefur verið starfandi í tíu ár og við höfum gefið út þrjár ljóðabækur,“ segir Sigrún.

Sigrún bjó í um áratug fyrir austan en er núna flutt í Hafnarfjörð, þar sem hún segist kunna mjög vel við sig. Hún hefur kennt bæði við grunn- og framhaldsskóla í gegnum tíðina og segir mikinn mun þá á. „Í framhaldsskóla er maður ekki að ala upp, þetta eru einstaklingar sem eru komnir til þess að læra en í barnaskóla er maður líka mikill í uppeldishlutverki og í samskiptum við foreldra, það er bara mjög gaman hvort á sinn hátt.“

Í tilefni afmælisins ætlar Sigrún að gefa Söru stuðningsdóttur sinni í Nígeríu eina geit en hún hefur styrkt hana í sex ár. „Það mætti vekja athygli á því að þetta eru tæpar tvöþúsund krónur á mánuði sem maður styrkir þessi börn



SIGRÚN ODDSDÓTTIR AFMÆLISBARN Sigrún hefur gott útsýni yfir höfnina frá heimili sínu í Hafnarfirði og segist hafa mikið yndi af því að fylgjast með skipunum og lífninu á höfninni. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

um og þau fá skóla og fæði og lækni-
kostnað og allt greitt. Allt í einu blasir
við þeim nýtt líf, það væru örugglega
svo margir sem gætu bætt því við,
þetta er svo lítil peningur í sjálfu sér,“
segir Sigrún og bætir því við að hana
langi mjög að hitta stuðningsdóttur
sína.

„Ég ætla að halda dömubóð í tilefni
dagsins og bjóða vinkonum, og frænku-
um og mömmum og öllum stelpunum í
kringum mig,“ segir Sigrún. „Ég bara
vona að það verði líf og fjör eins og allt-
af þegar kvenþjóðin kemur saman,“
segir Sigrún að lokum.

gudrun@frettabladid.is.



50 ára afmæli

50 ára er í dag

Magnús Rúnar Magnússon

rafíðnfræðingur hjá Orkuveitu
Reykjavíkur til heimilis að
Hesthömrum 11 í Reykjavík.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda
á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.



HITABYLGJA Hinn tíu ára gamli Csami fær sér rastórán ávaxtafrostopinna í hitabylgjunni sem geislað hefur í Evrópu undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER!



HELGARBLAÐ DV ER KOMIÐ ÚT!

Helgarblað DV, Sirkus og DV sport!
Þreföld ánægja um helgar.

DV

LIFANDI PAPPÍR!

Grillveisla fyrir sælkera!

Úr
Kjötborði
Nóatúns

Sparaðu
800
kr.

LAMBAINNRALÆRI
ÚR KJÖTBORÐI

2.498 kr. kg

30%
afsláttur



TOSCANA GRILLPYLSUR

748 kr. kg.

30%
afsláttur



NÓATÚNS LÆRISSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR

1.609 kr. kg.

33%
afsláttur



NAUTAFILLE GRILLSPJÓT
MEÐ KANSAS MARINERINU

199 kr. stk.

Úr
Kjötborði
Nóatúns



FRÓN
SÚKKULAÐIKEK
MARÍA/ PÓLÓ

149 kr. pk.

E.FINNSSON,
GRILLSÓSUR

25%
afsláttur



PRINGLES
PAPRIKA/ ORIGINAL

169 kr. pk.

KRYDDSMJÖR

15%
afsláttur



TszZZ

ANÚMPT

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

Úr
Kjötbörði
Nóatúns

Úr
Fiskborði
Nóatúns



LAMBAFILLET
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU

2.998 kr.
kg



33%
afsláttur

LAXASPJÓT
MEÐ BBQ OG BACONSÓSU

399 kr.
stk.



Heitt MED
Heim

CHESTER FRIED
KJÚKLINGABITAR

99 kr.
stk.



33%
afsláttur

KEILUSPJÓT
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU

399 kr.
stk.



KARTÖFLUR MEÐ MOZZARELLA
MAÍSKÓLFUR

998 kr.
kg
169 kr.
stk.



GRILLBAKKAR - TILBÚNIR BEINT Á GRILLIÐ
fylltar kartöflur - fylltir sveppir - kryddaðir kartöflubátar
kryddað grænmeti - marinað grænmeti

STERLING GRILL

1714 ÖSAMSETT

14.900 kr.

verð áður 24.900

FRÁBÆRT VERÐ!



5 á dag

ferskur, vínber, perur og melónur
Sumarsælgæti
fyrir fjölskylduna

...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!

Ég er engin gangandi dúlla

Emilíönu Torrini vantaði afsökun til að fara á Borgarfjörð eystri og ákvað því að halda þar tónleika í annað sinn á jafnmörgum árum. Í þetta sinn dró hún kunningja sína frá Skotlandi með *Bergsteinn Sigurðsson* forvitnaðist um hvað hefði drifið á daga söngkonunnar síðan síðast.

Það er ekki boðið upp á sojakaffi á kaffihúsinu við Austurstræti svo Emilíana pantar sér te, sem er í svo framandi umbúðum að hún kallar á þjón sér til aðstoðar. Að lokum kemur hún tepokanum ofan í rjúkandi bollann og getur veitt blaðamanni alla sína athygli. „Ég spilaði í eitt og hálf tónár, fór svo beint að semja en tók mér svo frí,“ segir Emilíana um farir sínar frá því platan *Fisherman's Woman* kom út fyrir röskum tveimur árum við góðan orðstír. „Ég reyni bara að vera sem mest úti við þegar ég er í frí, sitja upp á einhverjum hól. Eða hanga á eBay,“ segir hún og hlær.

Borgarfjörður eystri í uppáhaldi

Á fimmtudag héldu hún og Skotarnir í Belle and Sebastian vel heppnaða tónleika á NASA við Austurvöll og í kvöld endurtaka þau leikinn á Borgarfirði eystri, en Emilíana söng þar reyndar í fyrra líka þegar hún fór í stutta tónleikaferð um landið.

„Þetta er uppáhalds staðurinn minn á landinu. Ég var þarna alltaf hjá ömmu á sumrin sem barn og vantaði bara afsökun til að fara þangað,“ segir hún hlær. „Ég var líka orðin þreytt á að spila bara í Reykjavík þegar ég kem hingað og ákvað að gera það að reglu að fara líka mikið út á land. Mér finnst skrítið hvað íslenskir tónlistarmenn túra lítið um landið sitt. Svo fara þeir út að meika það en hafa ekki einu sinni spilað fyrir fólkið heima sem er búið að vera þarna frá byrjun.“

Auk þess segir Emilíana að margt spennandi gerist á tónleikunum úti á landi sem myndi ekki gerast annars staðar. „Þegar ég spilaði á Ísafirði vantaði alla lýsingu á sviðið þannig að tónleikagestir komu með lampa að heiman og þeim var raðað á sviðið. Á Borgarfirði eystri spiluðum við í gömlu

bræðslunni, þar sem var búið að koma tveimur trillum fyrir inni. Í annarri kom hljóðmaðurinn sér fyrir og ljósamaðurinn í hinni og við fylltum bræðsluna af lækn-ingarjurtum úr garðinum hennar ömmu og kertum. Svo skein miðnætursólin inn um rifur og naglagöt á húsinu og birtan inni var undursamleg.“

Pólitískur náttúrusjúklingur

Þar sem Emilíana metur Borgarfjörð eystri og svæðið í kring mikils og lýsir sér þar að auki sem „náttúrusjúklingi“ list henni illa á að mikið landflæmi fari undir vatn þegar hleypt verður á

Ég er óttalegur sveimhugi og á stundum erfitt með að halda fókus, þannig að það verður alltaf einhver að vera með svipuna bakvið mig til að halda mér við efnið, annars væri ég komin út í sveit að rækta kartöflur.

Hálsalón í tengslum við Kárahnjúkavirkjun í haust. „Þessi virkjun er algjört rugl. Mér finnst þetta algjör óþarfi því það er ekki verið að gera þetta til að búa til rafmagn handa fólki heldur stóriðju. Það er alveg hægt að fara aðrar leiðir,“ segir hún og bætir við að það sé öllum hollt að vera dálítið pólitískir.

„Sérstaklega þegar það snertir eitthvað mikilvægt á borð við náttúruna. Sjálf er ég meðvituð um umhverfisvernd og tek þátt í henni eins og ég get; labba frekar eða hjóla í stað þess að keyra, ég endurvinn, nota allan lífrænan úrgang í



EMILÍANA TORRINI „Höfuðborgarsvæðið hefur breyst svo mikið á hálfum áratug að ég fyllist stundum óöryggiskennnd. Það er búið að reisa heilu bæina liggur við og ég rata ekki neitt lengur. Hvaðan kemur allt þetta fólk?“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

garðinn, vel matvörur, til dæmis kjöt, vandlega og svo framvegis.“

Ratar ekki í Reykjavík lengur

Emilíana býr í bænum Brighton, í grennd við London, og þrátt fyrir að vera á miklu flakki tónlistarinnar vegna segist hún hafa skotið þar rótum. „Þetta er smábær sem segja má að sameini það besta frá London og Reykjavík.“

Gatwick-flugvöllur er aðeins steinsnar frá sem gerir það að verkum að hún kemst oftar heim til Íslands til að slá á sárustu heimþrána. „Ég gríp þau tækifæri sem ég get. Það hefur verið skrítið að fylgjast með þróuninni heima utan frá. Höfuðborgarsvæðið hefur breyst svo mikið á hálfum áratug að ég fyllist stundum óöryggiskennnd. Það er búið að reisa heilu bæina liggur við og ég rata ekki neitt lengur. Hvaðan kemur allt þetta fólk?“

En það eru líka ánægjulegar breytingar. Það er mikill kraftur í listalífni til dæmis og fullt af fólki að gera nýja og skemmtilega hluti. Ég reyni að fylgjast með hvað er á seyði í tónlistinni, fer reglulega í 12 Tóna og tæmi búðina. Það er gott að eiga góða vini þar,“ segir hún og hlær.

Emilíana hefur þó lítið fylgst með umtalaðasta tónlistarmanni Íslands um þessar mundir og besta syni Borgarfjarðar eystri, Magna Ásgeirssyni, og frammistöðu hans í Rockstar: Supernova. „Ég horfi

svo lítið á sjónvarp, allra síst raunveruleikabætti. Ég fæ bara kjána-hroll. Það er búið að taka alla dulúðina úr rokkinu, eiginlega snúa því upp í andhverfu sína, og þá missi ég áhugann.“

Kröfurharðari við sjálfa sig

Emilíana flutti út rétt fyrir aldamót til að einbeita sér að tónlistinni og hefur á þeim tíma tekið út mikinn þroska sem tónlistarmaður, eins og *Fisherman's Woman* ber með sér. „Helsti munurinn eftir að ég flutti út er auðvitað sá að ég fór að semja tónlist og eftir því sem ég hef náð meira valdi á því verð ég þeim mun harðari við mig og vandlátari á það sem ég skila af mér. Þetta er ekki níu til fimm vinna sem er ágætt þótt ég óski þess stundum að það væri meiri regla á vinnunni. Ég er óttalegur sveimhugi og á stundum erfitt með að halda fókus, þannig að það verður alltaf einhver að vera með svipuna bakvið mig til að halda mér við efnið, annars væri ég komin út í sveit að rækta kartöflur. Þess vegna finnst mér betra að vinna með öðrum frekar en ein.“

Núna stendur hún frammi fyrir þeirri pressu í fyrsta sinn að útgáfufyrirtæki hennar vill fá nýja plötu ekki seinna en á næsta ári. „Ætli ég eigi nokkuð eftir að standa við það,“ segir hún og hlær. „En það er best að láta þessa menn fá á tilfinninguna að þeir ráði einhverju.“

Saknar sundlauganna

Hvort hún stefni í nýjar áttir á næstu plötu segir Emilíana það óráðið. „Ég læt það bara gerast sem verða vill.“ Hún stekkur hins vegar upp á nef sér spurð um hvort hún líti á sig sem merkisbera krúttkynslóðarinnar. „Hvaða krúttkynslóð er þetta eiginlega? Þetta hugtak fór algjörlega fram hjá mér. Sem betur fer því mér finnst þetta ömurlegt orð. Ég er engin gangandi dúlla!“

Emilíana verður á landinu fram á miðvikudag. Hún ætlar að taka með sér vini að utan austur á land og fara með þeim í útilegu á leiðinni aftur í bæinn. „Við ætlum að stoppa í einhverjum fallegum lundum, tjaldum og grilla. Ég reyni alltaf að komast út í náttúruna þegar ég kem heim. Til þess kem ég. Svo fer ég líka alltaf í sund. Mér finnst best að fara í sund að vetri til þegar það eru fáir á ferli og láta mig fljóta og finna snjóflýksurnar lenda á augnlokunum á mér. Auðvitað fæ ég stöku sinnum heimþrá en ég kem núgu oft heim til að verða ekki eirðarlaus.“

Hún sér ekki fram á að snúa heim fyrir fullt og allt í brád, jafnvel nokkurn tímann. „Draumurinn er að verða bóndakona uppi í sveit einhvern tímann. Eða kórstjóri einhvers staðar í Austur-Evrópu. Ég sé bara til. Það gerist ábyggilega eitthvað.“ ■



Emilíana í hnotskurn

TÓNLISTIN Í EYRUNUM: Heil ósköp, allt frá Yoko Ono og Grace Jones til TV on the Radio. Fer algjörlega eftir skapinu sem ég er í.

MYNDIN Í TÆKINU: Ég horfi lítið sem ekkert á sjónvarp og fer sjaldan í bíó. Síðasta mynd sem ég sá var Capote með Philip Seymour Hoffman og mér fannst hún virkilega góð.

BÓKIN Á NÁTTBORÐINU: Sagnfræðingurinn eftir Elizabeth Kostova. Hún er ekkert sérstök en ég er þannig úr garði gerð að ég drösla mér alltaf í gegnum allt þótt það sé leiðinlegt; klára til dæmis alltaf að horfa á bíómyndir sen ég byrja að horfa á sama hversu leiðinlegar þær eru.

ÁHRIFAVALDAR: Í tónlistinni eru það tvímælaust Nick Cave og Tom Waits. Ég veðradist alveg upp þegar ég frétti að Waits væri að fara að leika í mynd eftir Dag Kára. Dagur sagði mér að hann vantaði einhvern til að leika róna í myndinni og ég bauð mig fram.

12

MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

3

Prefaldur pottur!

**Náðu þér í Lottómiða á næsta
sölustað eða á lotto.is - þú gætir
unnið litlar 12 milljónir króna.**

Það getur allt gerst.



lotto.is

Hriktir í stoðum Kárahnjúkavirkjunar?

Skýrsla er byggir á nýjstu rannsóknum á framkvæmdasvæðinu við Kárahnjúka, sem átti að vera lokuð til ársins 2015, þykir sýna ótvírætt að framkvæmdasvæðið við Kárahnjúka sé á sprungusvæði. Niðurstöður rannsókna gefa þó ekki tilefni til þess, að mati Landsvirkjunar, að breyta fyrirhuguðum áætlunum. *Magnús Halldórsson* skoðaði niðurstöður skýrslunnar.

Skýrsla jarðfræðinganna Kristjáns Sæmundssonar og Hauks Jóhannessonar um sprungur á framkvæmdasvæðinu við Kárahnjúka, sem nýlega var gerð opinber og unnið var að í júlí og ágúst í fyrra, leiðir í ljós að sprungusvæðið liggur nær framkvæmdasvæðinu en áður var talið. Ítarleg rannsóknarvinna var unnin í kjölfar þessara upplýsinga, á vegum Landsvirkjunar, til þess að meta hvort þær breyttu einhverju um hönnun stíflunnar og hvort nauðsynlegt væri að breygðast við þeim með aðgerðum. Niðurstaða umsýjarmanna framkvæmdanna var sú að upplýsingarnar gæfu ekki tilefni til að breyta fyrirhuguðum áætlunum.

Nýjar upplýsingar glæða umræðu Umræða um það hvort Kárahnjúkavirkjun sé reist á sprungusvæði er ekki ný af nálinni. Fyrrri rannsóknir, sem unnar voru áður en framkvæmdirnar á Kárahnjúkum hófust, gáfu þær niðurstöður að sprungubeltið væri tólf kílómetrum vestan Kárahnjúkastíflu og því þyrfti ekki að grípa til sér-tækra aðgerða til þess að treysta stoðir stíflunnar. En niðurstöður rannsókna Kristjáns og Hauks glæða þetta djúpstæða og tilfinningaríka deilumál lífi að nýju þar sem ótvírætt er, út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja, að framkvæmdirnar fara fram á sprungusvæði og sprungubeltið er nær stíflustæðum en áður var talið. Það þarf þó ekki að þýða að varhugavert sé að reisa stífluna á svæðinu, þar sem með þéttingum og öryggisáðgerðum er hægt að

búa þannig um hnútana, að stoðir virkjana séu traustar, þrátt fyrir að þær séu reistar á sprungusvæði.

Niðurstöður Kristjáns og Hauks eru túlkaðir með þeim hætti, af hálfu framkvæmdaáðila, að litlar sem engar vísbendingar séu fyrir því að jarðskjálftavirkni á svæðinu hafi verið einhver síðan á ísöld. Á þeim forsendum er sú ályktun dregin að sprungusvæðið tilheyrir ekki virku jarðskjálftasvæði. Sem síðan dregur stórlega úr möguleikanum á því, að það hrikti í stoðum Kárahnjúkavirkjunar vegna jarðskjálfta á svæðinu á næstu áratugum eða öldum.


Miðað við aðstæður á svæðinu og burðarvirki virkjunarinnar er talið að virkjunin þoli jarðskjálfta upp á 6,2 á Richter-kvarða.

Sú túlkun niðurstaðna rannsókna Kristjáns og Hauks, að virkjunin á Kárahnjúkum sé ekki á virku sprungusvæði, er ekki einróma álit jarðvísindamanna. Þvert á móti telur Grímur Björnsson, jarðeðlisfræðingur og sérfræðingur í forðafræði jarðhita frá Berkeley háskóla í Kaliforníu, að niðurstöður rannsókna á jarðfræði svæðisins bendi til þess að um virkt sprungusvæði sé að ræða sem verði að rannsaka betur.

Búast má við því, þar sem það er ekki lengur deilumál hvort framkvæmdirnar eru á sprungusvæði, að miðpunktur umræðunnar um virkjanaf framkvæmdirnar á Kárahnjúkum, beinist nú að þeirri grundvallarspurningu hvort það geti haft afdrifaríkar afleiðingar að virkja á sprungusvæði.



FRÁ FRAMKVÆMDASVÆÐINU VIÐ KÁRAHNJÚKA Nýjstu rannsóknir á framkvæmdasvæðinu við Kárahnjúka sýna ótvírætt að Kárahnjúkavirkjun er reist á sprungusvæði. Niðurstöðurnar eru þó ekki taldar hafa áhrif á framgang Kárahnjúkaverkefnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



YFIRLITSKORT AF SVÆÐINU Kortlegging, er byggir á rannsóknum á Kárahnjúkasvæðinu, sýnir jarðfræði Kárahnjúkasvæðisins út frá rannsóknum sem unnar voru í júlí og ágúst í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ISOR

Ágreiningur um niðurstöður rannsókna á virkjunarsvæðinu



SIGURÐUR ARNALDS Talsmaður Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stendur enn á traustum stoðum

„Undir öllum eða langflestum stíflum er eitthvað sem kallar á aðgerðir til þéttingar og Kárahnjúkastíflan er engin undantekning frá því. Til dæmis má nefna, að stíflurnar í Tungnaá standa á hraunum sem runnu eftir ísöld. Þar var vandamálið ekki sprungur, heldur það, að hraunin frá þessum tíma eru lek og hafa ekki verið þjöppuð af ísaldarísnum. Þetta var töluvert mikið mál þegar að stíflunum var unnið en með tímanum hefur þetta lagast. Við vissum af sprungu sem var skáhallt yfir gljúfríð þar sem hún sást greinilega í bergveggnum. En þrátt fyrir athuganir á svæðinu þá er aldrei hægt að fullvissa sig algjörlega um aðstæður, fyrr en búíð er að moka lausum jarðvegi ofan af undirstöðunni. Þegar því verki lauk var stíflan endanlega hönnuð miðað þær upplýsingar. Ráðstafanir sem gripið er til við svona aðstæður, eru þéttingar og svo aðlögun stíflunnar að fræðilegri hreyfingu sprungna. Þá þurfti að hanna steyptar undirstöður með þeim hætti að þær gætu hreyfst. Þetta var hannað þegar menn höfðu það fyrir augum hvernig aðstæður á svæðinu væru. Snemma á byggingartímanum fengu Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannesson það hlutverk að kortleggja jarðhita á svæðinu. Þeir reka fljótlega augun í sprungur, sem menn höfðu ekki rekið augun í áður, ekki undir stíflunni heldur inni í lóninu. Þetta var rannsakað frekar, með það að markmiði komast að því hvort jarðvegurinn, sem varð til eftir ísöld, hafi hreyfst eða ekki. Niðurstaðan úr þessari rannsókn var sú að sprungurnar á Kárahnjúkasvæðinu væru eldri og teljast því ekki til virkra sprungubelta. Það sem breytti heildarmynd jarðfræðilegra forsendna á svæðinu var það að eystri mörk sprungusvæðisins, sem kennt er við Kverkfjöll, voru talin vera um tólf kílómetra vestan Kárahnjúkastíflu. En miðað við nýjstu rannsóknir, sem gerðar voru í júlí og ágúst í fyrra, er sprungusvæðið mun nær svæðinu. Þá þurfti að endurmeta forsendur fyrir jarðskjálftaverkfræði. Þeir gáfu út skýrslur sem hönnuðir stíflunnar notuðu til þess að yfirfara þær forsendur sem lágu fyrir þegar framkvæmdir hófust. Niðurstaðan úr endurmati á stöðunni, í ljósi upplýsinganna sem rannsóknir Kristjáns og Hauks leiddu í ljós, var sú að stíflan stendur traustum stoðum, en nokkrum atriðum var breytt til frekara öryggis. Ef svo ólíklega vildi til að jarðskjálftar yllu hreyfingum á jarðvegi, sem er afar ólíklegt í ljósi upplýsinganna sem liggja fyrir, þá er hönnun stíflunnar miðuð við þær. Það er alltaf heppilegt að vita allt um þau svæði þar sem unnið er að byggingum. Nýjar upplýsingar um jarðfræði svæðisins á Kárahnjúkum skiptu ekki sköpum um heildarmynd verkefnisins við Kárahnjúkastíflu og það er kjarni málsins. Ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir, þegar ákvörðun um byggingu stíflunnar var tekin, þá hefðu þær engu breytt um framgang verkefnisins.“



GRÍMUR BJÖRNSSON Jarðeðlisfræðingur og sérfræðingur í forðafræði jarðhita. FRÉTTABLAÐIÐ/GRÍMUR

Framkvæmdirnar á virku sprungusvæði

„Út frá jarðvísindalegum niðurstöðum þessarar skýrslu, er að mínu mati ótvírætt að stíflurnar eru reistar á virku sprungusvæði. Þess vegna finnst mér rökrétt, og nauðsynlegt, að áhættumat á svæðinu verði endurtekið. Það þyrfti að setja upp jarðskorpulíkön, sem tengja saman spennusviðið í berginu, og vatnsþrýstinginn. Út frá þess háttar rannsóknum er hægt að fá niðurstöður sem mark er á takandi. Það hljómar ekki vel að dýrasta og stærsta framkvæmd Íslandssögunnar, sem íbúar landsins gangast í ábyrgð fyrir, skuli felast í því að reisa risavaxið mannvirki á virku sprungusvæði. Til þess að það hljómi vel þá þurfa ítarlegar rannsóknir á jarðfræði svæðisins í heild að hafa farið fram, og þær þurfa að sýna ótvírætt að áhættan sé ekki það mikil að það borgi sig að fara út í framkvæmdina. Þessar rannsóknir lágu ekki fyrir þegar ákveðið var að ganga til samninga við Alcoa, og því má leiða af því líkur að ekki hafi verið nægilega vel vandað til verka. Hugmyndalíkanið af Íslandi, í jarðvísindalegu tilliti, hefur alltaf verið það að ef fyrir finnst jarðhiti þá séu sprungur á því svæði virkar. Það sést á korti, sem fylgir skýrslunni, að jarðhiti finnist á svæðinu og út frá því er hægt að tala um virkt sprungusvæði. Niðurstöður Kristjáns og Hauks sýna að jarðhiti sé á svæðinu þar sem stíflur eru reistar. Ég get vel skilið að menn geti verið ósammála um þær niðurstöður sem fyrir liggja í rannsóknum á svæðinu. Það er alþekkt í vísindum. En þegar þannig blasir við, þurfa menn að leita leiða til þess að rannsaka málið enn frekar með ítarlegri rannsókn, sem gefa betri vísbendingar um það hvernig jarðfræði svæðisins er í raun og veru. Áhættumat vegna þeirra niðurstaðna sem fyrir liggja verður fara fram að nýju. Það liggur fyrir að framkvæmdirnar hófust án þess að svæðið hafi verið rannsakað nægilega vel. Nýjstu rannsóknir staðfesta það. Ein helsta ályktunin sem hægt er að draga af þeim niðurstöðum, sem leiða það í ljós að undirbúningurinn fyrir framkvæmdina var ekki nægilega góður, er að aðferðafræðin við að fjármagna virkjunina var ekki nægilega vel ígrunduð. Það er best að þeir sem lána fé til mannvirka af þessu tagi þurfi að taka veð í mannvirkinu, því þá hafa þeir mikla hagsmuni af því að meta niðurstöður rannsókna eins og þeirra sem liggja fyrir nú. Miðað við þá fjármögnunarleið sem valin var, það er fjármögnun með ríkis- og borgarábyrgð, þá liggur fyrir að það er freistandi að leiða hjá sér niðurstöður nýrra rannsókna á framkvæmdatíma. Það er mín skoðun. Það er alveg ljóst að ef stíflurnar á svæðinu eru reistar á virku sprungubelti sem getur gliðnað og hreyfst til og þar af leiðandi valdið minni framleiðslu virkjunarinnar, þá tapast peningar sem Íslendingar ábyrgjast. Það er ekki úr vegi að minnast á það, að Sauðárfoßsmisgengið, sem liggur í gegnum framkvæmdasvæðið á Kárahnjúkasvæðinu, hefur hreyfst þrisvar á nútíma. Það er óumdeilt. Það þýðir að það hefur gerst á 3.000 ára fresti. Ef menn trúa því, að jarðhreyfing verði með reglulegu millibili, eins og oft er gengið út frá, þá má geta sér þess til að jarðhreyfing gæti orðið á svæðinu á næstu áratugum eða árhundraðum. Ég hef lengi haft, út frá mínum bakgrunni sem vísindamaður, mikla ónotatilfinningu fyrir þessu stíflustæði. Nýjstu rannsóknir styrkja þá tilfinningu enn frekar.“



MARAPON Á MÚRNUM

Íslenskir hlaupagarpar ferðuðust til Kína og hlupu eftir Kínamúrnum.

BLS. 4

TORFÆRAN ER KOSTNAÐARSÖM

Ragnar Róbertsson tekur þátt í torfærumótum um land allt.

BLS. 3



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ


ALLT HITT

[BÍLAR FERDIR]

Reiknaðu út viðmiðunarverð á bílum inni á heimasíðu BÍLgreinasambandsins, www.bgs.is. Veldu framleiðanda, týpu, akstur og árgerð. Heimasíðan sér um að reikna út verð frá aldri, akstri og afskriftum. Verðið er þó einungis til viðmiðunar en mjög sniðugt engu að síður.

Munið að athuga með olíu, rúðupiss, loft í hjólbörðum og fleira nauðsynlegt áður en haldið er út á land. Það er ekki nóg að vera vitur eftir á.

Borgarfjörður eystri er með heitari svæðum landsins um þessar mundir. Í kvöld halda Belle & Sebastian og Emilliana Torrini stórtónleika í þorpinu og er búist við um þúsund gestum á svæðið. Um verslunarmannahelgina er einnig búist við fjölmenni á Álfaborgarsjens.



Gönguhátíð í Vesturbyggð fer fram um helgina. Hún hófst í gær og stendur fram á sunnudag. Þeir sem hafa áhuga á að skreppa í göngu ættu að skoða dagskrána en í boði eru stuttar og langar gönguferðir.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 29. júlí, 210. dagur ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

| | | | |
|-----------|------|-------|-------|
| Reykjavík | 4.24 | 13.34 | 22.42 |
| Akureyri | 3.50 | 13.19 | 22.45 |

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Birgir er að vonum ánægður með fornbílinn Ford Galaxie sem hann keypti á Ebay.FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fann forn bíl á Ebay

Birgir Sigurjónsson fornbílaeigandi festi nýlega kaup á Ford Galaxie 500 Ltd, árgerð 1965. Birgir er mjög ánægður með bílinn og segir hann vera í frábæru ástandi.

„Ég fann hann á Ebay en maður þorir varla að segja frá því,“ segir Birgir. „Mönnum finnst það ansi djarft að taka svona stóra áhættu því oft eru þessir bílar sem menn eru að kaupa á Ebay algjör skrapatól. Ég fékk hins vegar meira en 30 myndir af þessum bíl og því ákvað ég að taka áhættuna. Það borgaði sig alveg.“ Bíllinn sem Birgir keypti er í góðu ástandi enda hefur honum aðeins verið ekið 16.000 mílur á rúmum fjórum áratugum. „Það varla sér á honum, hann er alveg eins og nýr. Það eina sem ég hef þurft

að gera er að skipta um dælur í bremsunum, næstum því allt annað er upprunalegt.“

Birgir viðurkennir að hann setjist aðeins undir stýrið á bílnum við góð tækifæri og hann hafi ekki í hyggju að fara á malarvegi á honum. „Nei ertu alveg frá þér, ekki á svona bíl. Ég geymi hann ekki einu sinni úti,“ segir hann hlæjandi. Aðspurður um hvort svona bíll eyði ekki miklu bensíni svarar hann: „Vafalaust gerir hann það, en það er aldrei mælt á svona bílum enda eru þeir ekki keyrðir það mikið að maður spái í það.“

Þetta er forn bíll númer tvö hjá Birgi því hann á fyrir annan bíl sem hann er að gera upp um þessar mundir. „Ég er bara svo heppinn að vera með góða aðstöðu fyrir bílana í fyrirtækinu sem ég rek og get því geymt þá þar inni allt árið.“

valgeir@frettabladid.is

George Michael á sviði

EXPRESS FERÐIR LÁTA EKKI Á SÉR STANDA OG ÆTLA AÐ SKELLA SÉR MEÐ GÓÐUM HÓPI Á TÓNLEIKA MEÐ GEORGE MICHAEL Í LUNDÚNUM.

George Michael ætlar í tónleikaferð í lok þessa árs og í nóvember mun hann koma fram í Lundúnum. Aðdáendur kappans hafa tilefni til að hoppa hæð sína af gleði því Express ferðir láta ekki sitt eftir liggja og ætla að skemmta sér ærlega með fríðu föruneyti ferðamanna í Lundúnum á tónleikum George Michael.

Tónleikarnir, sem verða með einskona „best of“ sniði, verða haldnir á Earls Court þriðjudaginn 28. nóvember. Ferðin kostar 69.900 krónur á mann og innifalið er flug, gisting í tvær nætur með morgunverði og miði á tónleika George Michael. Ef áhugi er fyrir hendi að lengja ferðina þá er það lítið mál.

Tónleikar George Michael verða án efa eftirminnilegir.



Húsgagna

Lagersala

Komdu og gerðu góð kaup
Allt að 80% afsláttur
af útlitsgölluðum vörum

Krókhálsi 10
sími: 557-9510
20. - 31. júlí
9-18 virka daga
10-16 laugadag

Rúm — Borð — Sófar — Skápar — Speglar — Púðar — Nuddstólar — og margt fleira...



**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.**

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 · www.bfo.is



Sófasett sem létt og skemmtilegt er að keyra

Reynsluakstur Ford Explorer Limited.

Ford Explorer er flestum Íslendingum að góðu kunnur. Nýjasta útgáfan er kraftmeiri, sterkari, þægilegri, hljóðlátari, eyðslugrennri og öruggari en fyrri útgáfur. Grindin er stífari, innra rými hefur verið hugsað upp á nýtt og sama má segja um stýris- og fjöðrunarbúnað. Það var því óeitanlega frekar spennandi að hoppa upp í 292 hestafla Limited útgáfunna og athuga hvernig til hefði tekist.

Við fyrstu kynni er tvennt sem einkennir nýjan Explorer. Annars vegar þægindi og búnaður og hins vegar góðir aksturseginnleikar á malbiki.

Fjöðrunin spilar stórt hlutverk í því síðarnefnda og hélt bílnum mjög stöðugum og nánast límdum við malbikið, hvort sem farið var fyrir götuhorn eða upp Kambana á 90. Þó að bíllinn skorti ekki hina sófalegu amerísku mýkt er hann



REYNSLUAKSTUR

Nýr Ford Explorer er léttur og lipur í akstri þrátt fyrir að innanrými sé mikið.

FRÉTTABLAÐID/CVA

Gabriel höggdeyfar, AISIN kúplingssett, TRISCAN spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir.

Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nef-hjól á kerrur. Bílamottur.

Gsvarahlutir

Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

**ALDREI STÆRRI
OG VINSÆLLI!**

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

FM957

Auglýsingasími: 550 5000

alveg laus við að halla eða stinga sér í beygjur. Í raun minnir fjöðrunin eilítið á sportbíl en kom þó ágætlega út á grófum malarvegi þar sem bíllinn lét vel að stjórn og hristist ekki óþarflega mikið.

Hvað búnað og þægindi varðar er Explorer ríkulega búinn. Í miðstokki bílsins eru meðal annars miðstöð með sjálfvirknimöguleika, rofar fyrir aksturstölvu, fjórhjóladrif, lágt drif, hiti í sætum og veltu- og skriðvörn. Allir rofar eru mátulega stórir og skýrir og nægilega fáir til að auðvelt sé að rata á þá. Á stýrishjólinu eru rofar fyrir skriðstilli, útvarp og miðstöð. Allt er þetta mjög þægilegt og aðgengilegt.

Í bílnum sem var prófaður er 4,6 lítra V8 bensínvél og sex þrepa sjálfskipting. Vélin hefur yfirdrifid afl og aðeins þarf að nota brot af inngjöfni til að keyra bílinn á lipran og skemmtilegan hátt. Með tæp þrjúhundruð hestöfl í húddinu krefst það mikillar sjálfstjórnar, svo bíllinn eyddi umtalsvert meiru en uppgæfnum 14,7 lítrum meðan á reynsluakstri stóð.

Með þessari vél, sem togar 406 Nm, er bíllinn 7,7 sekúndur í hundrad og það verður að teljast mjög gott fyrir 2,2 tonna bíl. Sjálfskiptingin er greinilega amerísk og tekur ekki strax við sér ef bíllinn er botnaður, en reyndist mjög ljúf og mjúk í venjulegum akstri.

Innréttingin í þrífubílum var úr ljósu leðri og gerviefnum. Hún er aðlaðandi, ekki síst þegar skyggja tekur og ljós lýsa í gegnum alla rofa, en með örlítið breyttum áherslum í efnisvali og frágangi mætti breyta henni í lúxusinnréttingu. Bíllinn er einnig til í sex og sjö sæta útgáfum en í fimm sæta útgáfunni, sem var prófuð, er farangurspláss mjög mikið. Nokkur minni geymsluhólf eru hér og þar um bílinn, sem og

Ford Explorer Limited
Vél: V8 4,6 lítra bensín
292 hestöfl / 406 Nm
Eyðsla, bl. akstur: 14,7 l/100 km
0-100 km/klst: 7,7 sek.
Þyngd: 2.215 kg
Dráttargeta: 3.300 kg
Farangursrými: 1.277 lítrar

PLÚS
Þægilegur og léttur í akstri
Kraftmikill og sprækur
Fjöðrun
Innra rými mikið

MÍNUS
Eyðsla
Aftursæti ekki fyrir hávaxna á langferðum

glasahaldarar, sem undirrituðum þykir mikill kostur.

Þótt Explorer sé fullvaxinn bíll, og innanrými hans mjög gott, er hann léttur í stýri og hefur óvenjagóðan beygjuradús. Hann er mjög auðveldur í meðförum innanbæjar, jafnvel þegar bakkað er í stæði, þökk sé bakkskynjara sem lætur vita með hljóðmerki hversu langt má bakka.

Á vegum úti minnir Explorer á sófasett. Hann líður hljóðlega og áreynslulaust áfram og í mjúkum leðursætum fer vel um alla. Framstólarnir eru stillanlegir með rafmagni og fyrir bílstjórastólinn er hægt að vista tvær stillingar í minni. Þegar lykllinn er tekinn úr kveikjulásum rennur bílstjórastólinn aftur og auðveldar aðgengi. Aftursætin eru þægileg en full grunn til að henta hávöxnum til langferða, auk þess sem sætisbók eru brött. Fótaþláss er þó vel boðlegt hvaða körfubolta-manni sem er.

Ford Explorer kostar frá 4,3 milljónum hjá Brimborg.

einareli@frettabladid.is


Tryllitæki og reykur - í dag Komdu á NEXEN drifter aksturskeppnina

**Keppnin fer fram á bílastæði
Mjólkursamsölnunnar að Bitruhálsi í Reykjavík
í dag laugardag 29. júlí kl. 16 til 19.**

Drifter-keppni felst í eins konar „freestyle akstri“ með kröftugu spóli í hringi og skriði (slide) eftir brautinni innan tímamarka. Þetta er frábær skemmtun sem þú verður að sjá. Komdu á NEXEN drifter aksturskeppnina.

Lestu um keppnina: www.max1.is

Aðgangseyrir er 500 kr.
Frítt fyrir 11 ára og yngri í fylgd forráðamanna.



Keppnishaldarar NEXEN drifterkeppninnar eru BÍKR (Bífreiddalþróttaklúbbur Reykjavíkur) og Max1 Bílavaktin í Reykjavík í samstarfi við dekkjaframleiðandann NEXEN, sem jafnframt er styrktaraðili keppninnar. Þetta er í annað skiptið sem svona keppni er haldin hér á landi.



Hægt er að opna afturhlerann í heilu lagi, eða bara afturrúðuna eins og hér sést. Gott fyrir innkaupapakana.



Hægt er að leggja afturstæðið niður 40/60 og myndast þá slétt gólf við farangur-geymslu.



Mælaborðið er vel skipulagt og einfalt í notkun miðað við allt sem þar er að finna.



Hliðarspeglar eru stórir og allsérstæðir í laginu.



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Taka tvö

Það hefur örugglega komið fyrir okkur öll að við höfum gert mistök sem við sjáum eftir. Hvort það var að svara vitlaust á prófi, gera grín að yfirmanninum meðan hann stóð rétt hjá eða nota pipar í staðinn fyrir hveiti þegar við bökkum piparkökur... það skiptir ekki öllu, við þekkjum tilfinninguna.

Þess vegna er svo frábært að yfirleitt getum við reynt aftur og gert betur næst. Við fáum annað tækifæri. Svölitið eins og taka tvö í bíómynd. Þannig er það oftast á okkar eigin valdi hvað verður úr lífi okkar. Ef illa tekst til í fyrstu er bara að reyna aftur og hafa gaman af öllu saman.

Í umferðinni verðum við að gleyma þessum annars ágætu lífsreglum og leggja alla áherslu á að spila rétt úr því sem við höfum á hendi, strax frá upphafi. Þar er nefnilega ekki víst að tækifærin verði fleiri. Þar spilum við upp á líf og dauða.

Á þessum árstíma fer alltaf um mig smá óhugur. Ég minnst fyrri verslunarmannahelga og þeirra slysa sem orðið hafa í umferðinni á þessari mestu ferðahelgi ársins. Ég get því ekki ítrekað það nóg samlega við þig að fara varlega. Gefðu þér tvær mínútur í upphafi helgar til að hugleiða skynsamlegustu leiðina til að komast frá helginni án þess að þurfa að stóla á annað tækifæri.

Slepptu öllum hraðakstri.

Hann skilar þér kannski fimm mínútum fyrr á áfangastað en tekur margfalt meiri tíma af lífi þínu sökum streitu. Ef þú kemst þá á áfangastað.

Akstur og áfengi? Ég þarf nú ekki einu sinni að benda þér á hversu heimskulegt það er. Vona bara að þú passir upp á vinina líka.

Og mér er líka alveg sama hversu óþægilegt það er að vera með bílbelti. Hefur þú einhvern tíma flogið í gegnum framrúðu á bíl, eða lent undir honum í veltu? Það er óþægilegra, trúðu mér.

Hvort sem þú ert undir stýri eða farþegi þá er það í þínum höndum að standa vörð um þitt líf og þeirra líf kringum þig. Ekki láta skemmtilegustu helgi ársins enda með fórn á köldu altari götunnar. Þú hefur annað og meira við líf þitt að gera.

Því miður er ekki alltaf nóg að passa sjálfan sig. Í umferðinni þurfum við líka að vera vakandi fyrir öðrum vegfarendum og allra helst þegar umferð er mikil eins og raunin verður um næstu helgi. Passaðu því upp á bilið á milli bíla og gættu þín á umferð úr gagnstæðri átt og á vegamótum.

Í sem fæstum orðum: farðu varlega um næstu helgi. Ekki taka áhættu. Ekki giska á svarið eða slumpa á uppskriftina. Kannski færðu ekki annað tækifæri. Kannski verður engin taka tvö.



Hluti af þeirri tækni sem BMW notar til að leggja sjálfur í stæði er þegar til staðar í 7-línunni.

Leggur sjálfur í stæði

Tækni á markað innan þriggja ára.

Án þess að það sé algjörlega ljóst af hverju, þá hefur BMW lýst því yfir að innan þriggja ára verði boðið upp á búnað sem sér um að leggja bíl sjálfkrafa í stæði, án þess að mannshöndin komi þar nærri. Bílstjórnin þarf ekki einu sinni að vera í bílnum á meðan.

Hluta af þeirri tækni sem búnað-

urinn mun styðjast við er til dæmis að finna í 7-línunni frá BMW í dag. Viðbótin felst meðal annars í lítilli linsu sem komið er fyrir við bíla-stæðið eða inni í bílskúr. Lítil myndavél í stuðara bílsins sér svum um að reikna stöðu og fjarlægð bílsins frá linsunni og stýrir stjórnækjum bílsins eftir þeim upplýsingum.

Allt sem bílstjórnin þarf að gera er að ýta á einn hnapp og bíllinn sér um afganginn.

Nýr Hyundai Coupe kynntur

Fyrstu myndirnar af hinni nýju 2007 árgerð af Hyundai Coupe voru kynntar nýlega. Billinn, sem er þekktur sem Hyundai Tiburon í Bandaríkjunum, mun að sögn fyrirtækisins fara fyrst í sölu í Evrópu og síðar í Ameríku. Tveggja lítra vél verður staðal-búnaður í bílnum en einnig kemur billinn með 2,7 lítra V6 vél og þá með sex girum.



Torfæran er kostnaðarsöm

Ragnar Róbertsson tekur þátt í torfærumótum um land allt. Hann segir töluverðan kostnað geta farið í að halda úti torfærujeppa.

Ragnar segir áhugann fyrir torfærunni hafa vaknað þegar hann fór að fylgjast með keppnum og ekki hafi liðið á löngu þar til hann settist sjálfur undir stýri. „Ég tók fyrst þátt í einni torfærukeppni árið 1997, nokkrum keppnum árin 1998-99 og hef keppt reglulega eftir það.“

Það er misjafnt hvað Ragnar tekur þátt í mörgum keppnum á ári, enda mismörg mót í boði. Í fyrsta keppti hann þrisvar sinnum, en stefnir á níu mót í sumar. Næst tekur hann þátt í móti á vegum AIFS sem haldið verður á Blönuósi 12. ágúst.

Aðspurður segir Ragnar ógerning að æfa beinlínis fyrir mót, þar sem engin æfingasvæði séu fyrir hendi. „Við höfum raunverulega engin svæði til að æfa okkur á. Keppnishaldarar leigja yfirleitt malarnámur undir mót af verk-tökum,“ útskýrir hann. „Þetta fer yfirleitt fram í gryfjum á meðan vinna er ekki í gangi. Hella er undantekning þar sem Flugbjörgunarsveitin heldur keppnina og útvegur svæðið.“

Ragnar bætir við að eitt besta ráð til að undirbúa sig fyrir mót sé að fylgjast vel með keppnum. „Maður getur lært ótal margt af því og eins af akstrinum sjálfum. Segja má að æfingin skapi meist-arann.“

Sjálfur keyrir Ragnar heima-smíðaðan bíl sem hann líkir við



Ragnar heldur úti heimasíðunni www.4x4.is þar sem finna má ýmsan fróðleik um torfæru-akstur.

FRETTABLAÐIÐ/HRÖNN

Willis. Hann segir mikinn tíma fara í viðhald á bílnum og bætir við að viðhaldskostnaður á torfærubílum geti verið töluverður. „Ég hef heyrt að átta milljónir hafi farið í viðhald á einum bíl yfir árið. Þetta er náttúrulega há upphæð, en þegar hátt er í huga að aðeins eitt dekk kostar 90.000 kr. sést hversu fljótt þetta tynist saman.“

Ragnar segir þátttökugjald og ferðalög hins vegar ekki vera svo kostnaðarsöm. Þátttökugjald fyrir næstu keppni sé til að mynda 7.500 kr. „Þó er gott að hafa styrktaraðila á bak við sig, enda ekki allir í aðstöðu til að bera kostnað af þessu sjálfir,“ bætir hann við í lokin.

roald@frettabladid.is

Veldu FordTransit



Glitnir gerir nýtt tilboð í fjármögnun á Ford Transit

24.220

Ford Transit 280S 2,0TD 85 hó. 5 girá*

Skoðaðu nýtt tilboð Glitnis í fjármögnun sendibíla frá Ford. Gott verð og gott tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford sendibílum gerir Transit að hagstæðum kosti fyrir fyrirtæki. Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu hvað þú færð aukalega þér að kostnaðarlausu.

Sérhæfð atvinnubílaeild Ford

Fáðu sérhæfða ráðgjöf. Skoðaðu allar forsendur, fjárfestu í rétta bílnum. Boðaðu sérhæfða söluráðgjafa atvinnubíla Ford til þín. Komdu jafnvel við í ný húsaýrni Ford atvinnubíla, Bíldshöfa 6. Talaðu við Hörð Guðjónsson eða Ólaf Friðsteinnsson sérfræðinga okkar í rekstri Ford atvinnubíla.

Veldu rekstraröryggi. Komdu í Brimborg. Veldu Ford.

Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu aukabúnaðinn sem þú færð aukalega án aukakostnaðar.



| | |
|--|---------------------------|
| ● Ford Transit 280S 2,0TD 85 hó. 5 girá* Hleðslurými: 2.540 x 1.762 x 1.430 m | |
| Tilboðsverð á vsk. | 1.843.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk. 10% útborgun | 24.220 kr. 184.300 kr. |
| Rekstrarleiga má. (75 þús. km) án vsk. | 36.418 kr. |




| | |
|--|---------------------------|
| ● Ford Transit 300M 2,0TD 85 hó. 5 girá* Hleðslurými: 2.905 x 1.762 x 1.745 m | |
| Tilboðsverð á vsk. | 2.122.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk. 10% útborgun | 27.826 kr. 212.200 kr. |
| Rekstrarleiga má. (75 þús. km) án vsk. | 41.800 kr. |

Gott verð. Nýttu þér tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford Transit. Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.



Við staðgreiðum gamla bíllinn þinn. Þú veitir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bíllinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veilir þú bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford Transit.



Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Aftaðu þér frekari upplýsinga
www.ford.is



Öruggur staður til að vera í

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Öll með í upplýsingum eru án vinstuáskatts. Brimborg og Ford þakka sér rítt til að breyta verð og bílaútlán og bílaútlán og skiptingum. Líta er fjármögnunarleiga með 10% útborgun og mánaðarkostnaði 184.300 kr. og eru bílar breytir og veltur og gengi eflendis mæta 50% ísk. / 50% eftir mýturta. Lega er rekstraleiga og er mótú við mánaðarkostnað 184.300 kr. mánuði sem eru háðir þessum mýturta og veltur þessum. Skilur og þjónustufreki samkvæmt teki framleiðanda og Brimborg er innihaldið í þessum gæðum og allt að 75.000 km á ári á ári. ** Staðgreitt: 45 dagar eftir afhendingu nýja bílsins. Nærri upplýsingar veita sölufólki Brimborg.



Stöðin er öll hin glæsilegasta.

Porsche stækkar

PORSCHE HEFUR OPNAÐ NÝJA 10.000 FERMETRA HÖNNUNAR- OG ÞRÓUNARSTÖÐ Í HEIMALANDI SÍNU ÞÝSKALANDI.

Stöðinni er ætlað að þjóna keppnisliðum Porsche sem og einstaka ökumönnum sem keppa á bílum frá fyrirtækinu. Á svæðinu fer einnig fram þróunarvinna fyrir kappakstursbíla og vonast Porsche-menn eftir betri árangri keppnisliða sinna með tilkomu svæðisins.

- tg

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar – frábær verð

SENTINEL
HELLUR

Allir þekja hina landsfrægu vara-
hluta- og viðgerðarþjónustu okkar.

HELLUR.com
.. í einum grænum

G. Tómasson eftf • Sóðarvogi 6 • sími: 577 6400 • www.hellur.com • hellur@hellur.com

WWW.ABVARAHLUTIR.IS

EIGUM ÁVALT Á LAGER VARAHLUTI Í FLESTAR GERDIR BÍLA

BOÐDHLUTIR • GRINDUR • LÍÐS • SPEGGAR • SÍÐHLUTIR • VÁTRGASSAR OG FLERA

ERUM YKKAR BÓNUSSÍ BILAVARAHLUTUM

Bílahlutfélagið 18 • Sími: 567 6020 • ab@abvarahlutir.is • www.abvarahlutir.is • Opið virka daga 8-18



Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi hjá Umferðarstofu, vonast til að átakið fækki tilfellum alvarlegra umferðarslysa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fræðsla um tjón umferðarslysa

Umferðarstofa stefnir á að heimsækja menntaskóla í haust til að ræða umferðarslysa og fá til liðs við sig fórnarlömb alvarlegra slysa til að miðla af reynslu sinni.

„Við stefnum á að fá bæði fórnarlömb og sökudólga umferðarslysa, ef svo má að orðum komast, til að fara með okkur í skólana til að uppfæra nemendur um það gífurlega tjón sem umferðarslysa geta valdið,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi hjá Umferðarstofu.

Einar segir ekki mikið rætt um þá sem slasað alvarlega í umferðarslysum á Íslandi í fjölmiðlum, heldur snúist umræðan miklu fremur um banaslysa í umferðinni. Einar vonast til þess að átakið í haust bæti úr því og ýti af stað ítarlegri umfjöllun um alvarleg meiðsl. „Þótt auglýsingar beri alltaf ákveðinn árangur er öðruvísi að tala beint við þá sem hafa upplifað slysa af eigin raun og teljum við að þessi nálgun eigi eftir að hafa áhrif.“

Þess má geta að tilfellum alvarlegra slasaðra í umferðinni hefur fækkað á undanförunum árum á

Íslandi. Árið 2005 slösuðust 129 manns alvarlega í umferðinni, 145 árið 2003 og 164 árið 2002.

Á fyrstu sex mánuðum þessa árs slösuðust 56 manns, miðað við 54 manns á sama tíma í fyrra. 14 manns á aldursbilinu 13-20 ára eru í hópi hinna slösuðu, en aldursdreifing er nokkuð jöfn. Af þessum 56 eru karlar í meirihluta eða 37 talsins.

Hæst er hlutfall ökumanna í hópi hinna slösuðu, eða 35 manns af 56. Næst koma farþegar sem eru fimmtán talsins. Loks eru fimm vegfarendur og einn hjólríðamaður. roald@frettabladid.is

SONATA
Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsuþjöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- Öryggisstilling fyrir barnabílstól
- 40/60 afturbekkur með armpúða
- 462 lítra farangursrými

Lúxusbíll á fólksbílaverði

1. sæti í IQS gæðakönnun JD Power



Nýr Hyundai SONATA GSL 2.0i
kr. 2.290.000



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin



Lítill og sætur? Stjórnendur Top Gear héldu vart vatni yfir þessu kyntrólli.

Kynæsandi bifreiðar

Litla ítalska undrið kemur enn á óvart.

Stjórnendum breska tímaritsins og sjónvarpsþáttarins Top Gear virðast engin takmörk sett hvað varðar hugmyndaflug og gamansemi. Nýlega settu þeir saman lista yfir bíla sem þeim fannst bera af í kynþokka.

Það kom kannski fáum á óvart að finna á listanum bíla á borð við Aston Martin DB, BMW M1 og Rolls-Royce Phantom á listanum en sá bíll sem endaði í efsta sæti hlýtur að vera einhvers staðar á Woody Allen slóðum kynþokkans, Fiat 500.

Hugsanleg skýring er sú að ferómón sé að finna í útblæstri þessa litla bíls en James May, ritstjóri Top Gear, segir að bíllinn „gefi engar yfirlýsingar um eigandann, nema að hann þurfi ekki að þykjast eitt eða neitt,“ og það er greinilega mjög kynþokkafullt – að minnsta kosti á þeim bænum.

Þessi útnefning kemur á besta tíma fyrir Fiat sem er að undirbúa nýja og uppfærða útgáfu af 500 fljótlega. Meðal Íslendinga sem fylla kynþokkafullan hóp Fiat 500 eigenda má nefna Dag Kárason og Ómar Ragnarsson.

KYNÞOKKAFYLLSTU BÍLAR HEIMS, AÐ MATI STJÓRNENDA TOP GEAR:

1. Fiat 500.
2. Aston Martin DBS.
3. Maserati Quattroporte.
4. Chevrolet Camaro.
5. Citroen C6.
6. Lincoln Continental.
7. Bentley Continental S1 Fastback.
8. BMW M1.
9. Rolls-Royce Phantom.
10. Sally, Porsche 911 Carrera í teiknimyndinni Cars.



Mark Webber og félagar munu frá og með næsta keppnistímabili keyra með Toyota vélar í bílum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Williams með Toyotu vél

Þriggja ára samkomulag undirritað á fimmtudaginn var.

Síðastliðinn fimmtudag undirrituðu Williams Formúlu 1 keppnislíðið og Toyota Motorsport þriggja ára samkomulag sem felur í sér að Toyota vélar verða í öllum Formúlu 1 bílum Williams frá og með árinu 2007.

Í samkomulaginu er kveðið á um að vélauppstillingin verði sú sama og í bílum Panasonic Toyota liðsins. Frank Williams, forsprakki Williams-liðsins, lét við það tækifæri hafa eftir sér að með samkomulaginu væri lagður hornsteinn að leið liðsins í heimsmeistarasetið.

„Toyota er virtur og merkilegur risi í bílaíðnaðinum og hefur á sér einstaklega gott orð fyrir að ná sínum markmiðum. Við erum stolt af því að hafa tryggt okkur samvinnu þeirra í viðleitni við að bæta árangur okkar,“ sagði Williams.

Ræsir kynnir nýjan Sprinter

Breiðari, hærri og betri og fæst í mörgum útfærslum.

Ræsir ehf. kynnir þessa dagana nýja útfærslu af Mercedes Bens Sprinter sendibílum. Sprinter hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi síðan hann kom fyrst í sölu árið 1995.

Nýi Sprinterinn er byggður á sama grunni og áður en nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar, bílunum til framfara. Framrúðan er orðin stærri og síðari en áður, auk þess sem ökumaður situr hærra. Hægt er að fá í hann aðdráttar- og veltistýri og þar sem bíllinn er hærri en áður, hvort sem um er að ræða lágþekju eða

háþekju, er umgengni um hann mjög þægileg. Líka fyrir hávaxna menn.

Vörurými og bil milli hjóla-skála hefur verið breikkað og bíllinn fæst bæði sjálf- og beinskíptur.

Nýi Sprinterinn verður eins og sá eldri fánlegur í ótal útfærslum, fjórum lengdum, þremur topphæðum, sem sendibíll eða grindarbíll undir pall eða vörukassa, og sem slíkur með einföldu húsi eða vinnuflokkahúsi. Enn fremur verður hann fánlegur í ýmsum burðarflokkum upp í yfir fimm tónna heildarþyngd, og á einföldum eða tvöföldum hjólum að aftan eftir því sem við á.



Nýr Sprinter er meðal annars með stærri og síðari framrúðu og breiðara vörurými.

GLÆSILEG SÝNING

KOMDU OG SKOÐAÐU

ÞANN ALLRA NÝJASTA

MERCEDES BENZ GL 450

JULI 06 / PHO




Mercedes Benz GL 450 var frumsýndur í Bandaríkjunum í apríl síðastliðnum og verður frumsýndur í Evrópu síðar í sumar.

Master er komin með þessa frábæru bíla í sölu og munum af því tilefni halda sölusýningu dagana

28. - 30. júlí

um helgina milli kl. 12 og 17

Gengið inn um aðalinngang



MASTER

www.masterbill.is

Á sýningunni verða einnig til sýnis:
Mercedes-Benz CLS 500
Mercedes-Benz SLK 280
Mercedes-Benz ML 350
Mercedes-Benz S550

Glæsibæ / Álíheimum 74 / 104 Reykjavík / sími 540-2200



Töskur í ferðalagið



kr. 1.950,-

kr. 1.950,-

kr. 3.700,-

kr. 1.900,-

**Tösku- og
hannkabúðin**

Stærsta töskuverzlun landsins
Skólavörðustíg 7, Rvk,
Sími 551 5814



Íslensku maraþonhlauparamir héldu hópinn á múrnun og hlupu með Íslenska fánann í farteskinu. Tíminn skipti þau minna máli og reyndi hópurinn að njóta fagurs útsýnis samhliða skokkinu.

MYND KRISTJÁN SVEINSSON

Maraðon á múrnun

Um miðjan maí síðastliðinn lagði vaskur hópur leið sína alla leið til Kína í þeim tilgangi að hlaupa maraðon á hinum víðfræga Kínamúr. Pétur Ingi Frantzson, maraðonhlaupari og íþróttabjálfi, var með í för og sagði hann ferðina hafa heppnast fullkomlega.

Maraðon á Kínamúrnum er árlegur viðburður og flykkist fólk hvaðanæva að úr heiminum til að taka þátt. Á þessu sinni voru 25 Íslendingar sem fóru út á vegum Bændaferða og tóku þátt í þessu skemmtilega hlaupi. Á maraðondeginum er hluti múrsins lokaður af fyrir hlauparana. Mismunandi lengdir eru í boði, heilt maraðon, semu eru 42 kílómetrar, hálf maraðon og einnig var hægt að hlaupa fimm eða tíu kílómetra. „Í upphafi ferðar fórum við upp á múrinn til að skoða leiðina sem átti að hlaupa. Þá smituðust þeir sem ætluðu ekki að hlaupa og skráðu sig í fimm og tíu kílómetra hlaup. Stemningin var svo góð að allir vildu taka þátt,“ segir Pétur Ingi Frantzson, íþróttabjálfi og maraðonhlaupari af lífi og sál. „Í ferðinni var bæði hlaupahópurinn minn, Laugaskokk, og einnig var hlaupahópur frá Selfossi og ein hjón.“

Maraðonið sjálf hófst svo 20. maí. Alls hlupu um 900 manns í maraðoninu á misjöfnum vegalengdum og af þeim hlupu um 500 manns í heilu maraðoni. „Dagurinn var hreint út sagt frábær,“ segir Pétur. „Veðrið var æðislegt, það var eins og hitinn hefði verið skrúfaður niður meðan hlaupið stóð yfir. Við hlupum upp á múrinn og eftir honum nokkra kílómetra. Svo liggur leiðin niður aftur og út á sveitaveg og í bakaleiðinni er aftur hlaupið upp á múrinn og á þessum tíma eru næstum eingöngu maraðonhlauparar á múrnun.“



Hlaupafélagarnir Pétur Ingi Frantzson og Rögnvaldur Bergþórsson fyrir framan hliðið inn í Forboðnu borgina í Peking.

MYND KRISTJÁN SVEINSSON



Íslenski hópurinn náði vel saman og heppnaðist ferðin frábærlega.

MYND KRISTJÁN SVEINSSON

Pétur segir hlaupið vera afar krefjandi en hópurinn hafi gefið sér góðan tíma til að njóta ferðarinnar um leið. „Þetta er krefjandi. Á hlaupaleiðinni eru um 3.500 tröppur sem þarf að glíma við og eru þær mjög misjafnar að hæð. Ein er kannski fjórutíu sentimetrar meðan sú næsta er tíu sentimetrar. Mér fannst þetta mikið afrek og upplifunin var ógleymanleg. Við reyndum að halda hópinn, hlupum með íslenska fánann með okkur og nutum þess í botn að taka þátt í þessu. Við vorum ekkert að stressa okkur á tímanum og reyndum að stoppa sem oftast til að njóta útsýnisins og njóta þess að vera þarna.“

Einn af meðlimum Laugaskokks er Rögnvaldur Bergþórsson en hann bjáist af geðklofa. Pétur hefur verið Rögnvaldi innan handar í um tólf ár og segir Pétur félagsskapinn og hreyfingu hafa gert Rögnvaldi gott. „Bara með hreyfingunni einni

saman hefur Rögnvaldi tekist að minnka lyfjainntökuna sína um helming og það eitt er dæmi um hvað hægt er að gera fyrir fólk sem glímir við þennan sjúkdóm. Rögnvaldur hefur hlaupið um sautján maraðonhlaup með Laugaskokki og ferðast með okkur víða um heim. Þrátt fyrir lofthræðslu lét hann sig hafa það að hlaupa á Kínamúrnum og stóð sig alveg frábærlega,“ segir Pétur.

Að loknu hlaupi var slegið upp myndarlegri galaveislu á Peking-hótelinu sem er eitt elsta og virtasta hótél Kínverja. Pétur segir alla umgjörðina, bæði af hálfu Bændaferða og aðstandenda hlaupsins, hafa heppnast frábærlega en þátttaka í Kínamúrsmaraðoninu er orðin fastur liður hjá Bændaferðum ár hvert. Þegar Pétur er spurður hvort hann ætli sér að hlaupa Kínamúrinn aftur hlær hann dátt og segist nú þegar vera búinn að fá einn til að fara með sér í maí á næsta ári.

johannas@frettabladid.is



Kínamúrshlaupið reynir mikið á enda eru um 3.500 tröppur á hlaupaleiðinni.

MYND KRISTJÁN SVEINSSON

Við sérhæfum okkur í ferðum til Eistlands



Miðaldaborgin frá 11. öld: Tallinn í Eistlandi

Beint flug frá Keflavík og Akureyri

Kastalar, hallir, gamlir markaðir, ódýrt að versla

Frá aðeins **58.210 kr.**

Flug, skattar, 4 stjörnu hótél, morgunmatur, fararstjórn í sep. og okt.

| | |
|----------|--|
| Keflavík | 8. okt. - 11. okt. 11. okt. - 15. okt. 15. okt. - 18. okt. |
| Akureyri | 27. sep. - 1. okt. 1. okt. - 4. okt. 4. okt. - 8. okt. |

Verð miðast við gengi Evru 7. júní 2006



Trans - Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáuglýsingar sem allir sjá

haustferð }



Það er fallegt um að litast í Pétursborg.

St. Pétursborg

Dagana 27. september til 4. október verður farin ferð til Pétursborgar á vegum Bændaferða. Margir telja borgina eina þá fallegustu í heimi og verður flogið þangað í beinu flugi með Icelandair. Fararstjóri ferðarinnar er Pétur Óli sem hefur búið árum saman í borginni og þekkir því hvern krók og kima. Ferð verður í áhuga-verðar skoðunarferðir um Pétursborg og nágrennið. Reynt er að kynna sögunni og menningunni á sem fjölbreyttastan hátt, bæði með því að skoða merka staði og borða góðan mat. Hér gefst að sjálfsgöðu einnig tími til að slappa aðeins af og versla. Nánari upplýsingar um ferðina má finna á www.baendaferdir.is.

Ferskur á ferðalagi

Vertu undir allt búinn – það er minna mál en þú heldur.

Reyndir heims-hornaflakkarar vita að stundum ganga ferðalög vel, og stundum ekki. Flestir þekkja sögur af týndum farangri, annaðhvort af eigin raun eða í gegnum vini og vandamenn, og þeim raunum sem því getur fylgt.

Margir kjósa að vera undir það búinn að vera viðskila við farangur sinn og geta þannig tekist á við lífið í nokkra daga án mikilla vandræða. Ein leiðin er að ferðast alltaf með lítinn bakpoka á sér og hafa í honum tannbursta og tannkrem, sokkapar, nærföt, vatnsflösku og eilíttinn gjaldeyri til að geta keypt mat, leigubílsfar og gistingu.

500gr
299
kr/pk



20%
afsláttur

McCain
franskar kartöflur



Nammibar

50%
afsláttur

Göteborgs
Ballerina +
25% meira krem
119
kr/pk



Grilláhöld
í úrvali



**Virk
Sam-
keppni**



| | | | | | | | | | |
|--|---|---|--|---|---|--|---|---|--|
| SKEIFAN / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-18 | BÍLDSHÖFÐI / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19 | HRINGBRAUT / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19 | BREIÐHOLT / virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21 | NORÐURBRÚN / virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21 | HVALEYRARBRAUT / virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21 | MOSFELLSBÆR / Allir dagar 12-23 | SELFÖSS / virkir dagar 11-19 föstudagar 11-20 laugardagar 11-19 sunnudagar 11-19 | VESTMANNAEYJAR / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19 | ÞORLÁKSHÖFN / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19 |
|--|---|---|--|---|---|--|---|---|--|

999 kr.
kg
~~1249~~

Goða lambalæri sneitt

35%
afsláttur

877 kr.
kg
~~1349~~

Goða lambasteik

Happy Day
ávaxtasafar

269
kr/2L

2
fyrir
7 up 0,5L-
7up free 0,5L

Pepsi 2L
Pepsi Max 2L

129
kr/stk

Með hverri
kippu af Pepsi
/ Pepsi Max
fylgir gjafabréf
á Pizza Hut,
meðan birgðir
endast

Kingsford
grillkol 4kg

449
kr/stk

Einnota grill

249
kr/stk

Moulinex Juice
Master
safapressa

5490
kr/stk

Ferðataska
stór svört

2997
kr/stk

Ferðataska
míðstærð svört

2697
kr/stk

Ferðataska
lítil svört

1997
kr/stk

Alltaf tilboð alla daga



STADARFIJALL Annað sérkenni sveitarinnar og var oft viðfangsefni Kjarvals í myndum hans. Í græna sverðinum sem konurnar á myndinni ganga í eru mjög sérkennilegar myndanir í jarðvegi.

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

Á litaslóðum forfeðranna

Borgarfjörður eystri er orðinn einn vinsælasti ferðamannastaður landsins, jafnt fyrir gangandi sem akandi. Litadýrðin í Borgarfirði er engri lík þar sem sjónarspil náttúrunnar er meðal annars myndað af líparítfjöllum og svörtum stöpum Dyrfjalla. Saga forfeðra okkar gustar um svæðið sem nú er grasi vaxið og blómahafið einstakt.

Vinahópur einn, sem hefur hist árlega undanfarin sumur og lagt land undir fót, hittist á Borgarfirði eystri og gekk yfir í Stóruð og síðar Brúnuvík, Breiðuvík og Húsavík. Gangan endaði í Loðmundarfirði en í allt tók hún fjóra daga. Vinahópurinn naut mikillar gestrisni Borgfirðinga sem fluttu varning á milli áfangastaða og sóttu hópinn í Loðmundarfjörð og slógu upp veislu í lok síðasta dags. Finnur Ingólfsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, fer fyrir vinahópnum en hann þykir feiknaduglegur útivistarmaður, bæði til göngu og á hrossum, eins og frægt er orðið. Gunnar V. Andrésson ljósmyndari slóst í för með hópnum.



KVÖLDLEIKFIMI Eftir erfiði dagsins er ástæða til að teygja og sveigja búkinn svo að harðsperrurnar ná ekki tókum á ferðamanninum.



URÐ OG GRJÓT Líparítið er í öllum regnbogans litum og er það góður síður ferðamannsins að setja stein í vörðu á leiðinni. Eyjólfur Árni Rafnsson sinni skyldu sinni vel.



Í VÍKUNUM Þegar best lét samkvæmt manntali voru um 300 manns búsettir í vikunum suður af Borgarfirði eystri um aldamótin. Víða sjást þess merki.



FERÐALANGAR Ferðalangar ganga á leið sinni úr Stóruð niður í Borgarfjörð þar sem litasamsetning landsins er stórkostleg.



FUGLAR Mikíð fuglalíf er á svæðinu við Borgarfjörð eystri. Birgir Ottósson heldur á spóaunga sem hann hitti fyrir á leiðinni.



DYRFJÖLL Eitt helsta einkenni Borgarfjarðar eystri þar sem þau gnæfa yfir þorpið. Gönguhópurinn í snjóskaflinum er á leið í Stóruð.

BYLGJAN, HAGKAUP OG FJÖLSKYLDAN SKEMMTA SÉR SAMAN Í GALTALÆK UM VERSLUNARMANNAHELGINA

GALTALÆKUR

SUMARGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ
Í VÍMULAUSU UMHVERFI

MÍÐASALA Í FULLUM GANGI

**SUMARGLEÐIN - STUÐMENN
SKÍMÓ - PAPARNIR - NYLON
SNORRI SNORRASON
INGÓ IDOL - BRÍET SUNNA
FLUGELDASÝNING - VARÐELDUR OG
SÖNGVARAKEPPNI**

BYLGJAN
20 ÁRA

Galtalækur - þar sem Íslendingum
finnst skemmtilegast að tjalda!



DAGSKRÁIN OG VEÐRIÐ HEFUR ALDREI LITIÐ EINS VEL ÚT
MÍÐASALA Í HAGKAUPUM

HAGKAUP
Skemmtilegast að verfla

Eftirminnilegasti sjónvarps

Á þessu ári eru liðin fjörutíu ár frá því að Ríkissjónvarpið fór fyrst í loftið og tuttugu ár síðan Stöð 2 birtist fyrst á skjám landsmanna. Margir sögulegir atburðir og fjölskrúðugt fólk hafa litið við inn í stofur landsmanna, skemmt þeim eða frætt þá. Af þessu tilefni hafði *Fréttablaðið* samband við nokkra valinkunna einstaklinga og bað þá um rifja upp hver væri eftirminnilegasti sjónvarpsmaður landsins á þeim fjörutíu árum sem liðin eru síðan þjóðin fékk sinn eigin imbakassa.

Á morgun verða síðan rifjuð upp nokkur merkileg og eftirminnileg atvik í íslenskri sjónvarpssögu og á mánudaginn hefst svo kosning á Vísi.is þar sem þjóðinni gefst kostur á að kjósa hver er eftirminnilegasti sjónvarpsmaður landsins og eftirminnilegasta sjónvarpsatvikið.

.....
Í vali á eftirminnilegasta sjónvarpsmanninum og eftirminnilegasta sjónvarpsatvikinu fékk *Fréttablaðið* fimmtán álitsgjafa til liðs við sig, úr hinum og þessum geirum, níu karla og sex konur. Spurt var: Hver er eftirminnilegasti sjónvarpsmaður landsins? og Hvert er eftirminnilegasta sjónvarpsatvikið? Í þessu tilfelli spannar orðið atvik vítt svið, getur í raun merkt eitt lítið atvik, eitt lítið atriði eða jafnvel heilan þátt. Álitsgjafarnir gáfu jafnan fleiri en eitt svar við báðum spurningunum, enda úr mörgu að velja.

MAGNÚS BJARNFREÐSSON

Goðsögn í íslenskri sjónvarpssögu

Magnús Bjarnfreðsson var eitt af fyrstu andlitunum sem birtust landsmönnum þegar Sjónvarpið fór í loftið og nefndu nokkrir viðmælendur nafn hans. „Mér hefur alltaf þótt missir af Magnúsi og góðu þáttunum hans Á döfinni. Þar var sjónvarps-tækninni beitt til hins ýtrasta til að segja hvað væri í boði í menningarlífinu,“ sagði einn viðmælandi. „Ég gat ekki séð annað en að sama hugmynd lægi að baki þættinum Sjáðu með þeim Teiti Þorkels-syni og Andreu Róbertsdóttur á Stöð 2,“ bætti hann við. Annar sagði að Magnús hefði verið allt í öllu og aðalmaðurinn í fyrstu útsendingum á RÚV. „Hann var með mikla bassarödd og þægilega nærveru. Algjör goðsögn og stór hluti af íslenskri sjónvarps-sögu.“



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON



Proskaðist á skjánum

Borgarfulltrúann Gísla Marteinn bar oft á góma hjá viðmælendum blaðsins en hann er langyngstur af þeim sem nefndir voru. „Fyrstu spor Gísla Marteins í Sjónvarpinu eru mjög eftirminnileg, þættirnir sem hann var með ásamt Ragnheiði Söru. Þau voru bæði tvö að byrja og gerðu mjög oft mistök en unnu vel úr því og urðu mjög sæt saman á skjánum. Það var gaman að sjá hvernig hann þroskaðist og varð virkilega góður sjónvarpsmaður.“ Annar viðmælandi sagði Gísli eiga heima í hópi með Ómari Ragnarssyni og Hermanni Gunnarssyni.

BRYNDÍS SCHRAM



Stundin okkar verður aldrei söm

Bryndís Schram stjórnaði um tíma Stundinni okkar og hefur greinilega farið það vel úr hendi því fjölmargir viðmælendur nefndu hana á nafn. „Hún var afskaplega skemmtilegur stjórnandi hvort sem hún var að spjalla við heimilismenn á Sólheimum í Grímsnesi, úða í sig bollum á bollu-

dag eða taka lagið með Þórði húsverði,“ sagði einn viðmælandi blaðsins með fortíðarglampani í augunum. „Langbesta Stundin okkar „ever“ með Þórði húsverði og öllum þessum eðal gæjum. Stundin verður aldrei söm,“ bætti annar við.

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Breytti landslagi umræðupáttanna

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hóf feril sinn í sjónvarpinu og stjórnaði þá umræðupáttum í anda þess sem Sílfur Egils er. Nokkrir viðmælendur töluðu um að Ólafur hefði breytt landslagi umræðupáttanna því þeir sem mættu fengu ekki spurningarnar fyrirfram eins og venjan var.

„Ólafur varð þjóðkunnur fyrir framkomu sína í sjónvarpi og fyrir umræðupáttum sem hann stjórnaði þar,“ sagði einn viðmælandi blaðsins.

„Þátturinn hans þótti oft á tíðum ótrúlega ósvífinn,“ bætti annar við.



Maður Íslands

ÓMAR RAGNARSSON



Rómantíker og fræðari

Ómar Ragnarsson var oft nefndur af viðmælendum enda hálfgerður heimilisköttur á íslenskum heimilum. Einn viðmælendinn orðaði það þannig að hann væri einmitt heimilislegur og það lýsti af honum á skjánum. „Hann er frændinn sem maður vill fá í heimsókn.“ Annar sagði að Ómar væri fæddur í þetta starf. „Ómar er kóngurinn.“ Einn sagði að Ómar hefði af metnaði og hugmyndaauði

sett skemmtilegan svip á íslenskt sjónvarp og fréttamennsku almennt á liðnum árum. „Sérlega lipur og geðþekkur sjónvarpsmaður,“ bætti einn viðmælendi blaðsins við. „Ég ólst upp við að Ómar væri maðurinn og það er erfitt að hrista það af sér,“ sagði annar. „Hann hefur flutt okkur fréttir af landinu og þjóðinni í fjölbreyttum myndum, blanda af rómantíker og fræðara.“

HERMANN GUNNARSSON

Sjónvarpið holdi klætt

Hermann Gunnarsson eða Hemmi Gunn eins og hann er oftast kallaður á sér greinilega sína aðdáendur. „Hermann Gunnarsson er ótvíræður sigurvegari. Hann er fyrirbæri í íslensku sjónvarpi. Hann er í rauninni sjónvarp,“ sagði einn viðmælendi blaðsins. „Hemmi Gunn kemur fyrstur upp í hugann enda fór æska manns í það að horfa á hann á laugardagskvöldum,“ bætti annar við. „Þetta var alveg fastur liður og ég man að það var varla fólk á götum úti þegar þátturinn hans var í gangi,“ bætti hann við.



ÞESSI VORU LÍKA NEFND

Jón Gústafsson

„Ég skildi aldrei SPK. Þáttur með fullt af krökkum, körfuboltum og stjórnanda sem hélt að hann væri mikill töffari og passaði engan veginn þarna inn.“

Bjarni Haukur Þórisson:

„Erfitt að losna við hann úr minningunni enda enginn byrjað með eins marga þætti og hann á upphafsárum Skjás eins.“

Silvía Nótt

„Holdgervingur þess sem íslenskt sjónvarp er orðið. Fyrirsjáanlegt, sjálfhverft og með mestan áhuga á yfirborði hlutanna.“

Elín Hirst

„Ótrúlega traust í fréttunum.“

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

„Mér fannst Jóhanna Vigdís strax góð.“

Eva Sólán

„Ég veit að hún er „bara“ þula og allt það, en þulurnar eru eins og Tobbi túba í ævintýrinu – undirstaðan sem heldur þessu öllu uppi.“

Logi Bergmann Eiðsson

„Logi er mikið sjarmatröll, eðlilegur og afslappaður í sjónvarpi.“

Þorsteinn Joð Vilhjálmsson

„Góður sjónvarpsmaður.“



Ertu
húmoristi?

Getur þú
betur



en þetta?

Ertu

laus
29. júlí?

Vantar þig



Þú gætir unnið **Dell Inspiron 6400** fartölvu að andvirði 219.000 kr. eða **24" Dell flatskjá** að andvirði 139.000 kr. Það eina sem þú þarft að gera er að mæta í verslun **EJS Grensásvegi 10, laugardaginn 29. júlí, milli kl. 12 og 16** og gera eitthvað ógleymanlegt sem kemur diggy.is og þeirra vörum á framfæri. Skráning á staðnum. Kynntu þér málið á diggy.is.

diggy.is

Of lítil

Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu*

Þú sérð innihaldið!



AGA Gasol

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhófa 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22
800 5555
Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhófa 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu **AGA Gasol** hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstimminkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas } **AGA**



Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUDÁRKRÖKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þróstur Marsellusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

STUÐ MILLI STRÍÐA Undarleg ást

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ER ÁSTFANGIN Í MÁNASKINI



Ég sagði ykkur frá því um daginn að ég keypti mér íbúð nýlega. Fyrst þegar ég sá íbúðina mína var hún bundin öðrum manni og ég vissi ég þyrfti að hafa mikið fyrir að ná henni af honum. En mér fannst erfið þess virði, svo heilluð var ég.

Síðan hafa vikurnar liðið, ég náði íbúðinni minni til mín og nú eyðum við öllum stundum saman. Helst vil ég ekki fara að heiman enda hef ég varla farið út fyrir hússins dyr síðustu vikur fyrir

utan að ég neyðist til að fara í vinnuna. Tíminn okkar Mána, það er nafnið á íbúðinni, er svo dýrmætur enda erum við enn að kynnst. Ég dúlla mér því heima við að knúsa veggina og strjúka skápunum og hef gaman af því að kynnst þeim skrítinu einkennum sem Máni býr yfir. Þegar ég verð óróleg í lífinu tekur hann til dæmis upp á því að láta renna ljúfflega í klósettið til að róa mig, okkar eigin innigossbrunnur í anda Feng Shui. Svo rækta ég sambandið eins og mér einni er lagið, sem er með því að þrifa. Ég er í raun búin að dunda mér við að þrifa upp á dag síðustu 43 dagana, já og veiða hrossaflugur.

Um daginn hélt ég að ég væri tilbúin til að yfirgefa Mána svo ég

tók hatt minn og staf og hélt í partí. En mig langaði strax aftur heim. Ég þraukaði í nokkra tíma og hljóp svo heim á pinnahælunum og beint upp í sófa. Til að forðast annan slíkan aðskilnað héldum við bara okkar eigið partí og höfðum gaman af. Ég viðurkenni þó að ég skoða enn fasteignavefina, enda verður maður ekki blindur þó maður sé ástfanginn og búinn að skuldbinda sig einni íbúð. En þrátt fyrir að skanna og skanna markaðinn sé ég enga íbúð sem mér finnst betri en mín. Máni er hreinlega bestur og fallegastur.

Já, þessi undarlega ást mín skín skært þessa dagana í Mánaskininu. Ég ætti kannski að drifa mig út á meðal fólks? ■

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þar sem gámurinn er enn ófundin þá verður haldin ratleikur sem leiðir ykkur beint að fjársjóðnum.

FJÁRSJÓÐSLEIT
BT
Lýkur í...
DAG

Ratleikur hefst klukkan 15:00
Ratleikjakort fäst á Úlfjötusvatni

Viðbendingar
Úlfhildur
Fjötuskúti
Vatnasport

Bannað er að leita frá kl. 6-15 í dag. Svo allir hafi jafna möguleika.

Fjársjóður



Nokia N91 Farsími að verðmæti...
69.999<



Toshiba Satellite A100-163 fartölva að verðmæti...
179.999<

NEXT

100.000 kr fataúttekt í NEXT í Kringlunni
100.000<



iPod video 60GB að verðmæti
65.999<




MEDION 40" LCD SJÓNVARP að verðmæti...
239.988<



100.000 kr í peningum frá BT banka...
100.000<



ADSL áskrift í 1. ár að verðmæti...
50.000<



Leikir að eigin vali að verðmæti
94.015<

Ef gámurinn finnst fyrir kl. 6 verður leitað að öðrum glæsilegum aukavinningum.

Heildarverðmæti fjársjóðs **1,000.000**

Þylsuveisla og ís



ALLIR VELKOMNIR

Nýtt gallerí í Hafnarfirði



Kl. 14.00

Einleikurinn vinsæli Dimmalimm eftir Elvar Loga Hannesson verður sýndur á Seyðisfirði. Verkið er byggt á ævintýri Muggs.

menning

menning@frettabladid.is

Níu listakonur hafa tekið sig saman og opna í dag nýtt gallerí til húsa á Linnestíg í Hafnarfirði. Galleríð heitir eftir Thorsplaninu sem það stendur við og ber þann virðingarverða titil Gallerí Thors.

Að sögn Ingibjargar Klemenzdóttur, einnar af aðstandendum gallerísins, verður fjölbreytt listalíf í húsinu. Fimm myndlistarkonur og gullsmiður standa að rekstrinum auk listakvenna sem fást við keramik, glerlist og textíl en auk listmuna þeirra verður aðstaða til sýningarhalds í galleríinu þar sem gestalistamenn geta fengið að kynna sínar vörur.

„Þetta er glænýtt húsnæði og sérstaklega innréttað fyrir gallerí“, segir Ingibjörg og áréttar að vitanlega verði opnað þar með glæsibrag. „Við verðum líka með vísu að kaffihúsi, það verða nokkur borð inni þar sem fólk getur notið listarinnar og svo verður einnig hægt að sitja úti þegar vel viðr.“

Galleríð verður formlega opnað kl. 16 í dag en framvegis verður það opið 11-18 á virkum dögum og 10-14 um helgar.



LISTAKONUR Í GALLERÍ THORS Kærkomin viðbót í menningarflóru Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

> Ekki missa af...

opnun á listasýningu **Sigurðar Örylgssonar** í **Listhúsi Ófeigs** á Skólavörðustíg 5 kl. 17 í dag.

tónleikum **Bela** í Ketilhúsinu á Akureyri í kvöld. Hljómsveitin **Red Cup** hitar upp.

gjörningum **Steinunnar Knútsdóttur** sem skipulagðir eru í tengslum við sýninguna **Out of Office** sem nú stendur yfir í Norræna húsinu. Enginn veit hvað gerist á milli 15-17 um helgar.

Í Reykjavík er alltaf eitthvað sem er nýjasta nýtt!

REYKJAVÍK.COM
REYKJAVÍK.MAG

Footloose

17. ÁGÚST - KL. 20:00 - LAUS SÆTI
18. ÁGÚST - KL. 20:00 - LAUS SÆTI
24. ÁGÚST - KL. 20:00 - LAUS SÆTI
25. ÁGÚST - KL. 20:00 - LAUS SÆTI

Miðasala er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.menning.is/footloose

ERINGJAFRÍN

Stuðbandalagið frá Borgarnesi í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar

Teiknisamkeppni

RONJA

FRÆNINGJADÓTTIR

Í tilefni þess að Ronja ætla að halda áfram að skemmta okkur á næsta leikári er efnt til teiknisamkeppninnar „Ronja í sumarfríi“.

150 glæsilegir vinningar í boði og mun Ronja sjálf afhenda verðlaun fyrir efstu þrjú sætin í lok ágúst.

Hægt er að skila inn myndum til 15. ágúst með því að senda þær í Borgarleikhúsið, Listabraut 3, 103 Reykjavík merkt „Ronja í sumarfríi“. Munið að merkja myndirnar með nafni og heimilisfangi.

Notaðu ímyndunaraflíð og teiknaðu mynd af Ronju í sumarfríi!

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.borgarleikhus.is

SAMSKIP BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Máfurinn í Elliðaárdalnum

Leikfélagið Sýnir lætur ekki bugast af íslenskum umhlepningum og óstöðugu veðurfari heldur tjaldar því sem til er uppi í Elliðaárdal og frumsýnir Máfinn eftir Anton Tsjechov í dag.

Leikstjórinn að þessu sinni er Guðjón Þorsteinn Pálmarsson sem er í vissum skilningi kominn á heimavöll á ný en hann steig sín fyrstu leikhússkref með hópnunum á sínum tíma. „Fyrir tveimur árum leikstýrði ég líka Stútungasögu sem sett var upp í Heiðmörk en það var fyrsta leikstjórnarverkefni mitt eftir að ég kom heim úr námi,“ útskýrir Guðjón.

Máfurinn er í miklu uppáhaldi hjá Guðjóni og hann kveðst lengi hafa rennt hýru auga til leikritsins. „Þetta verk er hálfgerð ráðgáta og þetta var gríðarleg leit að kjarnanum því leikritið talar aldrei til manns á bara á einu plani. Síðan eru allskyns klisjur sem hafa orðið til í kringum Tsjechov,“ segir Guðjón og útskýrir að búið sé að skera burt samóvara og talsvert af tetrykkju.

„Aðalpersónan Konstantín hefur oft verið látin spila á fiölu en við viljum ekki sjá það. Hann spilar á lúður núna.“

Annars sér sérlegur blokkflautukvartett um tónlistina í sýningunni en honum stjórnar Snæbjörn Ragnarsson, Bibbi, en hann hefur meðal annars samið tónlist fyrir Hugleik, Leikfélag Kópavogs og Leikfélag Hafnarfjarðar við góðan orðstír. Um búninga sér Kristín Gísladóttir en æðri máttarvöld um aðra umgjörð og leikmynd.



ÓFORSKÖMMUÐ UPPFÆRSLA Á YNDISLEGUM STAÐ Hádramatískt augnablik í Elliðaárdal. Blokkflautukvartett Bibba leikur undir. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Uppfærslan er nokkuð óforskömmuð að sögn leikstjórans. „Við höfum verið að leita að kómikinni í verkinu og styttingu þá tölvert og erum alveg óhrædd við að nota ódýrari leiðir til þess að kalla fram bros,“ segir leikstjórinn sposkur. „Tsjechov hefur ábyggilega margsnúið sér í gröfunni á meðan á æfingafærslu stóð. Við erum samt ekkert að freta á verkið og reynum að bera virðingu fyrir þessum sterku innri átökum sem verða milli persónanna.“

Guðjón útskýrir að í leikhópnun séu margir af reyndustu ófag-lærðu leikurum landsins. „Það er yndislegt að vera uppi í Elliðaárdal með þessum góða hópi en þetta er

samt ekkert grín. Það eru mjög sterkir einstaklingar innan hópsins og maður verður að passa upp á að þau passi hvert upp á annað. Þetta eru allt saman stjórnur.“

Frumstýnt verður í dag kl. 15 í stóra rjóðrinu í hólmanum milli ána en farinn er göngustígurinn frá Rafveituhéimilinu, yfir bogabrúna og er þá komið að rjóðrinu. Áhorfendur eru hvattir til þess að taka með sér púða eða teppi og gott er að taka ferðastól með ef fólk getur ekki setið á jörðinni. Búið er að skipuleggja að minnsta kosti þrjár sýningar til viðbótar en nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.leiklist.is. - khh

MR SKALLA GRIMSSON

Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

Föstudag 21. júlí kl. 20 uppselt
Laugardag 22. júlí kl. 20 uppselt
Sunnudag 23. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 23. júlí kl. 20 uppselt
Föstudag 28. júlí kl. 20 örfá sæti laus
Laugardag 29. júlí kl. 20 örfá sæti laus
Sunnudag 30. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 30. júlí kl. 20 nokkur sæti laus
Föstudagur 4. ágúst kl. 20
Laugardagur 5. ágúst kl. 20
Sunnudagur 6. ágúst kl. 15
Sunnudag 6. ágúst kl. 20
Laugardagur 19. ágúst kl. 20

LEIKHÚSTILBOÐ

Tvívíttáður kvöldverður og leikhúsmiði kr. 4300 - 4800.-

MÍÐASALAN ER Í SÍMA 568 8000

Dularfullur svifhólhestur

Svifandi blöðruskreytt hjól hefur vakið furðu vegfarenda um Laugaveg að undanförmu þar sem það hangir yfir götunni til móts við hús númer 22. Hópur ungra listamanna hefur nú játað að bera ábyrgð á þessum verknaði og lýsti því formlega yfir í gær að hjólið væri sérlegt merki listhátíðarinnar Artfarts sem nú stendur fyrir dyrum.

Vonast aðstandendur hátíðarinnar til þess að yfirvöld og aðrir leyfi hjólinu að svífa í friði fram yfir hátíðina sem lýkur 20. ágúst enda var ekki að því hlaupið að koma fararskjótanum og blöðrunum fyrir.

Hjólið prýðir einnig stuttermaboli sem seldir verða í fjárfloflunarskyni fyrir hátíðina í versluninni Nakti apinn í Bankastræti þar sem listunnendur geta keypt sér handgerða og einstaka auglýsingu áprentaða á smekklega flik fyrir lítið fé. Hver bolur er sérþrykkur með merkinu svo vísast er um eiginlegan grip að ræða.

Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðu Hins hússins en hluti þátttakendanna hefur starfað á vegum þess og Reykjavíkurborgar við Skapandi sumarstörf í sumar. - khh



ÖVENJULEG KYNNINGARMYND Listamaðurinn Morri á meðal annars heiðurinn af hjólinu fljúgandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

26 27 28 29 30 31 1

Laugardagur

TÓNLEIKAR

12.00 **Bine Bryndorf** leikur barokktónlist á orgel **Hallgrímskirkju** í tilefni af **Alþjóðlegu orgelsumri**.

12.00 **Fríðrik Vignir Stefánsson** organisti heldur tónleika í **Grundarfjarðarkirkju**.

13.30 **Ellen Kristjánsdóttir** og **Eyþór Gunnarsson** spila á sumartónleikum í **Sólheimum**. Aðgangur ókeypis

15.00 **Tónlistarhátíð í Reykholti**. **Sigrún Hjálmtýsdóttir** sópransöngkona og **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** píanóleikari flytja íslensk og ítölsk lög ásamt óperuaríum.

16.00 **Björn Thoroddsen** tríó ásamt **Andreu Gylfadóttur** leikur á Jómfrúnni.

20.00 Tónlistarhátíð í **Reykholti**. **Trio Polskie** flytur verk eftir **Haydn, Beethoven** og **Brahms**.

Dúettinn **Sessý og Sjonni** spila á **Paddy's** í Reykjanesbæ.

LEIKLIST

16.00 Einleikurinn **Úti biður andlit á glugga** eftir **Haldóru Malín Pétursdóttir** er sýndur í gamla pósthúsinu á Borgarfirði eystri. Önnur sýning kl. 17.30.

Elvar Logi Hannesson flytur einleikinn **Dimmalímm** á Seyðisfirði.

OPNANIR

15.00 **Sigurður Örylgsson** opnar myndlistarsýningu í **Listhúsi Ófeigs** Skólavörðustíg 5. Sýningunni lýkur 23. ágúst.

17.00 **Marta María Jónsdóttir** opnar málverkasýningu í **Slúnkaríki** á Ísafirði.

20.00 **Skotgallerið** opnar aftur að **Óðinsgötu 22a**. **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** heldur sýninguna **Can't Stop Drinking About You** sem fjallar á persónulegan hátt um ástina.

Fyrsta samsýning **Art-Iceland.com** verður opnuð í **Mublunni** í Kópavogi. **Árni Rúnar Sveinsson, Helga Sigurðardóttir** og **Álfheiður Ólafsdóttir** sýna **Orkuflæði**.

SKEMMTANIR

23.00 **KK og blúsband** leika í **Lindinni** á Laugarvatni.

Bela heldur tónleika í **Ketilhúsinu** á Akureyri laugardaginn 29. júlí. **Red Cup**, ný sveit **Konna** í **Tenderfoot**, sér um upphitun.

SÝNINGAR

15.00 **Ilmur Stefánsdóttir** og **Steinunn Knútsdóttir** standa að sýningunni **Out of Office** í **Hafnarborg**. Í tengslum við sýninguna fara fram gjörningar alla laugardaga og sunnudaga milli 15 og 17.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

13.00 Sýningum á verkum **Snorra Ásmundssonar** í gallerí **Jónasar Víðars** í **Kaupvangsstræti** á Akureyri lýkur um helgina. Sýningin er opin frá 13-18.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Leyfir landsbyggðinni að njóta

Kontrabassaleikarinn **Dean Ferrell** í ferðast nú um landið og fremur tónlistargörningurinn ásamt frönsku listakonunni **Anne Corte** sem les ljóð á móðurmáli sínu.

Dean segir þetta óvenjulegan tónlistargörningurinn. „Ég leik meðal annars verk eftir enska tónskáldið og málaliðann **Tobias Hume** sem var samtímamaður **Shakespeare**, en náði því miður aldrei þeirri hylly sem hann átti skilið. Verkin hans voru aðallega leikin á breskum öldurhúsum á 17. öld en þau þóttu of gróf til að vera flutt í virðulegum tónlistarhúsum landans. **Tobias Hume** átti litríka ævi en hann gerðist meðal annars málaliði fyrir sænska konunginn og lagðist í ferðalag til Rússlands, svo dæmi séu tekin. **Shakespeare** gerði stólpagrín að honum í leikritinu **Þrettándakvöld** og ég held að hann hafi ekki verið sá eini.“

Dean verður klæddur í hefðbundin föt sem vinsæl voru á 17.

öld, en kontrabassinn fær jafnframt upplýftingu og verður skreyttur á ýmsan hátt. „Á þennan hátt er tónlistargörningurinn með öllu sannur þeim tíma sem hann túlkar. Þeir sem eru kunnugir barokktónlist munu skilja þetta þegar þeir sjá og hlýða á verk mitt. Það kann vel að vera að þeir sem minna þekkingu til telji þetta vera eitt allsherjargrín, en það er líka allt í góðu,“ bætir Dean við.

Tónlistargörningurinn skiptist í tvo hluta og í fyrri hlutanum verða kráartónverk **Tobias** leikin. „Í síðari hluta tónlistargörningins verða lesin upp ljóð, til dæmis eftir samtímamann **Allen Ginsberg** og **Larence Ferlinghetti**, en ég mun lesa og leika á kontrabassann, samtímis. Stundum leik ég liggjandi á gólfinu en þannig verður einn eins og kúnverskt hljóðfæri. Öðrum stundum leik ég djass undir ljóðalesturinn en ég spila þó ekki alltaf á kontrabassann heldur notast ég einnig við það sem kallast línuballabassi, en hann er gerður út einum streng.“

Til að fjármagna ferðina sótti Dean um styrk hjá Félaga íslenskra

tónlistarmanna en hafði ekki erindi sem erfiði. „Það er kaldhæðnislegt hvernig bón minni um styrkveitinguna var tekið. Niðurstaða úthlutunarnefndar Félags íslenskra tónlistarmanna var mjög í takt við viðtökurnar sem **Tobias Hume** fékk fyrir rúmum 400 árum. Mér var tjáð að tónlistargörningurinn sem ég vænti að fremja á betri tónlistarstöðum borgarinnar, hentaði betur á krám og kaffihúsum en á hefðbundnum tónleikum,“ segir Dean og hlær. „Auðvitað varð ég dálítið móðgaður vegna þessa. Ég er barokksérfræðingur og leik í Sinfóníuhljómveit Íslands, en hef ennfremur flutt þennan sama tónlistargörningur á virtum stöðum í London og París. Þá hef ég framið gjörninginn í ýmsum háskólum í Bandaríkjunum og haldið í leiðinni fyrirlestra um gamlar stillingar á kontrabassa og rannsakað hljóðfæri í 20 ár. Þetta skilur vel menntað tónlistarfólk þegar það hlýðir á gjörninginn minn og flestir munu upplifa hann sem lifandi og skemmtilegan í leiðinni.“ Dean segist hafa orðið það full vegna þessarar móttöku úthlutunarnefndarinnar



TÓNLISTARMAÐURINN **DEAN FERRELL** FLYTUR FRUMLEGAN TÓNLISTARGÖRNING „Mér var tjáð að tónlistargörningurinn hentaði betur á krám og kaffihúsum.“

að hann afréð að gefa nefndinni langt nef og leyfa fremur landsbyggðinni að njóta verksins.

Dean Ferrell fremur tónlistargörning sinn í Menningarmiðstöðinni **Skaftelli** á Seyðisfirði kl. 20 í kvöld. brundisbjarna@frettabladid.is



KATI DEBRETZENI Leikur með Bachsveitinni í Skálholti í dag. MYND/BERGLIND MARÍA TÓMASDÓTTIR

Hljóðheimur fortíðar

Fiðluleikarinn **Kati Debretzeni** leiðir **Bachsveitina** á Sumartónleikum í Skálholti í dag þar sem flutt verða verk eftir **Locatelli, Quantz** og **Mozart**. Þetta er í annað sinn sem **Debretzeni** kemur hingað til að leika í Skálholti en í vikunni gerði hún stormandi lukku ásamt **Bachsveitinni** þegar þau fluttu **Árstíðir Vivaldis**.

„Við flytjum flautukonsert eftir **Locatelli** þar sem **Martial Nardeau** leikur einleikshlutverkið en hann er einmitt eini barokkflautuleikarinn sem búsettur er á Íslandi. Síðan flytjum við tvö stutt verk eftir **Quantz** og verk eftir **Mozart** en þar leikur **Skálholtskvartettinn** sólóhlutann.“ **Debretzeni** mun flytja aðfararorð að dagskránni kl. 15 í dag enda er forvitnilegt fyrir tónleikagesti að kynna sér samhengi og hljóðheim verkanna áður en á þau er hlýtt. „Margir af tónlistarmönnum hafa rannsakað upprunaleg barokkhljóðfæri og leika á þau,“ útskýrir **Debretzeni** hluti sérstöðu **Skálholts hátíðarinnar** felst í því að þar er leitast við að flytja tónverk í sinni upprunalegu mynd. **Debretzeni** segir að hljóð-

ur barokkhljóðfæra sé mjög frábrugðinn hljóðfærum nútímans, til dæmis heyrir milliraddir skýrar og heildarmyndin sjálf vísi sterkar til mannsraddarinnar. „Tónskáld þessa tíma voru undir áhrifum frá mælskulistinni þegar þeir sömdu verk sín,“ segir hún og áreitar að bogar strengjahljóðfæra frá þessum tíma séu einkar sérstakir.

Debretzeni ferðast mikið vegna vinnu sinnar og hefur aðeins stutta viðdvöl hérlendis í þetta skipti. Hún lætur þess getið að henni finnst temningin í Skálholti einstök. „Þessi hátíð er mjög frábrugðin öðrum tónlistarhátíðum því náðin og samveran er svo mikil. Hér búum við saman og fylgjumst að allan tímann og það er frábært tækifæri og tilbreying fyrir mig.“

Tvennir tónleikar fara fram í Skálholti í dag en kl. 17 leikur **Skálholtskvartettinn** strengjakvartetta **Mozarts** en þeir verða síðan endurteknir á morgun kl. 15.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.sumartoneikar.is. -khh

Systur og sandpappír

Franski myndlistarmaðurinn **Serge Comte** opnaði sýningu í gærdag í 101 gallerí. Þar kenndi ýmissa grasa en meginverk sýningarinnar eru flutningabretti sem skreytt hafa verið með glimmeri í ýmsum litum. „Ég fékk hugmyndina þegar ég var á göngu að vetri til við höfnina í Reykjavík og rak augun í bretti sem glitraði svo fallega vegna frostrósa sem myndast höfðu á því. Síðar tók ég að safna flutningabrettum í hverfinu mínu af mismunandi stærðum.“ **Serge** segist áður hafa haldið sýningu á brettum í Frakklandi en þá var hugmyndin að baki verkunum önnur. „Nú ákvað ég að persónugera þau eins og manneskjur sem eru að bíða eftir einhverju, en vita ekki hverju. Þau eru dálítið einmanaleg í bið sinni og því ákvað ég að gefa þeim andlitslyftingu og lyfta þeim þannig upp.“ Verkið kallast „Sjö systur“ með vísun í stjörnuvar sjö á himnafestingu og goðsögnina sem þeim fylgir.

Hitt verkið á sýningunni byggir á 20 stykkjum af A4 stærð af sandpappír, sem **Serge** hefur prentað á andlitsmyndir, af konum sem eru munnláusar.

„Verkið heitir „Hinar hljóðu,“ en ég tók myndir af erótískum vefsíðum sem sýna konur og setti á sandpappírinn. Hugmyndin að baki bæði þessu verki og brettaverkinu snýr að því sem er yfirgefið á ein-

hvern hátt, skilið eftir og ekki hefur verið hugsað um. Þegar ég var til dæmis að setja andlitsmyndirnar af munnláusu konunum á sandpappírinn, þá var eins og ég væri að setja þær í jihatbúning, með hulu fyrir munninn. Þannig fór ég að hugsa um þær öfgar sem eru ráðandi annars vegar á Vesturlöndum og hins vegar Austurlöndum. Konan er berstripuð án blygðunar í okkar heimi en fullkomlega hulin í Austurlöndum. Þá eru brettin eins og konurnar á erótískum vefsíðunum nafnláus.“ Að sögn **Serge** eru þetta helstu viðfangsefni sýningarinnar sem var opnuð í gær.

Sýningin í 101 gallerí stendur til 2. september og er opin frá þriðjudegi til laugardags, frá 14-18. -brb



SYSTEMARNAR SJÖ OG GLITRANDI VÖRUBRETTI Franski listamaðurinn **Serge Comte** sýnir í 101 gallerí. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

SUPERMAN ÍSPINNI

GRÍMAN

grænn létt **Lurkur** sykurlaus

NYTT frá **emmessis** Öllum brögðum beitt!

> Við mælum með

... lituðum gallabuxum. Ekkert er heitara þessa stundina en buxur í öllum regnbogans litum, svo lífgar það líka upp á tilveruna.



útlit
utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN SIGURÐUR ALEXANDER ODDSSON, NEMI Í LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Mr. Acne og Miss Cheap Monday í uppáhaldi

Spáir þú mikið í tiskuna? Já, ég fer voða sjaldan eitthvað án þess að hugsa um það hvernig ég er til fara, en þó ekki um of. Mér finnst mikilvægt að sýna minn persónuleika í klæðnaði, því það er eitt af því fyrsta sem fólk tekur eftir í fari annarra.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Ég myndi segja hann vera frekar „street“, svartan og litríkan, þó ekki trúðslegan.

Uppáhaldshönnuðir eða fata-merki? Ég dýrka Comme des Carcons, Hedi Slimane, Henrik Vibskov, Mr. Acne, Cheap Monday eða April 77 fyrir gallabuxur.

Flottustu litirnir? Svartur, rauður og cyan.

Hverju ertu veikastur fyrir? Tígum.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast? Svarta/hlébarða „creepers“ skó í Elvis og svört, mjó axlabönd.

Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna? Rockabilly, nineties-elementin sem eru að ryðja sér til rúms á ný, há mitti og stuttar skálmur, symmetrísk mynstur, gull og tíglar.

Hvað ætlaru að kaupa þér á næstunni? Mig langar mjög í April 77 jakka sem fæst í Nonnabúð og læt e.t.v. verða af því á næstunni, svo er ég svolítið heitur fyrir Soderstam dótinu í Belleville.

Uppáhaldsverslun? Guerilla Store, Spúútník eða Kron Kron

– en ég býst við að nýja búðin þeirra Hrafnhildar Hólmgeirs og Nonna eigi eftir að verða langmest í uppáhaldi hjá mér þegar að því kemur.

Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði? Ég skrifa á mig þar sem ég vinn um 20.000 á mánuði og ætli ég eyði ekki álíka miklu í viðbót annars staðar.

Hvaða flikur gætir þú ekki verið án? Ég gæti í raun alveg verið án allra flika, líður reyndar best þannig, en það hlyti að vera aðrar hvorar svörtu niðurmjóu buxurnar mínar, Mr. Acne eða Ms. Cheap Monday.

Uppáhaldsflik? Two People tígla-bolurinn minn eða Aftur peysan.

Ég er frekar óákveðin týpa. **Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Berlin, held ég bara.

Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér? Mega oversized kóngablár secondhand stuttermabolur sem ég fékk í Elvis. Á honum stendur í stórum svörtum stöfum á ská: RELAX. Hann er svo ljótur að hann er fallegur.



MÓÐUR VIKUNNAR

> Álfurinn Pálsdóttir

Eru það fötin sem þeir vilja?

Allar konur hafa gaman af því að klæðast fallegum fötum. Að kaupa ný föt, taka þau upp úr pokanum og leggja þau fallega inn í fataskáp er ákveðin helgiathöfn hjá flestum konum. Við marinerum oft heilann fyrir partí, brúðkaup, boð eða bara venjulegt laugardagskvöld á barnum til að geta ákveðið í hverju við eigum að vera. Maður getur nefnilega búið sér til ákveðna týpu útfrá fatnaði. Viltu vera fina týpan í Karen Millen-kjólnum og húðlitum sokkabuxum eða afslappaða týpan í víðum kjól með ruglingslegt hár og í lágbotna skóm?

Ég hrósa alltaf happi yfir því að vera ekki karlmaður því ég elska allar þessar skemmtilegu pælingar og heilögu athafnir sem tengjast fötum og tisku. Auðvitað geta karlmenn spáð og spekulerað jafn mikið og við í tisku en það er eiginlega bara gott að þeir gera það ekki því heimilislífið færir úr skorðum á mörgum stöðum ef húsbóndinn þyrfti allt í einu að taka sér jafn langan tíma og við í búðarráp og pælingar í máttunarklefunum?

Einu sinni heyrði ég því fleygt að konur klæði sig fyrir konur. Reyndar var það karlmaður sem benti mér á þetta og bætti hann við að karlpeningurinn tæki ekki eftir dýrum kjólum eða flottri peysu við geggjaðar gallabuxur. Þeir taki meira eftir góðri lykt og fallegri heildarmynd að ógleymdum efnislitlum fötum og beru holdi sem þeir láta sjáldan framhjá sér fara... þessar elskur.

Konur taka hins vegar eftir öllum smáatriðum, sérstaklega hvað varðar fatnað og útlit annarra kvenna. Við dæmum, horfum og tökum mið af fatnaði annarra kvenna. Ég tek allavega meira mark á hrósi frá vinkonum mínum varðandi klæðnað en frá karlkyns samstarfsmönnum mínum sem vita lítið sem ekkert um tisku. Er þá ekki mikið til í þeirri staðreynd að þegar við konur klæðumst okkar finasta þússi erum við meira að leitast eftir aðdáun og samþykki kvenna á fötunum sem við klæðumst heldur en athygli karlpeningsins?



PALLIETTUR Marc Jacobs klikkar aldrei og hér er hann með algjöran partíkjól fyrir veturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



STAERK Gulllituð þrjónapeysa sem skemmtilegu sniði frá Kronkron.

VESTI ERU VINSÆL Æðislegt vesti frá Spúútník.

„CLUTCH BAG“ Slönguskinntaska frá Rokki og rósum með gullitaðri sylgu.

GULL OG SILFUR Flott peysa með skemmtilegu munstri frá Rokki og rósum.

HERKÚLES Flottir sumarsandalar í gulllituðu frá GS Skóm.

Allt er gull sem glóir

Gullitaður klæðnaður byrjaði að ryðja sér til rúms innan tiskunnar í kringum diskótímabilið. Þá var glamúr allsráðandi og allt sem glitraði var í tisku. Hiphopparar hafa síðan tekið yfir gullið og færðu það yfir á okkar tíma með risastórum gullhálsmenum sem þeir kalla svo skemmtilega „bling bling“.

Nú er gull ákveðinn staðall fyrir kvenleika og glamúr. Það kom aftur upp á yfirborðið fyrir um það bil tveimur árum og hefur ekkert dottið niður síðan. Ef

marka má tiskupalla fyrir komandi vetur mun gullitað vera mikið í bland við svart, ljósgrátt og silfurlitað. Það er nefnilega ákveðinn flingur fyrir andstæðum þennan veturinn. Gull og silfur saman hefur verið óskratt lögbrot í regluskrám tiskuheimsins en nú er sú samsetning leyfileg.

Kosturinn við gullitaðan er sá að hann passar við alla liti og setur glamúrsvip á hvaða flik sem er. Enda er hann litur toppsætisins.

alfrun@frettabladid.is

GULL GULL GULL Þetta er afbragðsgóð eftirlíking af „spybag“ töskunum frá Fendi frá Friis&CO. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



GRÍMA Þessi er í gulli frá toppi til táar, með gullgrímu og í gull fatnaði.

GULL FRÁ TOPPI TIL TÁAR Matthew Williamson er ávallt með allt á hreinu og hér er glæsilegur gullitaður kjóll úr smíðu hans.



MUNSTRAD Fallegur kjóll með gullpráðum frá Kronkron.

PÚFFERMAR Svakalegur jakki úr Spúútník með gulllituðum púffermum.

SKÓR Frábærir hekláðir gullskór frá Rokki og Rósum.

ELIE SAAB Svakalega fallegur kjóll frá snilldarhönnuði í gulllituðu.

VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGDU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MED **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT

VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupíknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjöltnis Elvarssonar og Rósu Svövuðóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum

Framúrstefnulegt

Hin serbneska Roksanda Ilincic er búin að ná athygli í tískuheiminum fyrir framúrstefnulega hönnun og vægast sagt glæsilega kjóla. Hún byrjaði að læra arkitektúr í Belgrad en flutti svo til London og útskrifaðist úr hinum margrómaða Central Saint Martins listaháskóla árið 2000. Tveimur árum seinna stofnaði hún sitt eigið merki og hefur dregið að sér fastakúnna á borð við Björk, Roisin Murphy og Jamelia. Roksanda er þekkt fyrir framúrstefnulega og kvenlega hönnun. Er hún mikið fyrir að hanna flíkur í fallegum efnum og miklar drapperingar eru oftast í fötunum hennar. Innblásturinn segir hún koma frá tískunni á þriðja

áratug síðustu aldar. Nú eru þessir fallegu kjólar fánlegir á Íslandi í búðinni Kronkrona Laugavegi. Kjólarnir hanga uppi í loftinu í miðri búðinni og eru hálfgerðir safngripir, þeir eru svo fallegir.

SUMARLEGUR Fölbleikur kjóll með rauðum rósum á hlýrum.



RAUÐUR Samkvæmiskjóll af bestu gerð.

DJÚPUR LITUR Fallegur fjólblár kjóll úr smíðju Roksöndu sem samlitum rósum á kraganum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

GLÆSILEIKI Fallegur kjóll í svörtu með hvítu múnstri hér og þar í efninu.

HÖNNUÐURINN Roksanda var fyrirseta áður en hún gerðist fatahönnuður.



FLOTT Hér er Christina eins og algjör diva með hvít sólgleraugu og í háum hælum.

Hin nýja Monroe

Söngkonan unga Christina Aguilera hefur verið með mismunandi fatastíl síðan hún steig fram í sviðsljósið fyrir nokkrum árum. Þá kom hún oftast fram í mjög efnislitlum og djörfum fötum. Nú virðist hún þó loksins vera búin að finna sinn stíl enda orðin eldri og vitrari. Sá stíll er kvenlegur og fallegur. Oftast er hún með belti í mittinu og í hnésíðum kjólum eða pílsum. Aguilera hefur verið líkt við kvenfyrirmyndina Marilyn Monroe enda með ljóst hár og oftast nær með hárauðan varalit. Stuttar buxur, háir hælur, flegnir bolir og þröngir kjólar eru hennar aðalsmerki.



KVENLEG Í svörtum Gucci-kjóll sem er með svokölluðu „smokkasniði“ en það er ef kjóllinn er þröngur alveg niður að hnjúm.



GLITRANDI Fallegur kjóll úr glitrandi silfurlit-uðu efni með mjóum hlýrum. Kvenlegur og glæsilegur í senn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

NÝTT Á DVD

FRÁ HÖFUNDUM MATRIX-ÞRÍLEIKSINS
KEMUR EIN BESTA MYND ÁRSINS

NATALIE PORTMAN HUGO WEAVING

V FOR VENDETTA

KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR Á DVD!

SAMMYNDIR

Nýtt í bíó

Hlaug tilnefningu til Golden Trailer verðlaunanna í flokknum besta hringmyndin

Velkomin til Silent Hill

Við áttum von á þér!

Magnaður spennutryllir eftir höfund "Pulp Fiction"

Með frábærunum úrvalleikunum eins og Sean Bean, Deborah Kara Unger og Radha Mitchell

SILENT HILL

16

Fró Frodo Baggins og Sam Gamgee SHREK & MADAGASCAR

OVER THE HEDGE

ÞÚ ERT ALDREI OF UNGUR TIL AD DEYJA!
HÖRKU SPENNUMYND Í ANDA JAMES BOND

ALEX RIDER STORMBREAKER

L

Blóðstrífið er hæfið!

12

MILLA JOVOVICH

ULTRAVIOLET

Milla Jovovich í mögnuðum Sci-Fi spennutrylli!

FRÁ HÖFUNDI BRING IT ON

STICK IT

ADAM SANDLER

CLICK

Ef þú notar farsýningu sem gæst stýrt til þínu?

CHRISTOPHER WALKEN Í GAMANMYND ÁRANS

BENCHWARMERS

Sprengingleg grimmið með Islandsvinnum Rob Schneider og Dave Spigot og John Heder er Napoleon Dynamite!

50.000 MANN

ATH: Stöstu sýningar

VINSÆLISTU BÓK Í HEIMI!

Landbankinn

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

Borgarbíó Sími 462 3500

SILENT HILL kl. 8 og 10.40 B.L. 16 ÁRA

SYND Í LÚXUS kl. 8 og 10.40

ULTRAVIOLET kl. 4.50 og 8 B.L. 12 ÁRA

OVER THE HEDGE ISL. TAL kl. 1, 3 og 5

OVER THE HEDGE ENSKT TAL kl. 1, 3, 5, 7 og 9

SYND Í LÚXUS ENSKT TAL kl. 1, 3 og 5

STICK IT kl. 3, 5.30, 8 og 10.20

CLICK kl. 10.10 B.L. 10 ÁRA

RAUÐHETTA ISL. TAL kl. 3

ISÓLD 2 ISL. TAL kl. 1

SILENT HILL STORMBREAKER kl. 5.20, 8 og 10.40 B.L. 16 ÁRA

THE BENCHWARMERS kl. 3, 6 og 8

CLICK kl. 3, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA

DA VINCI CODE kl. 3, 5.30, 8 og 10.10 B.L. 10 ÁRA

STICK IT kl. 5 og 10 B.L. 14 ÁRA

KL. 3

SILENT HILL STORMBREAKER kl. 5.45, 8 og 10.20 B.L. 16 ÁRA

STICK IT kl. 4, 6, 8 og 10

KL. 4

400 kr. í bíó!
Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

Dolby Digital

THX

BIÓJS - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

ÞÚ ERT ALDREI OF UNGUR TIL AD DEYJA
HÖRKU SPENNUMYND Í ANDA JAMES BOND

ALEX RIDER STORMBREAKER

L

Þú getur ekki náð aftur hverfingunni...
...einn bíti í einu!

OVER THE HEDGE

SYND KL. 2, 4, 6, 8 OG 10

SYND KL. 2, 4 OG 6 ISL. TAL

SVAKA LÉGASTA HROLLVEKJA ÁRSINS

ÞETTA FÓRNARLÖMB
EINN GEDSJUKUR
FJÖLDAMORÐINGI
HVER MUN LIFA
NÓTTINA AF

SEE NO EVIL

ALLS EKKI FYRIR VIKKVEMA

SYND KL. 8 OG 10 B.L. 16

400 KR. Í BÍÓ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR
MERKTAR MEÐ RAUÐU

FAST FURIOUS
TOKYO DRIFT

SYND KL. 8 OG 10 B.L. 12

CLICK

SYND KL. 2 OG 6

Villa Heniette

SYND KL. 4 (500kr Tilboð)

Öll dýrin í skóginum

KVIKMYNDIR

[UMFJÖLLUN]

RJ er tækifærissinnaður og eigin-gjarn þvottabjörn sem kemst í hann krappann eftir að hann klúðrar ráni á matarbirgðum geðstírðs bjarn-dýrs. Góssið skemmist þegar bangsi grípur meistarabjófinn glöðvolgan og RJ er gefin vika til þess að hamstra saman nýjum lager eða gjalda annars með lífi sínu.

RJ getur þetta ekki einn og vélar því hóp af nývöknudum skógardýrum til þess að herja með sér á mann-heima, handan við stóra limgerðið sem skilur nú að villta náttúruna og malbikaðan undraheim mannfólks-ins þar sem nægan mat er að finna.

Dýrin ganga vasklega fram í söfnuninni og koma því illilega við kauninn á mannskepnunum sem bregða á það ráð að leysa þessa millirikjadelu með því að kalla til skæðan meindýraeyði til þess að útrýma innrásarliðinu.

Allir þessir árekstrar; uppgjör bjarndýrs og þvottabjarnar, koma einfarans og ævintýradýrsins inn í einfalt og samheldið samfélag skógardýranna og svo auðvitað átök dýraríkis og mannheima bjóða upp á mikið fjör og spennu þannig að það er ekki dauður punktur í Over The Hedge. Þar fyrir utan er myndin listavel gerð og tölvutæknin gæðir skrautlegar persónurnar lífi sem sækja svo enn meiri kraft til



OVER THE HEDGE

LEIKSTJÓRAR: TIM JOHNSON, KAREY KIRKPATRICK

ADALHLUTVERK: BRUCE WILLIS, NICK NOLTE, GARRY SHANDLING, STEVE CAREL

Niðurstaða: Vönduð og vel gerð teiknimynd þar sem skemmtileg skógardýr halda fjörinu gangandi. Skemmtilegir leikarar hafa sitt að segja og eiga drjúgan þátt í að gera Over the Hedge að fyrirtaks fjölskylduskemmtun.

finna leikara sem margir hverjir fara á kostum. Bruce Willis fer létt með að túlka hinn upplitsdjarfa RJ og rám viskírödd veðruðu fyllibyttunnar Nick Nolte fer birninum grimma ákaflega vel.

Over the Hedge sver sig í ætt við aðrar fyrsta flokks tölvuteiknimyndir. Hún er áferðarfögur, litrík og lifandi. Sagan er einföld og ristir ekki djúpt frekar en fyrri daginn enda kveða við sömu stef og venjulega í myndum af þessu tagi og gildi samvinnu og vináttu eru áreittuð með stöðluðum aðferðum. Fjörð og fíflangurinn yfirgnæfir þetta svo allt saman en hasarinn og skemmtunin er vitaskuld það sem markhópurinn sækist eftir og þar skilar Over the Hedge sínu með sóma.

Þórarinn Þórarinnsson

Sveitt stemning á Nasa

Fullt var út úr dyrum á tónleikum skosku hljómsveitarinnar Belle & Sebastian á Nasa á fimmtudagskvöldið. Emiliana Torrini hitaði upp og var henni vel tekið af áhorfendum. Sérstaka athygli vöktu tvö ný lög söngkonunnar sem voru kraftmeiri en flest sem hún hefur áður gert. Belle & Sebastian steig svo á svið við mikinn fögnuð viðstaddra. Sveitin lék í tæpa tvo klukkutíma og tók mörg af sínum þekktustu lögum en lög af nýju plötunni, The Life Pursuit, voru áberandi. Tónleikarnir voru nokkuð vel heppnaðir í heildina og þeir sem eiga miða á tónleikana á Borgarfirði eystri í kvöld geta átt von á góðu.



FULLT HÚS Aðdáendur Belle & Sebastian og Emilíönu slögust um miða á tónleikana og komust færri að en vildu.



MINNINGAR TIL SÖLU Tónleikagestir gátu keypt sér boli merktá Belle & Sebastian og Emilíönu.



FRÁBÆR POPPSVEIT Þegar Belle & Sebastian tók hressu popplögin sín voru áhorfendur heldur betur vel með á nóttunum.



GLÆSILEG Emiliana var einbeitt á sviðinu. Hún tók meðal annars tvö ný lög sem lögðust vel í gesti.



VEL TEKIÐ Stuart Murdoch fór fyrir Belle & Sebastian á Nasa.

TVÖ - BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

ÓDYRT Í BÍÓ KR. 400

400 kr.

STORMBREAKER

ATH. SYND KL. 2

Fró Frodo Baggins og Sam Gamgee SHREK & MADAGASCAR

400 kr.

OVER THE HEDGE

ATH. SYND KL. 2

400 kr.

hvað ef þú ættir farsýringu...
...sem gæti stýrt

ADAM SANDLER

CLICK

ATH. SYND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400 KR -

Ástarþríhyrningur Umu

Uma Thurman og hótelmógullinn Andre Balazs hafa verið sundur og saman lengi en Uma sást á dögum með leikstjóranum Quentin Tarantino. Orðrómur um ástarþríhyrning fékk byr undir báða bængi þegar Uma og Quentin eyddu góðum tíma saman í New York í eftirpartí eftir nýjustu mynd Umu, My super ex-girlfriend. „Uma sat í fangi Quentin í dágóðan tíma,“ sagði heimildamaður OK!-tímaritsins. Þegar þrumuveður

skall á þaki klúbbsins þar sem partíð var haldið hlupu allir í skjól og Quentin tók sig til og greip í Umu og hélt á henni inn. „Það var mjög sætt,“ sagði heimildamaðurinn. Quentin hefur oft lýst því yfir að Uma sé skáldagdyja hans, en hún lék sem kunnugt er í Pulp Fiction og Kill Bill-myndum leikstjórans fræga.

UMA THURMAN Orðuð við tvo karlmenn um þessar mundir.



SAMBÍÓIN FRÁ WALT DISNEY OG JERRY BRÜCKHEIMER
KEMUR MEGASMELLURARSINS!

JOHNNY DEPP ORLANDO BLOOM KEIRA KNIGHTLEY

PIRATES OF THE CARIBBEAN
DEAD MAN'S CHEST

3 VIKUR Á TOPPNUM Í USA!

OVER THE HEDGE
Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

SUPERMAN
RETVISUN

THE BREAK UP

LAKE HOUSE

| ÁLFABAKKA | KRINGLUNNI | KEFLAVÍK | HÖNUNDEI |
|--|---|---|--|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 2-3-5-6-8-9-10:30-11 B.I. 12 PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 VIP KL. 6-9 OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i> KL. 2-4-6 LEYFD OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i> KL. 8-10:30 LEYFD SUPERMAN RETURNS KL. 2-5-8-11 B.I. 10 SUPERMAN RETURNS VIP KL. 3 THE BREAK UP KL. 8 LEYFD BÍLAR <i>isl. tal</i> KL. 3-5:30 LEYFD | *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 2:15-5:15- 8:15-10-11:15 B.I. 12 DIGITAL POWERSÝNING KL. 11:15 *OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i> KL. 2-4-6 LEYFD *OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i> KL. 6-8-11:15 LEYFD *SUPERMAN RETURNS KL. 3-8:15 B.I. 10 *SÝNDAR Í STAFRENNI ÚTGÁFU, MYND OG HLJÓÐ | PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 2-5-8-11 B.I. 12 OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i> KL. 2-4-6 LEYFD SUPERMAN RETURNS KL. 10 LEYFD OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i> KL. 8 LEYFD AKUREYRI PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 2-5-8-11 B.I. 12 OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i> KL. 2-4 LEYFD BÍLAR <i>isl. tal</i> KL. 5:40 LEYFD OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i> KL. 8 LEYFD SUPERMAN RETURNS KL. 10 B.I. 10 | PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 2:30-4-5:30-7-8:30-10-11:30 B.I. 12 SUPERMAN RETURNS KL. 2:30-5:30-8:30-11:30 B.I. 10 THE BREAK UP KL. 3:45-6-8:15-10:30 LEYFD THE LAKE HOUSE KL. 6-8:15 LEYFD BÍLAR <i>enskt. tal</i> KL. 2:30 LEYFD CARS <i>enskt. tal</i> KL. 10:30 LEYFD |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900 www.sambioin.is HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hin unga leikkona Scarlett Johansson missti af draumahlutverki sínu vegna of hárra launakrafa. Hlutverkið var Maria Von Trapp í uppsetningu á söngleiknum Tónaflóði undir stjórn Andrews Lloyds Webber í West End í Lundúnum. Framleiðendur söngleiksins buðu Scarlett hlutverkið en drógu



tilboðið til baka um leið og þeir sáu kröfur hennar og sögðu þær fáránlegar. Talsmenn leikkonunnar ungu segja hins vegar að kröfurnar hæfi fullkomlega leikkonu af hennar kalíber.

Leikarinn Daniel Radcliffe, sem flestir þekkja sem



hinna unga töframann Harry Potter, mun koma ungum aðdáendum sínum á óvart í leikriti sem hann leikur í sem ber nafnið Equus. Þar leikur Radcliffe ungan geðtruflaðan dreng sem kemst að kynhvöt sinni

til hesta og kemur meðal annars fram nakinn ríðandi á hesti í leikritinu. Leikritið hefur áður verið sett upp og þá með Anthony Hopkins í aðalhlutverki.

Miklar sögusagnir hafa verið uppi þess efnis að stjórnarið Tom Cruise og Katie Holmes muni ganga í það heilaga á næstunni



og sumir segja að það muni verða strax um helgina. Talmenn parsins hafa nú stigið fram og neitað öllum þessum sögusögnum en segja þó að Cruise og Holmes muni halda brúðkaup þegar haustar. Mun það fara fram í einu af húsunum hans Toms Cruise.

ACADEMY AWARD WINNER
JAMIE FOXX **COLIN FARRELL**

MIAMI VICE

FRÁ MICHAEL MANN LEIKSTJÓRA
"COLLATERAL" OG "HEAT"

09.08.06

IP United International Pictures A UNIVERSAL PICTURE

LAUGARÉI **BÍÓ** ÁLFABAKKA **SAMBÍÓIN** SMÁRRA **BÍÓ** Borgarbíó

Bílabúð Benna

Alvöru dótabúð fyrir mótoráhugafólk !!

MÓTORHJÓL **LOFTSIUR**

Verslaðu fyrir 5000 kr. eða meira og fáðu frímiða á **MIAMI VICE**

MÓTORHJÓLAVÖRUR **POWER ACOUSTIK**

FJÓRHJÓL **AUKAHLUTIR** **HLJÓMTEKI & DVD SPILARAR**

HÁGÆDA DEKK **TOYO TIRES**

BÍLABÚÐ BENNA FORSÝNING

MIAMI VICE

Ei verslað er fyrir kr. 5000 eða meira, fylgja tveir miðar í kaupbæti á sérstaka forýningu Bílabúðar Benna á Miami Vice þriðjudaginn 8. ágúst



Sigmundur með forystu

Sigmundur Einar Músson úr GK er með örugga forystu eftir annan keppnisdag þegar í Íslandsmeistarabætti í hólukleppni. Hann lék annan hringinn á 75 höggum og hefur sex høgga forystu á Tryggva Traustason. Í dag verður bein útsending frá móttinu á Sýn sem líkur á morgun.

sport
sport@frettabladid.is

DANSKI MIÐJUMAFURINN DENNIS SIIM: ER Á LEIÐinni TIL ÍSLANDSMEISTARA FH Á NÝJAN LEIK

Ég skulda FH að sanna mig á Íslandi

Dennis Siim hélt til viðræðna við FH í gær eftir að Íslandsmeistararnir höfðu samband við danska liðið Randers um að kaupa Siim til liðsins á nýjan leik. Siim er samningsbundinn Randers til 2008 og sagði við Fréttablaðið í gær að hann vonaðist eftir því að fá jafn langan samning hjá FH, ef ekki lengri.

„Ég var mjög hrifinn af því að spila hér. FH er mjög gott félag og mér leið vel hérna,“ sagði Siim í gær en hann var þá nýlentur á Íslandi og var ekki þar sáttur við kuldann hér en um 30 gráður voru í Kaupmannahöfn í gær. „Ég hefði kannski átt að klæða mig í eitthvað meira en stuttermabolinn,“ gantaðist Siim, sem þótti ekki leika jafn vel í fyrri og hann á að geta.

„Ég var mikið meiddur og tognaði

fjórnum sinnum á vinstri fæti, það eyðilagði fyrir mér enda var ég alls ekki í góðu formi. Ég vona að ef við náum samningum náði ég að sýna mitt rétta andlit í þetta skiptið, ég skulda FH það,“ sagði Siim, sem gekk í raðir Randers sem sló FH út úr Evrópukeppni félagsliða í vikunni.

„Við unnum 1. deildina í Danmörku og komumst upp í efstu deild þar sem tímabilið er nýbyrjað. Stutta eftir að ég kom til Danmerkur frá Íslandi lenti ég í nokkuð erfiðum meiðslum og eftir þau þurfti ég að fara í aðgerð. Ég er þó búinn að ná mér

en ég var ekki alveg nógu sáttur með það hversu fá tækifæri ég fékk hjá liðinu, ég vildi vera stærri hluti af Randers en ég var,“ sagði Siim.

„FH hafði samband við Randers og ég held að forráðamenn liðanna hafi hist núna í vikunni. Ég heyrði af því að Davíð Þór meiddist illa og það var mjög leiðinlegt og því vantaði þá kannski miðjumann. Ég vona að ég fái að spila aftur fyrir FH og ég vona að ég fái samning sem er jafn langur og samningurinn minn hjá Randers, til 2008 ef ekki lengur. Ég hlakka mikið til,“ sagði Dennis Siim.



> Evrópuáráttur í dag

Í dag verður dregið í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í handbolta en meðal liða í hattinum verða Íslandsmeistarar Fram. Safamýrarliðið er í 24. sæti í styrkleikaröðinni og hefur leik í riðlakeppninni sem hefst 30. október. Fram er í þriðja styrkleikaflokki en dregið verður í höfuðstöðvum Ciudad Real sem varð Evrópu-meistari í fyrri.

Sannkallaður draumadráttur væri líklega að fá Evrópumeistarana sjálfa með Ólaf Stefánsson í broddi fylkingar, Gummersbach úr öðrum styrkleikaflokki og Dag Sigurðsson og félag hans úr Bregenz í fjórða styrkleikaflokki.



ÚRSLIT GÆRDAGSINS

VISA-bíkar kvenna:

| | |
|--|-----|
| KR-VALUR | 0-3 |
| 0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (65), 0-2 Margrét Lára (81), 0-3 Dóra María Lárusdóttir (90) | |
| HK/VÍKINGUR-FJÖLNIR | 0-2 |
| BREIÐABLIK-KEFLAVÍK | 2-0 |
| STJARNAN-ÍR | 4-0 |



VALSSIGUR Valur reyndist sterkara liðið í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

VISA-bíkar kvenna:

Öruggt hjá Val gegn KR

FÓTBOLTI Valsstúlkur unnu öruggan sigur á KR, 0-3, í stórleik átta liða úrslita VISA-bíkar kvenna.

Lokatölur leiksins segja þó ekki alla söguna um þróun hans því jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik og bæði lið gátu tekið forystu.

Valsstúlkur voru ákveðnari í seinni hálfleik og Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði gott mark um hann miðjan. KR-stúlkur misstu Aliciu Wilson af velli á 77 mínútu þegar hún fékk sitt seinni gula spjald og Valsstúlkur gengu á lagið. Síðasta stundarfjórðung leiksins spiluðu þær vel og tryggðu góðan sigur. - shá



CARRICK Þótti leika mjög vel með Tottenham á síðasta tímabili. NORDICPHOTOS/AFP

Manchester United:

Festir kaup á Michael Carrick

FÓTBOLTI Leit Manchester United að miðjumanni virðist loksins hafa borið árangur en Michael Carrick er á leiðinni til félagsins. Sir Alex Ferguson hefur lengi leitað að arftaka Roy Keane á miðju United en kaupverðið á Carrick er um átján milljónir punda.

Tottenham keypti Didier Zokora fyrir í sumar og því verður áfallið við að missa þennan snjalla enska landsliðsmann ekki jafn mikið, en Carrick verður fimmti dýrasti leikmaður United frá upphafi á eftir Rio Ferdinand, Juan Sebastian Veron, Wayne Rooney og Ruud van Nistelrooy. - hph

Ætlast til þess að þetta gangi

Íslenska karlalandsliðið í körfubolta stendur í ströngu þessa dagana en það býr sig nú undir Evrópukeppnina. Sigurður Ingimundarson, þjálfari liðsins, segir kröfuna vera að komast upp úr B-deildinni, ekkert annað komi til greina.

KÖRFUBOLTI Landsliðið hefur verið að æfa saman í allt sumar en tekið sér frí þess á milli í eina til tvær vikur. „Við höfum æft þrjár vikur samfleytt núna og þannig verður það næstu tvo mánuðina. Æfingarnar hafa gengið mjög vel,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari liðsins, við Fréttablaðið.

Ekki hafa allir getað æft með liðinu í allt sumar og þrír leikmenn verða ekki með á Norðurlandamóttinu sem hefst 1. ágúst og stendur yfir í fimm daga. Jón Arnór Stefánsson, Brenton Birmingham og Fannar Ólafsson verða ekki með á móttinu vegna þreytu og meiðsla en koma inn strax eftir það.

„Ég vil meina að þetta sé eitt sterkasta lið sem við höfum haft og við ætlumst til að ná árangri núna, það er ekkert öðrúvísi. Við erum með mikið af ungmönnum sem eru að banka á landsliðsdyrnar þrátt fyrir að þeir séu kannski ekki í hópnum núna,“ sagði Sigurður, sem fylgdist að sjálfsgöngu við með yngri landsliðum Íslands sem hafa verið í eldflunninu síðustu vikur.

„U18 ára liðið féll um deild sem var svekkjandi en þeir voru að spila við gríðarlega erfiðar þjóðir. Þeir unnu þó Frakka sem var algjörlega frábært hjá þeim en U20 ára liðið var upp og ofan. Þeir voru allt í lagi og átta nokkra góða



FYLGST MEÐ Sigurður og Friðrik fylgjast með á æfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



TEKIÐ Á ÞVI Páll Axel Vilbergsson er umkringdur af þremur andstæðingum sínum á æfingu landsliðsins á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

leiki,“ sagði Sigurður en bæði lið áttu erfitt uppráttur á Evrópumótunum sem þau hafa nú lokið keppni á. Sigurður er mjög ánægður með hópinn sem hann er með í höndunum.

„Þetta er mjög þéttur hópur. Það má segja að undirstaðan sé leikmenn sem eru á aldrinum 24-25 en hafa samt sem áður yfir mikilli reynslu á að skipa. Þessir strákar eiga að vera tilbúin að axla þá ábyrgð að stíga skrefið áfram,“ sagði Sigurður, sem er með markmiðin á hreinu.

„Markmiðið er klárlega að komast upp en þó svo að þetta heiti B-deild er þetta langt frá því að vera slakur hópur liða. Þarna eru átján lið þar sem aðeins tvö komast upp og þeir eru virkilega góð. A-deildin er svo rjóminn þar sem 24 bestu lið Evrópu eru, til dæmis Júgóslavía og Ítalía. Fyrirkomulagið er mjög strembið en það gerir þetta mjög spennandi og skemmtilegt um leið. Verkefnið er krefjandi en þetta er keyrt á nokkrum

dögum þar sem mikið er um ferðalög og liðin verða að vera undirbúin og í góðu líkamlegu formi. Þá skiptir einbeitingin miklu máli,“ sagði Sigurður.

„Ég er bjartsýnn á að þetta taktist hjá okkur. Ég ætlast til þess að þetta gangi upp. Allur hópurinn er einbeittur að þessu verkefni og gerir sér grein fyrir mikilvægi þessa leikja,“ sagði þjálfarinn, sem hefur fengið körfuboltamógúlinn Friðrik Inga Rúnarsson með sér í lið.

„Við Friðrik þekkjumst vel og höfum verið lengi í þessu saman, yfirleitt á móti hvor öðrum. Það er gott að fá hann inn í þetta. Að sumu leyti eru skoðanir okkar ekkert ólíkar en að öðru leyti erum við ólíkir og það sem hann kemur með inn í þetta verður áhugavert fyrir okkur sem og leikmennina. Hann kemur með ráðgjöf og aðstoð fyrir okkur,“ sagði Sigurður Ingimundarson, bjartsýnn þjálfari íslenska landsliðsins, að lokum.

hjalti@frettabladid.is

Aðeins rúmar tvær vikur eru í stórleik Íslands og Spánar sem fer fram 15. ágúst:

Laugardalsvöllur verður tilbúinn

FÓTBOLTI „Öll sætin eru komin til landsins en þakið verður ekki komið fyrir leikinn, við vissum það alltaf. Við byrjum að setja sætin á eftir helgina og þau verða öll tilbúin fyrir leikinn gegn Spánverjum. Þakið verður svo tilbúið fyrir Danaleikinn,“ sagði Eggert Magnússon, formaður KSÍ, við Fréttablaðið í gær.

Framkvæmdir á Laugardalsvelli eru í fullum gangi og verkamenn vinna hörðum höndum að því að gera allt klárt fyrir vígsluleikvangnum. Sæti fyrir 10.500 manns munu komast fyrir á leikvangnum og meðal annars verða settar nýjar sætaraðir fyrir neðan stúkuna sem ná alveg niður að hlaupabrautina.

„Við erum með flott sæti, vandadri en þau sem voru á. Annars vil



STÚKAN Í BYGGINGU Verkmenn fylgjast með leik Val og Bröndy á fimmtudaginn en aðeins eru rúmar tvær vikur í leikinn gegn Spánverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ég sem minnst gefa upp um þau en stúkan er á áætlan eins og við gerðum ráð fyrir í vor þegar við vorum að skipuleggja leikina,“ sagði Eggert, en auk þess sem stúkan mun rúma fleiri verður nýtt og glæsilegt húsnæði fyrir KSÍ í viðbyggingunni.

Miðar á leikinn gegn Spánverjum fara í sölu fljótleiga og býst Eggert við miklum áhuga. „Við getum selt mun meira en 10 þúsund miða fyrir leikinn gegn Spánverjum. Við þurfum ekki að selja bara í stúkana þar sem um vintuleik er að ræða og því kemst fólk fyrir í stæðunum líka. Við bætum ekki aðsóknarmetið en það væri frábært að fá 12-15 þúsund manns. Spánverjar voru með flott lið á HM og ég býst við rifandi stemningu á vellinum,“ sagði Eggert Magnússon. - hph



VAN NISTELROOY Var ánægður maður í gær eftir lækni skoðunina hjá Real Madrid.

Van Nistelrooy kominn til Real:

Ég gæti ekki verið ánægðari

FÓTBOLTI Sögunni endalausar um Ruud van Nistelrooy er loksins lokið en hollenski framherjinn skrifaði undir þriggja ára samning við Real Madrid í gær eftir að hafa staðist lækni skoðun. Talið er að Real borgi Manchester United um 11 milljónir punda fyrir þennan mikla markahrók, sem óskaði eftir því að vera seldur frá félaginu.

„Ég gæti ekki verið ánægðari með að vera kominn til Real Madrid, þetta er eitt stærsta félag í heimi og ég hlakka til að skora mörk fyrir það. Ef Real Madrid vill fá þig þá geturðu ekki sagt nei,“ sagði van Nistelrooy, sem skilur eftir sig stórt skarð í sóknarlínu United.

„Ruud var einn af fyrstu valkostunum okkar sem ég vildi kaupa þegar ég kom til félagsins. Hann hefur sannað hversu góður hann er og ég er mjög ánægður að hafa klófest hann,“ sagði Fabio Capello, stjóri Real Madrid, í gær. - hph

Meistaradeildin:

Dregið í þriðju umferð í gær

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH fengu engan óskadrátt þegar dregið var í þriðju umferð Meistaradeildarinnar í gær. FH á eftir að spila síðari leikinn gegn sterku liði Legia Varsjá og eftir 1-0 tap á heimavelli í vikunni er borin von að liðið komist áfram. Það lið sem vinnur viðureignina mætir Shakhtar Donetsk frá Úkraínu.

Liverpool fékk skelfileg tíðindi en liðið mætir Maccabi Haifa. Líklegt er að sá leikur verði færður vegna stríðsástands í Ísrael um þessar mundir. Arsenal mætir Ekranas frá Litháenem. Fyrri leikirnir fara fram 8. og 9. ágúst og þeir síðari 22. og 23. sama mánaðar. - hph

DRÁTTURINN Í HEILD SINNI

| |
|---|
| Tiraspol/Spantak Moskva - Liberec Shakhtar Donetsk - FH /Legia Varsjá |
| FC Zurich/SV Red Bull Salzburg - Valencia |
| Levski Sofia/Sioni Bolnisi - Chievo |
| Hearts/Siroki Brijeg - AEK Athens |
| CSKA Moskva - Djurgården IF/Ruzomberok |
| AC Milan - Cork/Crvena Zvezda |
| Galatasaray - Mlada Boleslav/Vålerenga |
| Standard Liege - Gorica/Steaua Búkarrest |
| Austria Magna - Benfica |
| FK Ekranas/Dinamo Zagreb - Arsenal |
| FC København/MyPa - Ajax |
| Hamburg - Osasuna |
| Metalurks/Dynamo Kiev - Fenerbahce/B36 |
| Liverpool - Maccabi Haifa |
| Lille - Debrecen/Rabotnicki Kometa |

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

M12 ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 FÁ SÝN Á 2.465 KR.
OG1 ÁSKRIFENDUR HJÁ OG VODAFONE FÁ SÝN Á 1.990 KR.



MEISTARADEILD EVRÓPU

- STERKASTA DEILDIN

STÆRSTU VIÐBURÐIRNIR

Box
NFL
NBA
Ice Fitness
Póker
Supercross
Kraftasport

Íslensku nördarnir (hefst 31. ágúst)
Undankeppni EM 2008
Landsbankadeildin
Íslenska landsliðið
Enska landsliðið
Enski bikarinn
Enski deildarbikarinn
Enski samfélagsskjöldurinn
Evrópukeppni félagsliða
Enska 1. deildin
Copa America 2007
US PGA
US Open
The Masters
PGA Championship
The Presidents Cup
World Golf Championship
KB banka mótariðin
Íslandsmótið í golfi, ofl.

SYN
besta sætið

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„That kiss belongs in a box, so I can show my grandkids one day.“

Svar: Imogen úr kvikmyndinni Down to You frá árinu 2000.

dagskrá



Í TÆKINU: GWYNETH PALTROW Í THE ROYAL TENENBAUMS Í SJÓNVARPINU KL. 00.35

Tekur fjölskylduna fram yfir Hollywood

Gwyneth Kate Paltrow er fædd í Los Angeles árið 1972. Faðir hennar er frægur kvikmyndaleikstjóri, Bruce Paltrow, og móðir hennar er leikkonan Blythe Danner. Í æsku sótti Gwyneth kynjaskiptan einkaskóla í New York og hélt síðan í listasögu í Háskóla Kaliforníu. Þar entist hún ekki lengi heldur ákvað að einbeita sér að leiklistarferli sínum.

Fyrsta kvikmynd Gwyneth var Shout árið 1991. Hún lék í hinni vinsælu Se7en árið 1995 þar sem hún kynntist og byrjaði með leikaranum Brad Pitt. Árið 1998 lék hún í Shakespeare in Love en fyrir frammistöðu sína hlaut hún Óskarsverðlaunin sem besta leikkonan. Síðan þá hefur Gwyneth leikið í mörgum myndum, meðal annars Proof árið 2005 og The Royal Tenenbaums árið 2001.



Samband Gwyneth við Brad Pitt er löngu orðið frægt en þau voru saman í rúm þrjú ár. Hún hefur einnig verið með Ben Affleck og Robert Sean Leonard. Árið 2003 giftist Gwyneth Coldplay-söngvaranum Chris Martin en þau eiga nú saman tvö börn.

Fyrri barn þeirra Gwyneth og Chris Martin var stúlka og gáfu foreldrarir barninu hið undarlega nafn Epli, eða Apple upp á engilsaxnesku. Eftir að frumburðurinn fæddist hefur Paltrow smám saman dregið sig út úr sviðsljósinu. Hún hefur margoft hafnað bitastæðum hlutverkum til að geta eytt meiri tíma með fjölskyldunni sinni. Paltrow er þó ekki alveg búin að gefa Hollywood upp á bátinn, hún leyfir sér einfaldlega að taka fjölskylduna fram yfir.

Þrjár bestu myndir Gwyneth:

The Royal Tenenbaums - 2001 The Talented Mr. Ripley - 1999 Shakespeare In Love - 1998

▶ 22.30
Spenna
DONNIE BRASCO

▶ 21.05
Gaman
GARFIELD: THE MOVIE

▶ 21.00
Drama
GHOST WHISPERER

▶ 21.30
Keppni
THE CONTENDER

▶ 10.10
Feminismi
ÓÞEKKT

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Alda og Bára 8.06 Bú! 8.17 Lubbi læknir 8.30 Bitte nú! 8.55 Sigga liggja lá (21:52) 9.08 Sögum okkar (4:13) 9.16 Matta fóstur og ímynduðu vinir hennar (6:26) 9.38 Gló magnaða 10.02 Spæjarar (30:52) 10.25 Latibær 10.50 Kastljós 11.20 Formúlukvöld 11.50 Formúla 1

13.05 Hlé 15.30 Íþróttakvöld 15.45 Íslandsmótið í hestaíþróttum 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Hope og Faith (59:73) 18.25 Búskorir (2:6)

18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Kvöldstund með Jools Holland (3:6) (Lar with Jools Holland)
20.40 Söngvasafnarinn (Songcatcher) Tónlistarfræðingur heimsækir systur sína í Appalachiafjöllum og kemst að því að fjallabúar hafa viðhaldið gamalli skoskri og írskri þjóðlagahéð. Meðal leikenda eru Janet McTeer, Michael Davis, Michael Goodwin, Greg Russell Cook, Jane Adams, Emmy Rossum og Aidan Quinn.
▶ 22.30 Donnie Brasco (Donnie Brasco) Bandarísk biómynd frá 1997. Meðal leikenda eru Al Pacino, Johnny Depp, Michael Madsen og Anne Heche. Bönnuð innan 16 ára.

0.35 Tenenbaum-fjölskyldan 2.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

7.00 Engie Benjy 7.10 Barney 7.35 Töfravagninn 8.00 Kærleiksbimimír (30:60) (e) 8.10 Gordon the Garden Gnome 8.40 Animaníacs 9.00 Leðurblökumaðurinn 9.20 Kalli kanína og félagar 9.30 Kalli kanína og félagar 9.35 Kalli kanína og félagar 9.45 Titeuf 10.10 Peter Pan

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Bold and the Beautiful 12.50 Bold and the Beautiful 13.10 Bold and the Beautiful 13.30 Bold and the Beautiful 13.50 Bold and the Beautiful 14.15 Idol – Stjómuleit 15.10 Idol – Stjómuleit 15.35 Monk 16.20 The Apprentice 17.10 Órlogadagurinn

17.45 Martha
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Íþróttir og veður
19.05 Lottó
19.10 My Hero (Hetjan mín)
19.40 Oliver Beene (14:14)
20.05 Það var lagið (e)
▶ 21.05 Garfield: The Movie (Grettir: Biómyndin) Loksins kom að því að gerð yrði leikin biómynd um óforskammaða asta og uppátækjasamasta teiknimyndakött sem um getur. Þ
22.30 Unbreakable (Ódrepanði) Magnaður tryllir um öryggisvörð sem klárlega er undir verndarvæg æðri máttarvalda. Aðalhlutverk: Bruce Willis, Samuel L. Jackson, Robin Wright. Leikstjóri: M. Night Shyamalan. Str. b. börnum.

0.15 Shoot to Kill (e) (Stranglega bönnuð börnum) 2.05 Five Days to Midnight (1:2) 3.35 Five Days to Midnight (2:2) 5.10 Oliver Beene (14:14) (e) 5.35 Fréttir Stöðvar 2 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TiVi

SIRKUS TV

18.30 Fréttir NFS
19.00 Seinfeld (3:22) (The Puffy Shirt)
19.30 Seinfeld (4:22) (The Sniffing Accountant)
20.00 Fashion Television (e)
20.30 Sirkus RVK (e)
▶ 21.00 Ghost Whisperer (2:22) (e) Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu.
21.45 Falcon Beach (8:27) (e)
22.30 Invasion (17:22) (e) (Key) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heitarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst. Eftir storminn hefst röð undarlegra atvika sem lögreglustjóri staðarins ákveður að kanna nánar. Kemur þá ýmislegt dularfullt í ljós sem engar rökréttar skýringar virðast á. Magnaðir þættir í anda X-files.

23.15 X-Files (e) 0.00 The Virgin Suicides (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

12.15 Bak við tjöldin: Pirates of the Caribbean 12.45 Dr. Phil (e) 15.00 Point Pleasant (e) 15.50 One Tree Hill (e) 16.45 Rock Star: Supernova (e)

19.00 Beverly Hills 90210
19.45 Melrose Place
20.30 All About the Andersons Anthony leitar ráða hjá foreldrum sínum varðandi son sinn, Tuga.
21.00 Run of the House Þegar mamma og pabbi flytja um stundarsakir til Arizona af heilsufarsástæðum er Brooke Franklin skilin eftir hjá systkinum sínum. Run of the House eru stórskemmtilegir þættir um óvenjulega fjölskyldu.
▶ 21.30 The Contender
22.55 The Contender – NYTT! (e) Leitin að næstu hnefaleikaleikastjörnu er hafin! Sextán hnefaleikakappar hafa verið valdir til að taka þátt í samkeppni um hver er efnilegastur.

0.45 Sleeper Cell (e) 1.35 Law & Order: Criminal Intent (e) 2.20 Beverly Hills 90210 (e) 3.05 Melrose Place (e) 3.50 Tvöfaldur Jay Leno (e) 5.20 Dagskrárlok

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 10 Ways 14.00 THS Women Of Sex and the City 16.00 E! Entertainment Special 17.00 Child Star Confidential 17.30 10 Ways 18.00 E! News Weekend 19.00 THS Trust Fund Babies 21.00 Sexiest Celebrity Blondes 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 50 Most Shocking Celebrity Confessions 2.00 Wild On Tara

NFS

10.00 Fréttir
▶ 10.10 Óþekkt

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Skaftahlíð 13.00 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes 13.10 Óþekkt 14.00 Fréttir 14.10 Fréttavikan 15.10 Skaftahlíð 15.45 Hádegisviðtalið 16.00 Fréttir 16.10 Víkuskammturinn 17.10 Óþekkt 18.00 Veðurfréttir og íþróttir

18.30 Kvöldfréttir
19.10 Fréttavikan
20.10 Kompás (e) Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mærgjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir viðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS: Sigmundur Ernr Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
21.00 Skaftahlíð Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
21.35 Víkuskammturinn Samantekt með áhugaverðasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.
22.30 Kvöldfréttir

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin

AKSJÓN

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

MORRISSEY

Í LAUGARDALSHÖLL 12. ÁGÚST 2006

Miðasala stendur yfir í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og á midi.is



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Unbreakable

Stöð 2 kl. 22.30

Dularfullur öryggisvörður

Unbreakable eða Ódrepani er magnaður tryllir um öryggisvörð sem er klárlega undir verndarvæg æðri máttarvalda. David Dunn komst einn lífs af úr hræðilegu lestarslysi skammt frá Filadelfíu. 131 fórst í slysinu og var björgun Dunns því algert kraftaverk. Sú staðreynd að hann fékk ekki einu sinni marblett er mönnum hulin ráðgáta. Hér býr eitthvað dularfullt að baki sem verður að rannsaka nánar. Aðalhlutverk leika Bruce Willis, Samuel L. Jackson, Robin Wright og Spencer Treat Clark. M. Night Shyamalan leikstýrir.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 6 | 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 1 |
| 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 1 | 8 | 2 | 9 |
| 2 | 1 | 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 3 | | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | | |
| | | 5 | 4 | | | | | |
| 2 | | | | 5 | | | | 4 |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 9 | | | | 4 | | | | 2 |
| | | | | | 3 | 2 | | |
| | | | | 2 | | | | 7 |
| | | | 6 | | 1 | | 3 | 8 |

15.00
Golf
ÍSLANDSMÓTIÐ Í GOLFI 2006

9.05 HM 2006 11.35 4 4 2

12.35 Essó mótið 2006 13.05 PGA golfmótið – fréttabáttur 14.00 Íslandsmótið í golfi 2006 ▶ 15.00 Íslandsmótið í golfi 2006

- 19.00 **Kóngur um stund (3:16)** Hestamenn eru þekktir fyrir að vera skemmtilegt og lífsglatt fólk og hér fáum við að kynnst mörgum þeirra, landsþekktum sem lítt þekktum. En um hvað snýst hestamennska eiginlega og hvers vegna stunda hana yfir tuttugu þúsund manns? Umsjónarmaður er Brynja Þorgeirsdóttir og hún fjallar um allar hliðar hestamennskunnar í þætti sínum.
- 19.30 **Box – Asturo Gatti v. Carlos B** Upptaka frá hnefaleikabardaga Arturo Gattis og Carlos Baldomirs í Atlantic City.
- 21.00 **Íslandsmótið í golfi 2006** Upptaka frá þriðja degi á Íslandsmótinu í golfi.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 8.05 Músík að morgni dags 9.03 Á ferðaslóðum: Suðurland 10.05 Veðurfréttir 10.15 Á Ólafsvöku 11.00 Víkulokin 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfréttir 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Teygjan 14.40 Sjö dagar sælir 15.30 Með laugardagskaffinu 16.10 Sakamálaeinkritið 17.20 Lokkandi ljóð og lítil lína 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Besti tíminn 19.00 Kringum kvöldið 19.30 Stefnumót 20.15 Íhygli og at-hafnaþrá 21.05 Djassgallerí New York 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Uppá teningnum 23.10 Danslög

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.08 Geymt en ekki gleymt 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ 22.10 Næturvörðurinn 2.03 Næturtonar

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gulli Helga 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Ragnar Már 18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ívar Halldórsson


AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN FM 99,4 ÚTVARP SAGA FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ið / Enginn viðjódur

Fræðsluauðglýsing

Bændur bera ekki ábyrgð á háu matarverði á Íslandi

Minni verðmunur er á íslenskum landbúnaðarafurðum en öðrum matvælum miðað við meðalverð þeirra í fimmtán löndum Evrópusambandsins



Vísitalan 100 sýnir meðalvöruverð í löndum Evrópusambandsins. Vísitalan fyrir brauð og kornvörur er 167 hér á landi. Brauð er því 67% dýrara hér á landi en í löndum Evrópusambandsins. Athygli vekur að samkvæmt könnuninni eru mjólkurvörur hlutfallslega ódýrari hérlendis en gosdrykkir og safar, miðað við verð í löndum ESB.



Í sulumálinu hér að ofan er stuðst við ítarlega verðkönnun í löndum Evrópusambandsins sem Eurostat, hagstofa ESB, gerir á þriggja ára fresti. Niðurstöður næstu könnunar liggja fyrir á næsta ári.



HRÓSIÐ

... fær Elísabet Alba Valdímarsdóttir vinnþjónn sem nýverið tók þátt í einni erfðustu vinnþjóna-keppni heims.

Gular og glaðar í heimsendingum

Undanfarnar vikur hafa gulir bílar vakið talsverða athygli á götum Reykjavíkurborgar. Hér er um að ræða bíla frá Foodtaxi.is sem sendast með mat til fólks eftir pöntunum. Sendlar fyrir-tækisins hafa ekki síður vakið



BÍLAFLOTINN Gulu bílarnir eru tilbúnir að fara hvert á land sem er.

athygli fyrir gula búningana og glaðlegt viðmót.

Samkvæmt Helga Gunnars-syni, öðrum eiganda fyrirtækis-ins, gengur þjónustan út á að senda mat heim til fólks sem það pantar á netinu eða í gegnum síma. „FoodTaxi.is er með mjög breiðan og vandaðan matseðil, allt frá ferskum salötum yfir í dýrindis steikur. Heimsendingar-þjónustan er frí og við leggjum áherslu á að vera með 100% hráefni, frábæran mat, hreint og fagað útlit og góða þjónustu en fljótlega verður hægt að panta mat beint á netinu.“ Sérstakt tölvuforrit var hannað fyrir fyrirtækið til að flýta fyrir og auðvelda pöntunarferlið. „Þegar

pantað verður af netinu birtast pantanirnar á risaskjám í eldhúsi veitingastaðarins og fólk fær matinn í hús aldrei síðar en 45 mínútum eftir pöntun.“

Hyggst fyrirtækið opna fleiri útibú í Reykjavík og Hafnarfirði til að þjóna viðskiptavinum sínum betur, segir Helgi. Ennfremur er verið að skoða samstarf við aðila í Evrópu með opnun á Foodtaxi.is.

„Hugmyndin að baki Foodtaxi.is er alíslensk en bílarnir og búningarnir hafa vakið mikla eftirtekt hérlendis.“

- brb

GULAR OG GLAÐAR Stelpurnar á Foodtaxi hafa vakið mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT 2 óskar 6 hljóm 8 fugl 9 farfa 11 skóli 12 undireins 14 bölvá 16 tveir eins 17 efni 18 knæpa 20 tveir eins 21 blóðormur.

LÓÐRÉTT 1 íþrótt 3 gangþófi 4 klapp 5 tækifæri 7 miðbær 10 mál 13 upphaf 15 bæta við 16 kúgun 19 málmur.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 pólo, 3 íl, 4 lofatak, 5 lag, 7 miðborg, 10 tal, 13 rót, 15 aukka, 16 ok, 19 ál, 12 óðara, 14 bjóta, 16 oo, 17 tau, 18 krá, 20 ká, 21 ígla.

LÁRÉTT: 2 vill, 6 óm, 8 lóa, 9 lít, 11 fí, 12 óðara, 14 bjóta, 16 oo, 17 tau, 18 krá, 20 ká, 21 ígla.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Margrét Lára Viðarsdóttir
- 2 Norskt
- 3 Á Skriðuklaustri

allt matur
Alla föstudaga

HRANNAR HAFSTEINSSON: UNDIRBÝR TÓNLEIKA Á MIKLATÚNI

Aðaltæknistjóri Hróarskeldu með Sigur Rós

Hrannar Hafsteinsson og félagar hjá hljóðkerfisleigunni Exton hafa unnið baki brotnu síðustu daga við að koma upp heljarinnar sviði á Klambatúni. Sviðið verður notað undir tónleika hljómsveitarinnar Sigur Rósar og strengjasveitarinnar Amiinu sem fram fara annað kvöld. Hrannar er enginn nýgræðingur í bransanum en hann hefur verið aðaltæknistjóri Hróarskelduhátíðarinnar síðustu ár.

„Við höfum verið að síðan á fimmtudag,“ sagði Hrannar þegar Fréttablaðið leit við á Miklatúni í gær en hann gat varla gefið sér tíma frá annasömum störfum enda að mörgu að huga þegar svo stórir tónleikar eru annars vegar. Festa þarf upp ljós, skrúfa saman ljósa-stangir, hengja upp hátalara, gera sviðspakið klárt, grafa niður snúrur, ákveða hvar myndavélar eiga að standa og svo framvegis. Hrannar gat því ekki gefið sér tíma til að tala við Fréttablaðið.

Á Miklatúni vann stór hópur



YS OG ÞYS Það var í nógu að snúast hjá starfsmönnum Exton við að undirbúa tónleikana þegar Fréttablaðið bar að garði.



HRANNAR HAFSTEINSSON Er tæknistjóri appelsínugula tjaldsins á Hróarskeldu. Hann vinnur nú við að setja saman svið og hljóðkerfi fyrir tónleika Sigur Rósar á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

manna eins og vel skipulagðir maurar undir stjórn Hrannars. Enda ekki nema von – Hrannar veit hvað hann syngur. Hefur unnið við tónleika- og uppákomuhald í ein tólf ár. Samt er hann aðeins 27 ára.

Að sögn Hrannars hefur hann einnig unnið sem tæknistjóri á appelsínugula sviðinu, sem er stærsta tónleikatjald Hróarskelduhátíðarinnar. Hrannar hefur því marga fjórana sopið í þessum bransa. Hann hefur líka hitt margar af helstu tónlistarstjörnum heims, þar á meðal Red Hot Chili Peppers og Rammstein. „Rammstein er skemmtilegri á sviði,“ segir Hrannar, sem kom einnig að skipulagningu lokaþess Eurovision þegar Danir héldu hana í

Parken. Góð vinátta hefur tekist með Hrannari og Lars Nissen, eiganda Seelite-fyrirtækisins, sem sérhæfir sig í búnaði tengdum tónleikahaldi, og er eitt stærsta sinnar tegundar á Norðurlöndunum. „Þetta hefur verið töluvert flakk,“ segir Hrannar, sem bjó í Danmörku um skeið og flakkaði á milli landa vegna tónleikahalds.

Búast má við að þúsundir manna muni leggja leið sína á tónleika Sigur Rósar á morgun. Sveitin mun leika á risasviði, 13x14 metrar á stærð og níu metra upp í loft. Tveir 48 tonna kranar munu halda uppi hátalarastæðunni sem vegur tvö tonn. Tónleikar Sigur Rósar hefjast korter í nú.

kristjan@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónleikar Belle & Sebastian og Emíli-önu Torrini tókust með eindæmum vel á fimmtudagskvöldinu og skapaðist ansi skemmtileg stemning á Nasa enda ekki á hverjum degi sem jafn skemmtilegir listamenn halda saman tónleika. Borgarfulltrúinn **Dagur B. Eggertsson** lét sitt ekki eftir liggja og gaf sér smá tíma frá



stjórnarandstöðuhlutverkinu til að hlýða á ljúfsára en fjóruga tóna. **Skúli Helgason**, framkvæmdastjóri

Samfylkingarinnar, var ekki langt undan og systir Skúla, fjölmiðlakonan **Helga Vala Helgadóttir**, naut þess að vera á tónleikum í borginni enda stutt þangað til að hún flytur til Bolungarvíkur



þar sem eiginmaður hennar, **Grímur Atlason**, sest í bæjarstjórastólinn. Leikstjórinn **Silja Hauksdóttir** lét sig ekki mætt ásamt sinni, **Birnu Björnsdóttur** rithöfundu og nema í New York. Þá var **Gísli Marteinn Baldursson** í góðu stuði auk þess sem útvarpsfólkið



Haukur Ingvarsson, umsjónarmaður Víðsjár, og **Heiða Eiríksdóttir** af Rás 2 voru að sjálfsögðu á svæðinu.

Brynja Björk Garðarsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarráttgjafi Séd & heyrir í stað **Lofts Atla Eiríkssonar** sem farinn er í leyfi samkvæmt hinni vinsælu bloggsgíðu Orðið. Yfirritstjóri Fróða, Mikael Torfason, hefur því greinilega óbilandi trú á Brynju en hún starfaði undir hans stjórn á DV auk þess sem hún var lengi blaðamaður á Hér & nú. Brynja hefur verið mjög áberandi í íslenskum fjölmiðlum eftir að hún birtist á umdeildri forsiðu tímaritsins Sirkus fyrir rúmu ári síðan en stúlkán stjórnaði meðal annars sjónvarpsþættinum Party 101 á Sirkus.



- fgg

Hittu Hebba á Klaustri

Ferðalag hjólagarpanna þriggja, þeirra Gísla Hvanndals Ólafssonar, Guðjóns Heiðars Valgarðssonar og Dagbjarts Ingvarssonar, sem hjóla nú hringinn í kringum landið til að kynna starfsemi Spes samtakanna, gengur vel. Strákarnir eru nú staddir á Austurlandi en eru á norðurleið. Gísli hefur átt í vandræðum með hjólið sitt, margoft hefur sprungið á því og hefur hann þurft að bíða eftir varahlutum. Markmið ferðarinnar er eins og áður segir að kynna starfsemi Spes-samtakanna sem byggja og reka þorp fyrir munaðarlaus börn í Afríku. Strákarnir hafa vakið athygli á samtökunum með því að halda tónleika á þeim stöðum sem þeir hafa komið við á og spiluðu þeir á Kárahnjúkum í gær. Með í



MEÐ GOÐINU Gísli og félagar hittu sjálfan Herbert Guðmundsson á Systrakaffi á Kirkjubæjarklaustri.

för er söfnunarbaukur og er fólk hvatt til þess að gefa fé í baukinn í stað þess að greiða þeim fyrir spíla-mennskuna.

„Við höfum aðallega verið að

spíla fyrir útlendinga því við höfum mikið verið að spíla á hótélunum,“ segir Gísli Hvanndal. Óvæntur glaðningur var svo þegar félagarnir hittu söngvarann Herbert Guðmundsson á Kirkjubæjarklaustri. Vel fór á með þeim þó Herbert hafi ekki fengið til að taka lagið með drengjunum.

Ferðalagið hefur annars gengið ágætlega en félagarnir áætla að enda ferðina í Reykjavík um verslunarmannahelgina. Einhver þirringur hefur þó gert vart við sig og játar Gísli að andlega hliðin sé stundum erfið. „Ég er friðarstillirinn í hópnum. Þetta eru ekki auðveldustu mennirnir að eiga við, sérstaklega ekki á morgnana þegar þarf að koma þeim á lappir.“

- snæ



Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLPURRKAÐUR SALTÞISKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

FULL TASKA AF VINUM



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR

FAXE

BESTI FERÐAFÉLAGINN



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Tvær þjóðir

Á morgun segir sá lati er gamalt máltæki í íslensku. Fjöldmörg önnur íslensk máltæki gefa skýrt til kynna að atorka, dugnaður og fljót afgreiðsla erfiðra og stórra framkvæmda og úrlausnarefna sé Íslendingum að skapi. Margir verkamenn hafa fengið orð í eyra frá verkstjórum sínum í gegnum tíðina fyrir að gera ekki hluti strax og ekkert fer jafnmikið í taugarnar á foreldrum og þegar börn þeirra nenna ekki að gera eitthvað, eins og að taka til í herberginu sínu eða fara út með ruslið.

SVO langt hefur hinn rótgróni dugnaður meirihluti þjóðarinnar gengið að jafnvel þegar rólyndismenn hafa talið óhætt að slaka á, til dæmis vegna óveðurs, þá hafa hinir manísku dugnaðarfólk alltaf fundið eitthvað annað fyrir fólk að gera innandyra. Ekki þykir tilhlýðilegt að slá slöku við. Menn geta sofið í grófinni.

MEÐAL annars af þessum sökum er ég fullur tortryggni út í allt tal um að nú eigi að slá mörgum framkvæmdum hér á landi á frest. Hörkutólin munu alltaf finna sér eitthvað annað að gera þó svo vegarspotti fyrir vestan bíði nokkra mánuði eða tónlistarhús rísi fimm mánuðum síðar en áætlað var. Ég sé ekki að kaffipásur muni lengjast eða frídögum fjölga á Kanarí.

KANNSKI munu iðnaðarmenn til dæmis snúa sér að því að sinna fólkinu sem hefur verið á biðlistum eftir þeim um nokkurra missera skeið, henda upp skólplögnum og dytta að þakrennum. Í þessu öllu er ærinn starfi. Á meðan geta peningamenn sem hafa samþykkt að fjármagna stórar framkvæmdir, sem nú er frestað smá, látið fjármunina velta aðeins lengur inni á feitum banka-reikningum og margfaldað auð sinn enn frekar.

FRESTUN framkvæmda er því líklega tapað spil. Eina von stjórnvalda um að slá á þenslu felst í því að reyna enn frekar að halda hinum sauðsvarta almúga niðri, til dæmis með því að minnka möguleika hans á því að fá lán til að kaupa fasteignir. Þegar hafa verið stigin skref í þessa átt með því að bankarnir hafa minnkað lánshlutfallið. Og viðbrögðin hafa verið samkvæmt bókinni: Dregið hefur úr hækkun á fasteignaverði.

EN þetta er líklega tapað spil líka. Þeir sem eiga nóga peninga og þurfa ekki lán geta núna bráðum farið að valsa um þjóðfélagið til þess að kaupa eignir á spottprís. Múgurinn er tímabundið úr leik vegna efnahagsaðgerða. Það eru góðar fréttir fyrir auðmenn.

KANNSKI ættum við að stíga skrefið alla leið. Auðmenn eru hvort sem er stikkfrí. Ef eina leiðin til að slá á þenslu er að almennir borgarar séu látnir fresta því að kaupa sér hús, er rökrétt næsta skref að neyða þá til að fresta ýmsu öðru, eins og til dæmis að kaupa í matinn, fara í klippingu eða keyra bíl. Þá yrðu endanlega tvær þjóðir í landinu: Önnur síðhærð í slæmum húsum, fótgangandi. Hin á Hummer. Báðar iðuðu í skinninu, eins og Íslendinga er síður, að fara að gera eitthvað. Önnur mætti það ekki. En hin mætti.

ÚTSÖLUNNI lýkur á morgun

© Inter IKEA Systems B.V. 2006



Rýmum fyrir nýjum vörum. Yfir 1000 vörur á útsölu.

